



Count on it.

Form No. 3453-982 Rev B

Notendahandbók

Groundsmaster® 4500-D eða 4700-D snúningssláttuvél

Tegundarnúmer 30885—Raðnúmer 410500000 og upp úr

Tegundarnúmer 30887—Raðnúmer 410500000 og upp úr



Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisyfirlýsingarskjali vörunnar.

Notkun vinnuvélarinnar á skógivaxið, runnavaxið eða grasvaxið landsvæði telst brjóta í bága við almenningssauðlindalöggjöf Kaliforníu, hluta 4442 eða 4443, nema vinnuvélin sé búin neistavara, samkvæmt skilgreiningu í hluta 4442, henni sé haldið í góðu vinnuástandi eða hún hefur verið byggð, útbúin og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir eldsvoða.

Meðfylgjandi notendahandbók sláttuvélarinnar er ætluð til að veita upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda sláttuvélarinnar.

⚠ VIÐVÖRUN

KALIFORNÍA Viðvörðun, tillaga 65

Kaliforníufylki er kunnugt um að útblástur frá dísilvélum og sumir hlutar þeirra geta valdið krabbameini, fæðingargöllum og öðrum æxlunarskaða.

Rafgeymaskaut og tengihlutir innihalda blý og blýsambönd, efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og æxlunarskaða. Þvoðið hendur eftir meðhöndlun.

Notkun á þessari vöru getur valdið snertingu við efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Inngangur


Þessi sláttuvél, með stýri og sæti fyrir ökumann, er ætluð fyrir fagfólk og verktaka til atvinnunota. Hún er sérstaklega hönnuð fyrir slátt á vel viðhöldnum grasflötum í almenningsgörðum, á íþróttavöllum og atvinnusvæði. Notkun þessarar vöru við annað en tilætlaða notkun getur skapað hættu fyrir stjórnanda og nærstadda.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Á www.Toro.com er að finna kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skrifðu númerin í kassann hér á síðunni.

Mikilvægt: Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnumersmerkingunni (ef hann er til staðar) með fartæki.



Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnumera

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (**Mynd 2**), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



Mynd 2

1. Öryggistákn.

Þessi handbók notar tvö orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ táknar mikilvægar, almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Efnisyfirlit

Öryggi	4	Ábendingar um notkun	53
Almennt öryggi	4	Eftir notkun	53
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar	5	Almennt öryggi	53
Uppsetning	13	Notkun dragreipis við geymslu sláttubúnaðar	53
1 Merkingar settar á (eingöngu CE-vottaðar sláttuvélar)	14	Notkun flutningsfestinga	55
2 Vélarhlífarklinku komið fyrir	14	Vinnuvélin flutt	55
3 Keflisskafan stillt	15	Vinnuvélinni ýtt eða hún dregin	55
4 Tættingshlíf sett á	15	Staðsetning bindiauga	56
5 Sláttuvélin undirbúin	16	Viðhald	57
Yfirlit yfir vöru	17	Öryggi við viðhaldsvinnu	57
Stjórnæki	17	Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir	58
Tæknilýsing	20	Gátlisti fyrir daglegt viðhald	60
Tæknilýsing sláttuvélar	21	Undirbúningur fyrir viðhald	61
Tæknilýsing sláttubúnaðar	21	Vinnuvélinni lyft	61
Tengitæki/aukabúnaður	21	Vélarhlífin opnuð	61
Fyrir notkun	22	Vökvalyftihólfíð opnað	62
Öryggi fyrir notkun	22	Smurning	62
Staða smurolíu könnuð	22	Smurning á legum og fóðringum	62
Skoðun kælikerfis	22	Viðhald vélar	64
Skoðun vökvakerfis	22	Vélaröryggi	64
Tappað af vatnsskilju	22	Unnið við loftsíu	64
Athugun á afturöxli og gírkassa vegna leka	22	Smurolíuvinna	65
Áfylling á eldsneytisgeyminn	23	Viðhaldi sinnt á dísiloxunarhvata og sótsíu	66
Þrýstingur hjólbarða kannaður	24	Viðhald eldsneytiskerfis	67
Hersla á felguróm hjólsins athuguð	24	Eldsneytisgeymirinn tæmdur	67
Veltigrind stillt	25	Skoðun eldsneytisleiðsla og tenginga	67
Stilling sláttuhæðar	26	Viðhald eldsneytis-vatnsskilju	67
Athugun á samlæsingarrofum	26	Viðhald eldneytissíu	68
Athugun á stöðvunartíma hnífs	27	Hreinsun síu eldsneytissogrörs	68
Hnífur valinn	27	Forgjöf á eldsneytiskerfið	69
Aukabúnaður valinn	28	Viðhald rafkerfis	70
Notkun LCD-upplýsingaskjásins	29	Öryggi rafkerfis	70
Notkun valmynda	31	Athugun á ástandi rafgeymis	70
Protected Menus (varðar valmyndir)	32	Hlaða og tengja rafgeyminn	70
Meðan á notkun stendur	34	Staðsetning öryggja	71
Öryggi við notkun	34	Viðhald drifkerfis	72
Að skilja notkunareiginleika sláttuvélar- innar	35	Athugun á endaslagi í stjórnugír	72
Notkun vinnuvélarinnar	35	Athugun á smurefni stjórnugírs	72
Notkun á rofa fyrir hátt og lágt hraðasvið	36	Skipt um olíu á stjórnugírnum	73
Notkun inngjafarfótstigs	36	Athugun á afturöxli og gírkassa vegna leka	74
Stilling hámarksaksturshraða (fótstigsstopp- ara)	37	Athugun á smurefni afturöxuls	74
Notkun hemlafótstiga	37	Skipt um smurefni á afturöxli	75
Notkun hraðastillis	38	Athugun á smurefni í gírkassa afturöxuls	75
Hröðunarstillingin útskýrð	39	Athugun á innskeifni afturhjóla	75
Snúningsstillingin útskýrð	39	Viðhald kælikerfis	76
Mótvægi útskýrt	39	Öryggi tengt kælikerfi	76
Toro Smart Power™ útskýrt	39	Tæknilýsing kælivökva	76
Vélin gangsett	39	Skoðun kælikerfis	77
Drepið á vélinni	40	Hreinsun kælikerfis	77
Grassláttur með sláttuvélinni	40	Viðhald hemla	78
Hreinsun sótsíu	40	Aksturshemlar stilltir	78
Notkun kæliviftu vélarinnar	52	Viðhald reimar	79
		Viðhald riðstraumsrafalsreimar	79
		Viðhald vökvakerfis	79
		Öryggi tengt vökvakerfi	79

Öryggi

Almennt öryggi

Þessi vara getur valdið hættu á aflimun og skotið hlutum frá sér. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið vandlega efni þessara *notandahandbókar* áður en vélin er gangsett.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða til meiðsla eða eignatjóns.
- Ekki nota sláttuvélina án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á sláttuvélinni og í nothæfu ástandi.
- Haldið höndum og fótum fjarri hlutum sem snúast. Haldið öruggri fjarlægð frá losunaropinum.
- Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins. Aldrei skal leyfa börnum að vinna á sláttuvélinni.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið að viðhaldi og viðgerðum, hún þrífir eða sett í geymslu.


Röng notkun eða viðhald þessarar vinnuvélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slyshættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ▲, sem merkir „Aðgát“, „Viðvörðun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hættu á meiðslum á fólki eða dauða.

Viðhald glussa	79
Glussalagnir og slöngur skoðaðar.....	82
Viðhald sláttubúnaðar	82
Sláttubúnaður fjarlægður	82
Uppsetning sláttubúnaðar.....	83
Viðhald framkeflis	83
Viðhald hnífa	84
Öryggi hnífa	84
Viðhald hnífsflatar	84
Hnífur/hnífar sláttubúnaðar fjarlægðir og settir á	85
Skoðun og brýning á hníf/hnífum sláttubúnaðar	85
Geymsla	87
Öryggi við geymslu	87
Undirbúningur sláttuvélar fyrir geymslu	87
Sláttubúnaður undirbúinn	87

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar




Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



93-7818

decal93-7818

- Viðvörðun – lesið *notandahandbókina*; þar er að finna leiðbeiningar um herslu bolta/róar á hníf í 115-149 N·m.



107-1972

decal107-1972


- Hætta á fljúgandi hlutum – notið hefðbundinn hníf þegar tætingshlíf er sett á; notið ekki hnífa með hárrí lyftu þegar lokplatan er sett á.



98-4387

decal98-4387


- Viðvörðun – notið heyrnarhlífar.



106-6754

decal106-6754

- Viðvörðun – snertið ekki heitan flötinn.
- Hætta á skurði/aflimun, vífta; hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.



112-5297

decal112-5297


- Viðvörðun – lesið *notandahandbókina*; ekki vinna á sláttuvélinni án tilhlýðilegrar þjálfunar.
- Viðvörðun – lesið *notandahandbókina* áður en sláttuvélin er dregin.
- Hætta á því að sláttuvélin sporðreisist – akið hægt í beygjum; ekki beygja á miklum hraða; lækkið sláttubúnaðinn þegar ekið er niður brekkur; notið veltivarnarbúnað og spennid sætisbeltið.
- Viðvörðun – ekki leggja sláttuvélina í brekku; setjið á stöðuhemilinn, lækkið sláttubúnaðinn, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr áður en sláttuvélin er yfirgefin.
- Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð.
- Hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggjið að hlífar séu á sínum stað.



106-6755

decal106-6755


- Kælivökvi vélar undir þrýstingi.
- Sprengihætta – lesið *notandahandbókina*.
- Viðvörðun – snertið ekki heitan flötinn.
- Viðvörðun – lesið *notandahandbókina*.



117-4763

1. Til að setja stöðuhemilinn á skal festa hemlafótstigin með láspinna, þrýsta á fótstig stöðuhemilsins og stíga á framanvert fótstigið.
2. Losið láspinnann og sleppið fótstigunum til að taka af stöðuhemilinn.


decal117-4763



117-4766

decal117-4766


1. Hætta á skurði/aflimun við viftu – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu, tryggjið að allar hlífar séu á sínum stað.



117-4764

decal117-4764


1. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð.
2. Hætta á skurði á höndum, sláttuvélarhnífur – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu, hafið hlífar á sínum stað.
3. Hætta á skurði á fótum, sláttuvélarhnífur – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu, hafið hlífar á sínum stað.



120-8947

decal120-8947


1. Viðvörðun – lesið *notandahandbókina*.
2. Veltivörn er ekki til staðar þegar veltigrindin er niðri.
3. Veltivörn er til staðar þegar veltigrindin er uppi.
4. Spennið sætisbeltið ef veltigrindin er uppi.
5. Ekki spenna sætisbeltið ef veltigrindin er niðri.
6. Akið hægt í beygjum.



117-4765

decal117-4765


1. Lesið *notandahandbókina*.
2. Notið ekki ræsihjálp.



121-3884

decal121-3884


1. Drepa á vél
2. Forhita vél
3. Gangsetja vél



121-3887

decal121-3887

1. Lesið notandahandbókina.




decal127-3700

127-3700

Aðeins fyrir Groundsmaster 4700

1. Lyftið upp sláttubúnaðinum vinstra megin.
2. Lyftið upp sláttubúnaðinum fyrir miðju.
3. Lyftið upp sláttubúnaðinum hægra megin.
4. Stillið hraðastillinn.
5. Aftengið hraðastillinn.



decal136-2931

136-2931

Aðeins fyrir Groundsmaster 4500


1. Hækkið pallinn.
2. Stillið hraðastillinn.
3. Aftengið hraðastillinn.



Tákna á rafgeymi

Sum eða öll þessara tákna eru á rafgeyminum.

- | | |
|---|--|
| 1. Sprengihætta | 6. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá rafgeyminum. |
| 2. Eldur, óvarinn logi eða reykingar bannaðar | 7. Notið hlífðargleraugu; sprengifimar lofttegundir geta valdið blindu eða öðrum meiðslum. |
| 3. Hætta á brunasárum vegna ætandi vökva/efna | 8. Rafgeymissýra getur valdið blindu eða alvarlegum brunasárum. |
| 4. Notið hlífðargleraugu. | 9. Skolið augu tafarlaust með vatni og leitið læknishjálpar svo fljótt sem auðið er. |
| 5. Lesið <i>notandahandbókina</i> . | 10. Inniheldur blý; fargið ekki |




136-3185

- | | |
|------------------------------|---|
| 1. Aðalljós slökkt | 5. Lágt |
| 2. Aðalljós kveikt | 6. Lækkið sláttubúnaðinn vinstra megin. |
| 3. Hátt/lágt – sjálfskipting | 7. Lækkið sláttubúnaðinn fyrir miðju. |
| 4. Akstursstjórtæki | 8. Lækkið sláttubúnaðinn hægra megin. |


WARNING: Cancer and Reproductive Harm - www.P65Warnings.ca.gov.
For more information, please visit www.tccoCProp65.com
CALIFORNIA SPARK ARRESTER WARNING
Operation of this equipment may create sparks that can start fires around dry vegetation. A spark arrester may be required. The operator should contact local fire agencies for laws or regulations relating to fire prevention requirements.

133-8062




136-3711

- | | |
|---|---|
| 1. Athugið á 8 klukkustunda fresti. | 14. Strekking viftureimar |
| 2. Lesið <i>notendahandbókina</i> til að fá upplýsingar um smurningu. | 15. Loftsía vélar |
| 3. Loftþrýstingur í hjólbörðum | 16. Glussi |
| 4. Kælivökvastaða | 17. Glussastaða |
| 5. Smurólía | 18. Lesið <i>notendahandbókina</i> . |
| 6. Olíuhæð | 19. Forskrift glussa |
| 7. Eldsneytis-/vatnsskilja | 20. Afkastageta |
| 8. Rafhlaða | 21. Tími á milli glussaskipta (klukkustundir) |
| 9. Díseildsneyti | 22. Tími á milli síuskipta (klukkustundir) |
| 10. Stjórnugír | 23. Öndunarbúnaður vökvakerfis |
| 11. Hemlavirkni | 24. Öryggisloftsía |
| 12. Vatnaskassaskermur | 25. Kælivökvi |
| 13. Afturöxull | |



145-5257


- | | |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. TEC – 7,5 A | 6. Rafdrifíð sæti – 10 A |
| 2. Aflgjafi – 10 A | 7. Vél – 10 A |
| 3. Upplýsingaskjár – 2 A | 8. TEC – 2 A |
| 4. Aukaaflgjafi – 10 A | 9. Fjarvirknibúnaður – 10 A |
| 5. Vinnuljós – 10 A | 10. Stýrishús – 60 A |



decal121-3627

121-3627

1. Stilling sláttuhæðar




127-6447

decal127-6447

Ath.: Sláttuvélin uppfyllir staðlaða stöðugleikapröfun, bæði til hliðanna og á langveginn, við hámarkshalla sem gefin er upp á merkingunni. Lesið leiðbeiningarnar fyrir notkun sláttuvélarinnar í brekkum í *notendahandbókinni* sem og upplýsingar um skilyrðin sem hægt er að nota sláttuvélina við til að ákvarða hvort hægt er að nota hana við viðkomandi skilyrði á viðkomandi degi og á viðkomandi vinnusvæði. Breytingar á undirlagi geta leitt til breytinga á notkun sláttuvélarinnar í halla.

- | | | | |
|--|---|--|--|
| <p>1. Viðvörðun – lesið <i>notendahandbókina</i>; notendur sláttuvélarinnar þurfa að fá þjálfun í notkun hennar.</p> | <p>3. Hætta á því að sláttuvélin sporðreisist – ekki aka í meira en 16° halla.</p> | <p>5. Viðvörðun – ekki leggja í brekku; setjið á stöðuhemilinn, lækkið sláttubúnaðinn, dregið á vélinni og takið lykilinn úr áður en sláttuvélin er yfirgefin.</p> | <p>7. Hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggjið að hlífar séu á sínum stað.</p> |
| <p>2. Viðvörðun – lesið <i>notendahandbókina</i> til að fá upplýsingar um drátt.</p> | <p>4. Haldið sláttubúnaðinum niðri þegar ekið er niður brekkur; notið alltaf sætisbelti þegar sláttuvélin er notuð.</p> | <p>6. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð.</p> | |



decal127-6448

127-6448

Ath.: Sláttuvélin uppfyllir staðlaða stöðugleikaprófun, bæði til hliðanna og á langveginn, við hámarkshalla sem gefin er upp á merkingunni. Lesið leiðbeiningarnar fyrir notkun sláttuvélarinnar í brekkum í *notendahandbókinni* sem og upplýsingar um skilyrðin sem hægt er að nota sláttuvélina við til að ákvarða hvort hægt er að nota hana við viðkomandi skilyrði á viðkomandi degi og á viðkomandi vinnusvæði. Breytingar á undirlagi geta leitt til breytinga á notkun sláttuvélarinnar í halla.

- | | | | |
|--|---|--|--|
| <p>1. Viðvörðun – lesið <i>notendahandbókina</i>; notendur sláttuvélarinnar þurfa að fá þjálfun í notkun hennar.</p> | <p>3. Hætta á því að sláttuvélin sporðreisist – ekki aka í meira en 21° halla.</p> | <p>5. Viðvörðun – ekki leggja í brekku; setjið á stöðuhemilinn, lækkið sláttubúnaðinn, dregið á vélinni og takið lykilinn úr áður en sláttuvélin er yfirgefin.</p> | <p>7. Hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggjið að hlífar séu á sínum stað.</p> |
| <p>2. Viðvörðun – lesið <i>notendahandbókina</i> til að fá upplýsingar um drátt.</p> | <p>4. Haldið sláttubúnaðinum niðri þegar ekið er niður brekkur; notið alltaf sætisbelti þegar sláttuvélin er notuð.</p> | <p>6. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð.</p> | |

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Viðvörðunarkerking CE-merking Merking með framleiðsluári	1 1 1	Skiptið um merkingar (eingöngu CE-vottaðar sláttuvélar).
2	Festing vélarhlífarklinku Hnoð Skinna Skrúfa (¼ x 2 to.) Lásró (¼ to.)	1 2 1 1 1	Komið fyrir vélarhlífarklinkunni (eingöngu CE-vottaðar sláttuvélar).
3	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stillið keflissköfuna (valfrjálst).
4	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Setjið á tætingshlífina (valfrjálst).
5	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Undirbúið sláttuvélina.

Margmiðlun og aukahlutir

Lýsing	Magn	Notkun
Notendahandbók	1	Yfirfarið áður en sláttuvélin er tekin í notkun.
Notendahandbók vélar	1	Frekari upplýsingar um viðhald er að finna í notendahandbókinni.
Samræmisyfirlýsing	1	
Svissar	2	Gangsetjið vélina.

Ath.: Miðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

1


Merkingar settar á (eingöngu CE-vottaðar sláttuvélar)

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Viðvörðunarkerking
1	CE-merking
1	Merking með framleiðsluári

Verklag

Á sláttuvélum sem þurfa að uppfylla skilyrði CE-vottunar skal skipta út viðvörðunarkerkingu (127-6647 [fyrir tegund 30885] eða 127-6648 [fyrir tegund 30887]), CE-merkingu og merkingu með framleiðsluári ([Mynd 3](#)).



Mynd 3

g279018

- | | |
|-----------------------|-------------------------------|
| 1. Viðvörðunarkerking | 3. Merking með framleiðsluári |
| 2. CE-merking | |

2


Vélarhlífarklinku komið fyrir Eingöngu CE-vottaðar sláttuvélar

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Festing vélarhlífarklinku
2	Hnoð
1	Skinna
1	Skrúfa (¼ x 2 to.)
1	Lásró (¼ to.)

Verklag

1. Losið vélarhlífarklinkuna frá festingu hennar.
2. Fjarlægið bæði hnoðin sem festa festingu vélarhlífarklinkunnar við vélarhlífina ([Mynd 4](#)).




Mynd 4

g012628

1. Festing vélarhlífarklinku
2. Hnoð
3. Fjarlægið festingu vélarhlífarklinkunnar af vélarhlífinni.
4. Þegar festigötin eru stillt af skal staðsetja CE-vottaða lásfestingu og festingu vélarhlífarklinkunnar á vélarhlífinni ([Mynd 5](#)).


Ath.: Lásfestingin verður að snúa að vélarhlífinni. Ekki fjarlægja boltann og róna úr lásfestingarminum.



Mynd 5

1. CE-vottuð lásfesting
2. Bolti og ró

g012629




Mynd 7

1. Bolti
2. Ró
3. Armur á festingu vélarhlífarklinku

G012631

g012631

5. Komið skinnunum fyrir á innanverðum götum vélarhlífarinnar.
6. Hnoðið festingarnar og skinnurnar við vélarhlífina ([Mynd 5](#)).
7. Krækið klinkuna á festingu vélarhlífarinnar ([Mynd 6](#)).



Mynd 6

1. Vélarhlífarloka

g012630

8. Setjið boltann á hinn arminn á festingu vélarhlífarinnar til að festa klinkuna í stöðu ([Mynd 7](#)). Herðið boltann en ekki róna.

3

Keflisskafan stillt


Valfrjálst

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Valfrjáls afturkeflisskapa virkar best þegar það er jafnt bil frá 0,5 til 1 mm á milli sköfunnar og keflisins.

1. Losið smurkoppinn og festiskrúfuna ([Mynd 8](#)).



Mynd 8

1. Keflisskafa
2. Festiskrúfa
3. Smurkoppur

G011346
g011346

2. Rennið sköfunni upp eða niður þar til 0,5 til 1 mm bili er náð á milli stangarinnar og sköfunnar.
3. Herðið smurkoppinn og skrúfuna í 41 N·m til skiptis.

4

Tætingshlíf sett á


Valfrjálst

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá rétta tætingshlíf.

1. Hreinsið vandlega óhreinindi úr festigötunum á aftari og vinstri hlið hólfsins.
2. Komið tætingshlífinni fyrir að aftan og festið hana með 5 kragaboltum ([Mynd 9](#)).



Mynd 9

1. Tætingshlíf

2. Kragabolti

3. Gangið úr skugga um að tætingshlífin sé ekki fyrir hnífssendanum og standi ekki út á innra yfirborði á aftari hlið hólfsins.

⚠ HÆTTA

Ef hnífur með hárrí lyftu er notaður með tætingshlíf getur hnífurinn brotnað og valdið alvarlegum meiðslum eða dauða.

Ekki nota hníf með hárrí lyftu með plötunni.

5

Sláttuvélin undirbúin

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu.
2. Fyrir Groundsmaster 4500- og 4700-sláttuvélar skal losa kapla nr. 4 og 5 á sláttubúnaðinum ([Mynd 70](#)).
3. Fyrir Groundsmaster 4700-sláttuvélar skal losa klinkur nr. 6 og 7 á sláttubúnaðinum ([Mynd 73](#)).
4. Lækkið sláttubúnaðinn.
5. Setjið stöðuhemilinn á.
6. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
7. Athuga þrýsting í hjólbörðum fyrir notkun; sjá [Þrýstingur hjólbarda kannaður \(síða 24\)](#).


Mikilvægt: Viðhaldið þrýstingi í öllum hjólbörðum til að tryggja skilvirkan slátt og góð afköst vélarinnar. **Forðist að hafa of lítið loft í hjólbörðunum.**

8. Athugið smurólufstöðu á afturöxlinum áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti; sjá [Athugun á smurefni afturöxuls \(síða 74\)](#).
9. Kannið stöðu smurólunnar áður en vélin er gangsett, sjá [Staða smurólú könnuð \(síða 65\)](#).
10. Kannið stöðu glussans áður en vélin er gangsett, sjá [Glussahæð könnuð \(síða 80\)](#).
11. Athugið kælikerfið áður en vélin er gangsett, sjá [Skoðun kælikerfis \(síða 77\)](#).
12. Smyrjið sláttuvélina fyrir notkun; sjá [Smurning á legum og fóðringum \(síða 62\)](#).

Mikilvægt: Ef sláttuvélin er ekki smurð á réttan hátt leiðir það til þess að mikilvægir hlutar hennar bila fyrir en eðlilegt má teljast.

Yfirlit yfir vöru

Stjórnæki



Mynd 10

1. Hemlafótstig
2. Láskrækja fótstigs
3. Stöðuhemilsfótstig
4. Inngjafarfótstig
5. Fótstig til að stjórna stýrishalla

Inngjafarfótstig

Inngjafarfótstigið ([Mynd 10](#)) stjórnar því hvort ekið er áfram eða aftur á bak. Stígið efst á fótstigið til að fara áfram og neðst til að fara aftur á bak. Þegar sláttubúnaðurinn er í efstu stöðu stjórnar fótstigið vélinni og aksturshraðanum eins og í bifreið.

Ath.: Við neyðarhæmlun skal taka fótinn af inngjafarfótstiginu og stíga á hemlafótstigin. Þetta er fljótlegasta leiðin til að stöðva sláttuvélina.

Hemlafótstig

Tvö fótstig stjórna sitthvorum hjólahemlinum fyrir beygjur, til að leggja sláttuvélinni og hjálpa til við akstur í hliðarhalla. Krækja tengir saman fótstigin þegar stöðuhemill er notaður og við flutning ([Mynd 10](#)).

Láskrækja fótstigs

Láskrækja fótstigs tengir saman fótstigin til að setja stöðuhemilinn á ([Mynd 10](#)).

Fótstig til að stjórna stýrishalla


Til að halla stýrinu að sér skal þrýsta fótstiginu niður, toga stýriturninn að sér þar til þægilegri stöðu er náð og sleppa fótstiginu ([Mynd 10](#)). Til að færa stýrið lengra frá sér skal stíga á fótstigið og sleppa því þegar stýrið er komið í þægilega vinnustöðu.

Stöðuhemilsfótstig

Til að setja stöðuhemilinn á ([Mynd 10](#)) skal tengja saman fótstigin með láskrækju fótstigsins og ýta hægra hemlafótstiginu niður að framanverðu. Til að taka stöðuhemilinn af skal stíga á annað hemlafótstigið þar til krækja fótstigsins dregst inn.

Sviss

Á svissinum ([Mynd 11](#)) eru þrjár stöður: SLÖKKT, KVEIKT/FORHITUN og GANGSETJA.



Mynd 11

1. Lyftirofar (eingingu Groundsmaster 4700 sláttuvél)
2. Lyftirofi (Groundsmaster 4500 og 4700 sláttuvélar)
3. Aflúttaksrofi
4. Sviss
5. Upplýsingaskjár
6. Rofi fyrir hátt og lágt hraðasvið
7. Ljósarofi

Aflúttaksrofi

Á aflúttaksrofanum eru tvær stöður: ÚT (VIRKT) og INN (ÓVIRKT). Togið aflúttaksrofann út til að virkja hnífa sláttubúnaðarins. Ýtið aflúttaksrofanum inn til að gera hnífa sláttubúnaðarins óvirka ([Mynd 11](#)).

Rofi fyrir hátt og lágt hraðasvið

Þessi rofi ([Mynd 11](#)) stjórnar báðum hraðasviðum sláttuvélarinnar; háu og lágu.

Veljið stöðuna H/L SJÁLFSKIPTING til að sláttuvélin geti valið sjálfkrafa háan eða lágan hraða.

Veljið stöðuna LÁGT til að eingingu hnekkja handvirkt lágum hraða.

Hægt er að breyta stöðu rofans hvenær sem er, en sláttuvélin skiptir aðeins á milli hraðasviða þegar inngjafarfótstigið er í hlutlausum gír og sláttuvélin í kyrrstöðu.


Ath.: Til að komast á háan hraða í stöðunni H/L SJÁLFSKIPTING skal slökka á aflúttakinu og lyfta sláttubúnaðinum alveg upp.

Ath.: Ef rofinn er í stöðunni H/L SJÁLFSKIPTING er ekki hægt að lækka pallinn úr fullreistri stöðu nema inngjafarfótstigið sé í hlutlausum gír og sláttuvélin kyrrstæð.

Rofi hraðastillis


Rofi hraðastillis læsir hraðastillingunni til að halda æskilegum aksturshraða (Mynd 12). Ef ýtt er á afturhluta rofans slokknar á hraðastillingunni, miðjustaða rofans virkjar hraðastillinn og framhluti rofans stillir æskilegan aksturshraða.

Hægt er að breyta hraðanum með upplýsingaskjánum þegar hraðastillirinn er stilltur (Mynd 32).



Mynd 12

1. Innstunga
2. Rofi hraðastillis



Mynd 13

1. Innstunga
2. Pokahaldari


Pokahaldari

Notið pokahaldarinn sem geymslu (Mynd 13).

Sætisstillingar

Stillistöng sætis

Færið stillistöngina sem er öðru megin við sætið út á við, rennið sætinu í þægilega stöðu og sleppið stönginni til að læsa sætinu í stöðu (Mynd 14).



Mynd 14

1. Þyngdarmælir
2. Stillistöng þyngdar
3. Stillistöng sætis
4. Stillistöng sætisbaks
5. Stillihnúði fyrir sætisarm

Lyftirofar

Lyftirofarnir hækka og lækka sláttubúnaðinn (Mynd 11). Ýtið rofunum fram til að lækka sláttubúnaðinn og aftur til að hækka hann. Þegar vélin er gangsett með sláttubúnaðinn niðri skal ýta vinstri rofanum niður til að láta sláttubúnaðinum fljóta við slátt.

Ath.: Sláttubúnaðurinn lækkar ekki á háa hraðasviðinu og hann hvorki hækkar né lækkar ef stjórnandi sláttuvélarinnar er ekki í sætinu sínu. Einnig lækkar sláttubúnaðurinn ef lykkillinn er í KVEIKTRI stöðu og stjórnandi sláttuvélarinnar er í sætinu sínu.

Ljósarofi

Ýtið ljósarofanum upp til að stilla ljósin á KVEIKTA stöðu (Mynd 11).

Ýtið ljósarofanum niður til að stilla ljósin á SLÖKKA stöðu.

Innstunga

Notið innstunguna (Mynd 13) fyrir 12 V rafknúinn aukabúnað.

Stillihnúði fyrir sætisarm

Snúið hnúðnum til að stilla stöðu sætisarmsins ([Mynd 14](#)).

Stillistöng sætisbaks

Hreyfið stöngina til að stilla stöðu sætisbaksins ([Mynd 14](#)).

Þyngdarmælir

Þyngdarmælirinn sýnir hvenær sætið er stillt á þyngd stjórnandans ([Mynd 14](#)). Stillið hæðina með því að staðsetja fjöðrunina innan græna svæðisins.

Stillistöng þyngdar

Notið þessa stöng til að stilla sætið á þyngd stjórnandans ([Mynd 14](#)). Togið stöngina upp til að auka loftþrýstinginn og ýtið henni niður til að minnka loftþrýstinginn. Réttri stillingu er náð þegar þyngdarmælirinn er á græna svæðinu.


LCD-upplýsingaskjár

LCD-upplýsingaskjárinn ([Mynd 11](#)) birtir upplýsingar um sláttuvélina, á borð við vinnslustöðu, ýmsar greiningar og aðrar upplýsingar um sláttuvélina

Skjámyndirnar sem birtast fara eftir því hvaða hnappar voru valdir. Virkni hnappanna getur breyst eftir því hvað þarf að gera hverju sinni.

Tæknilysing

4500 Series ■
4700 Series ■+■



Mynd 15

g322289

- | | | | |
|--------------------|--------------------|------------------------------------|------------------------------------|
| 1. Sláttubúnaður 1 | 3. Sláttubúnaður 3 | 5. Sláttubúnaður 5 | 7. Sláttubúnaður 7 (eingöngu 4700) |
| 2. Sláttubúnaður 2 | 4. Sláttubúnaður 4 | 6. Sláttubúnaður 6 (eingöngu 4700) | |

Tæknilýsing sláttuvélar

Tafla tæknilýsinga

Lýsing	4500-D	Mynd 15 tilvísun	4700-D	Mynd 15 tilvísun
Breidd sláttar	280 cm	D	380 cm	F
Heildarbreidd				
Sláttubúnaður niðri	286 cm	E	391 cm	G
Sláttubúnaður uppi (flutningur)	224 cm	A	224 cm	A
Sporvidd				
Að framan	224 cm	B	224 cm	B
Að aftan	141 cm	M	141 cm	M
Hæð með veltigrind				
Uppi	226 cm	C	226 cm	C
Niðri	165 cm		165 cm	
Heildarlengd				
Sláttubúnaður niðri	370 cm	H	370 cm	H
Sláttubúnaður uppi (flutningur)	370 cm	L	370 cm	L
Fribil frá jörðu	15 cm		15 cm	
Hjólhaf	171 cm	K	171 cm	K
Nettóþyngd (með sláttubúnaði og engu eldsneyti)	1937 kg		2277 kg	

Ath.: Tæknilýsingar og hönnun geta breyst án fyrirvara.

Tæknilýsing sláttubúnaðar

Tafla tæknilýsinga

Lengd	86,4 cm
Breidd	86,4 cm
Hæð	24,4 cm að vagnfestingu 26,7 cm við 1,9 cm sláttuhæð 34,9 cm við 10,2 cm sláttuhæð
Þyngd	88 kg

Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir sláttuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á www.Toro.com þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

Notkun

Ath.: Ákvarðið vinstri og hægri hlið sláttuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Fyrir notkun

Öryggi fyrir notkun

Almennt öryggi

- Leyfið aldrei börnum eða óþjálfuðum einstaklingum að vinna á eða við sláttuvélina. Gildandi reglur á hverjum stað kunna að setja takmörk við aldur stjórnanda. Eigandinn ber ábyrgð á að þjálfar stjórnendur og vélvirkja.
- Lærið örugga notkun búnaðarins, stjórnstækjanna og öryggismerkninganna.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið að viðhaldi og viðgerðum, hún þrífir eða sett í geymslu.
- Lærið að stöðva sláttuvélina og drepa á vélinni á skjóttan máta.
- Gangið úr skugga um að kerfi fyrir nærveru stjórnanda, öryggisrofar og hlífar séu á sínum stað og virki rétt. Ekki nota sláttuvélina ef þessir hlutir virka ekki rétt.
- Skoðið ávallt sláttuvélina fyrir slátt til að tryggja að hnífarnir, hnífaboltarnir og sláttubúnaður séu í góðu ásigkomulagi. Skiptið um slitna eða skemmda hnífa og bolta í samstæðum til að tryggja gott jafnvægi.
- Skoðið svæðið þar sem nota á sláttuvélina og fjarlægjið hluti sem hún getur skotið frá sér.

Öryggi í kringum eldsneyti

- Gætið ýtrustu varúðar við meðhöndlun eldsneytis. Það er mjög eldfimt og eldsneytisgufur eru sprengifimar.
- Drepið í sígarettum, vindlum, pípum og öðrum kveikjuöldum.
- Notið eingöngu samþykkt eldsneytisílát.
- Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á eldsneytisgeyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
- Fyllið hvorki á né tappið af eldsneyti í lokuðu rými.

- Geymið ekki sláttuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Ef eldsneyti hellist niður skal ekki reyna að gangsetja vélina og forðast að kveikja minnsta neista þar til eldsneytisgufurnar hafa dreifst.

Staða smurolíu könnuð

Kannið stöðu olíunnar í sveifarhúsinu áður en vélin er gangsett og sláttuvélin notuð; sjá [Staða smurolíu könnuð \(síða 65\)](#).

Skoðun kælikerfis

Athugið kælikerfið áður en vélin er gangsett og sláttuvélin notuð; sjá [Skoðun kælikerfis \(síða 22\)](#).

Skoðun vökvakerfis

Athugið vökvakerfið áður en vélin er gangsett og sláttuvélin notuð; sjá [Glussahæð könnuð \(síða 80\)](#).

Tappað af vatnsskilju

Tappið vatni eða öðrum óhreinindum af vatnsskiljunni; sjá [Aftöppun vatns af eldsneytis-/vatnsskilju \(síða 67\)](#).

Athugun á afturöxli og gírkassa vegna leka

Athugið hvort afturöxull og gírkassi leki; sjá [Athugun á afturöxli og gírkassa vegna leka \(síða 74\)](#).

Áfylling á eldsneytisgeym- inn

Rúmtak eldsneytisgeymis

Rúmtak eldsneytisgeymis: 83 l

Eldsneytisforskrift

Mikilvægt: Notið aðeins dísileldsneyti með mjög litlu brennisteinsinnihaldi. Eldsneyti með hærri brennisteinsinnihaldi eyðir dísiloxunarhvatanum, sem veldur vandamálum við vinnslu og stytir endingartíma vélarhluta.

Vélin getur skemmt ef ekki er farið eftir þessum fyrirmælum.

- Notið aldrei steinolú eða bensín í stað dísileldsneytis.
- Aldrei má blanda steinolú eða notaðri smurolú við dísileldsneytið.
- Geymið aldrei eldsneyti í ílátum með sinkhúðun að innanverðu.
- Notið ekki íblöndunarefni fyrir eldsneyti.

Jarðolíudísill

Setantala: 45 eða hærri

Brennisteinsinnihald: mjög lítið magn brennisteins (<15 ppm)

Eldsneytistafla

Forskrift dísileldsneytis	Staðsetning
ASTM D975 Nr. 1-D S15 Nr. 2-D S15	Bandaríkin
EN 590	Evrópusambandið
ISO 8217 DMX	Alþjóðlegt
JIS K2204 flokkur nr. 2	Japan
KSM-2610	Kórea

- Notið aðeins hreint og ferskt dísileldsneyti eða lífdísileldsneyti.
- Kaupið eldsneyti í magni sem hægt er að nota innan 180 daga til að tryggja að eldsneytið sé ferskt.

Notið dísileldsneyti til sumarnotkunar (nr. 2-D) við hitastig yfir -7 °C og eldsneyti til vetrarnotkunar (nr. 1-D eða nr. 1-D/2-D blöndu) undir því hitastigi.

Ath.: Notkun eldsneytis til vetrarnotkunar við lægra hitastig tryggir lægra blossomark og betri eiginleika við kalt flæði, sem tryggir um leið auðveldari gangsetningu og dregur úr stíflumyndun í eldsneytissíum.

Notkun eldsneytis til sumarnotkunar fyrir hitastig yfir -7 °C tryggir lengri endingu eldsneytisdællunnar og aukið afl samanbúið við eldsneyti til vetrarnotkunar.

Notkun lífdísils

Þessi sláttuvél getur einnig notað lífdísilblandað eldsneyti, upp að B20 (20% lífdísill, 80% dísilolía).

Brennisteinsinnihald: mjög lítið magn brennisteins (<15 ppm)

Forskrift fyrir lífdísileldsneyti: ASTM D6751 eða EN 14214


Forskrift fyrir blandað eldsneyti: ASTM D975, EN 590 eða JIS K2204

Mikilvægt: Hluti jarðolíudísils verður að vera með mjög litlu brennisteinsinnihaldi.


Fylgja skal eftirfarandi varúðarráðstöfunum:

- Lífdísilblöndur geta skemmt málaða fleti.
- Notið B5 (með 5% lífdísil) eða veikari blöndur í köldu veðri.
- Fylgist með þéttum, slöngum og pakkningum sem eru í snertingu við eldsneyti þar sem þessi íhlutir geta brotnað niður með tímanum.
- Búast má við fyrir stíflum í eldsneytissíu endrum og eins eftir að skipt er yfir í lífdísilblöndur.
- Hægt er að fá frekari upplýsingar um lífdísil hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

Áfylling eldsneytis



g198621



Mynd 16

g321569

Fyllið á eldsneytisgeyminn upp að 6 til 13 mm frá efri brún hans, ekki áfyllingarstútsins, með dísileldsneyti númer 2-D.

Ath.: Ef mögulegt skal fylla á eldsneytisgeyminn eftir hverja notkun; þannig er hægt að halda rakapéttingu innan í eldsneytisgeyminum í lágmarki.


Þrýstingur hjólbarða kannaður

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Réttur loftþrýstingur í hjólbörðum er 1,38 bar.

Mikilvægt: Viðhaldið ráðlögðum þrýstingi í öllum hjólbörðum til að tryggja skilvirkan slátt og góð afköst vélarinnar. Forðist að hafa of lítið loft í hjólbörðunum.

Athugið loftþrýsting í öllum hjólbörðum áður en vélin er notuð.



G001055

g001055

Mynd 17


Hersla á felguróm hjólsins athuguð

Viðhaldstími: Eftir fyrstu klukkustundina

Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti


Herðið felgurær hjólsins í 115 til 136 N·m í þeirri röð sem sýnd er í [Mynd 18](#) og [Mynd 19](#).



G033358

g033358

Mynd 18
Framhjól



G033359

g033359

Mynd 19
Afturhjól

⚠ VIÐVÖRUN

Meiðsl geta orðið á fólki ef ekki er viðhaldið rétttri herslu á felguróm hjólsins.

Herðið felgurær hjólsins að réttu herslugildi.

Veltigrind stillt

⚠ VIÐVÖRUN

Hafið veltigrindina í uppreistri og læstri stöðu: hafið sætisbeltið spennt til að koma í veg fyrir meiðsl eða dauða ef til veltu kemur.

Gangið úr skugga um að sætið sé fest á sláttuvélina með klinku.

⚠ VIÐVÖRUN

Veltuvörn er ekki til staðar þegar veltigrindin er niðri.


- Notið ekki sláttuvélina á ójöfnu undirlagi eða í brekku með veltigrindina niðri.
- Setjið veltigrindina eingöngu niður þegar það algjörlega nauðsynlegt.
- Notið ekki sætisbeltið á meðan veltigrindin er niðri.
- Akið hægt og varlega.
- Reisið veltigrindina við um leið og næg hæð er til þess.
- Verið vakandi fyrir hindrunum fyrir ofan sláttuvélina (s.s. greinum, dyragáttum, rafmagnsvírum) áður en ekið er undið þær og forðist að snerta þær.

Mikilvægt: Hafið sætisbeltið alltaf spennt þegar veltigrindin er uppi í læstri stöðu. Notið ekki sætisbeltið á meðan veltigrindin er niðri.

Veltigrind sett niður

Mikilvægt: Setjið veltigrindina eingöngu niður þegar nauðsyn krefur.


Mikilvægt: Gangið úr skugga um að sætið sé fest á sláttuvélina með klinku.



g201853

Mynd 20

Veltigrind reist upp



g201854


Mynd 21

Stilling sláttuhæðar

Mikilvægt: Snúningssláttubúnaður slær oft og tíðum u.þ.b. 6 mm lægra en keflissláttubúnaður með sömu viðmiðsstillingu. Það kann að reynast nauðsynlegt að stilla viðmiðsmælingu snúningssláttubúnaðar 6 mm hærra en slátt keflissláttubúnaðar á sama svæðinu.

Mikilvægt: Aðgengi að sláttubúnaði að aftan batnar til muna ef hann er fjarlægður af sláttuvélinni.


1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, látið sláttubúnaðinn síga til jarðar, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Losið boltann sem festir sláttuhæðarfestingu við sláttuhæðarplötu (að framan og á báðum hliðum) eins og sýnt er á [Mynd 22](#).
3. Fyrst skal fjarlægja boltann að framan.



Mynd 22

1. Sláttuhæðarfesting
2. Sláttuhæðarplata
3. Stöðuhólkur

4. Styðjið við hólfíð þegar stöðuhólkurinn er fjarlægður ([Mynd 22](#)).
5. Færið hólfíð í æskilega sláttuhæð og komið fyrir stöðuhólki í tilgreindu gati og rauf sláttuhæðar ([Mynd 23](#)).



Mynd 23

6. Staðsetjið stoppaða plötu í beinni línu við stöðuhólkinn.

7. Skrúfið boltann á og herðið með fingrunum.
8. Endurtakið skref 4 til 7 fyrir stillingu á hvorri hlið.
9. Herðið alla boltana þrjá í 41 N·m. Herðið alltaf boltann að framan fyrst.

Ath.: Ef stillingu er breytt um meira en 3,8 cm gæti þurft að gera tímabundna samsetningu á millihæð til að koma í veg fyrir bindingu (t.d. að breyta úr 3,1 í 7 cm sláttuhæð).

Athugun á samlæsingarrofum

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

⚠ VARÚÐ

Ef rofar öryggissamlæsingar eru aftengdir eða skemmdir gæti vinnuvélin farið óvænt af stað og valdið meiðslum á fólki.

- Ekki fikta í samlæsingarrofum.
- Kannið virkni samlæsingarrofanna daglega og skiptið um skemmda rofa áður en unnið er á sláttuvélinni.

Samlæsingarrofarnir eru hannaðir til að drepa á sláttuvélinni þegar staðið er upp úr sætinu á meðan inngjafarfótstiginu er haldið niðri. Hins vegar er hægt að standa upp úr sætinu á meðan vélin er í gangi og inngjafarfótstigið er í HLUTLAUSRI stöðu. Drepið samt á vélinni áður en staðið er upp úr sætinu þótt vélin gangi áfram þegar aflúttakið er aftengt og inngjafarfótstiginu sleppt.

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, látið sláttubúnaðinn síga til jarðar og snúið lyklinum í SLOKKA stöðu.
2. Stígið á inngjafarfótstigið og snúið lyklinum í KVEIKTA stöðu.

Ath.: Ef vélin fer í gang er bilun í samlæsingarkerfinu. Gerið við bilunina áður en sláttuvélin er tekin aftur í notkun.

3. Snúðu lyklinum í KVEIKTA stöðu, standið upp úr sætinu og færið aflúttaksrofann í KVEIKTA stöðu.

Ath.: Aflúttakið á ekki að fara í gang. Ef aflúttakið fer í gang er bilun í samlæsingarkerfinu. Gerið við bilunina áður en sláttuvélin er tekin aftur í notkun.

4. Setjið stöðuhemilinn á, snúið lyklinum í KVEIKTA stöðu og takið inngjafarfótstigið úr HLUTLAUSRI stöðu.

Ath.: Upplýsingaskjárninn sýnir „dráttur ekki leyfður“ og sláttuvélin ætti ekki að hreyfast. Ef

vélin hreyfist ekki er bilun í samlæsingarkerfinu. Gerið við bilunina áður en sláttuvélin er tekin aftur í notkun.

- Keyrir á fleiri hestöflum
- Hefur tilhneigingu til að losa lengra til vinstri og skilja eftir múga í lægri sláttuhæð

Athugun á stöðvunartíma hnífs

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Ath.: Látið sláttubúnaðinn síga niður á auðan grasflöt eða hart undirlag til að forðast að dreifa ryki og óhreinindum.

Sitjið í sætinu og aftengið aflúttakið til að staðfesta stöðvunartímann. Hlustið eftir snúningshnífum og takið tímann sem það tekur hnífana að stöðvast alveg. Stillið hemlunarlokann ef það tekur lengur en 7 sekúndur. Hringið í viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá aðstoð við þessa stillingu.

⚠ VIÐVÖRUN

Ef hnífur með hárrí lyftu er notaður með tætingshlíf getur hnífurinn brotnað og valdið alvarlegum meiðslum eða dauða.

Ekki nota hníf með hárrí lyftu með tætingshlífinni.

Atomic-hnífur

Þessi hnífur var hannaður til að dreifa vel úr laufblaðamulningi.

Eiginleiki: Frábær laufblaðamulningur

Hnífur valinn

Hefðbundin samsetning á bakka

Þessi hnífur var hannaður til að veita framúrskarandi lyftingu og dreifingu við næstum hvaða aðstæður sem er. Skoðið aðra hnífa ef þörf er á meiri eða minni lyftingar- og losunarhraða.

Eiginleikar: Frábær lyfting og dreifing við flestar aðstæður

Skábakki (ekki CE-vottað)

Hnífurinn virkar yfirleitt best í lágri sláttuhæð – 1,9 til 6,4 cm.

Eiginleikar:

- Losun helst jafnari í lágri sláttuhæð.
- Losun hefur minni tilhneigingu til að dreifa frá sér til vinstri og glompur og brautir haldast snyrtilegri.
- Minni orkuþörf í lægri hæð og þykku grasi.

Hækkaður samsíða bakki (ekki CE-vottað)

Hnífurinn virkar yfirleitt betur í hárrí sláttuhæð – 7 til 10 cm.

Eiginleikar:

- Meiri lyfting og meiri losunarhraði
- Gisið eða slappt gras lyftist umtalsvert við hærri sláttuhæð
- Blautur eða klístraður afskurður er losaður á skilvirkari hátt sem dregur úr uppsöfnun í sláttubúnaðinum.


Aukabúnaður valinn

Uppsetningar á valkvæðum búnaði

	Hnífur með skábakka	Hnífur með hækkuðum samsíða bakka (<i>Ekki nota með tætingshlíf</i>)	Tætingshlíf	Keflisskafa
Grassláttur: 1,9 til 4,4 cm sláttuhæð	Mælt með við flestar aðstæður	Getur virkað vel í gróskulitlu og gisnu grasi	Hefur sýnt fram á betri dreifingu og útlit eftir slátt á grasi á norðlægum slóðum sem er slegið að minnsta kosti 3 sinnum í viku þar sem minna en þriðjungur af grasblaðinu er fjarlægður. Notið ekki með hníf sem hefur hækkaðan samsíða bakka	Notið alltaf þegar gras safnast fyrir á keflunum eða þegar vart verður við grastuggur. Sköfurnar geta aukið grasklumpun í ákveðnum aðstæðum.
Grassláttur: 5 til 6,4 cm sláttuhæð	Mælt með fyrir þykkt og gróskumikið gras	Mælt með fyrir gróskulítið og gisið gras		
Grassláttur: 7 til 10 cm sláttuhæð	Getur virkað vel í gróskumiklu grasi	Mælt með við flestar aðstæður		
Laufblaðamulningur	Mælt með að nota með tætingshlíf	Ekki leyft	Notið eingöngu með samsettum bakka, atomic-hníf eða hníf með skábakka	
Kostir	Jöfn losun í lægri sláttuhæð; snyrtilegra í kringum glompur og brautir; minni orkuþörf	Meiri lyfting og aukinn losunarhraði; gróskulitlu og slöppu grasi er lyft upp í hárra sláttuhæð; blautur og klístraður afskurður er losaður á skilvirkan hátt	Getur bætt dreifingu og útlit grass í ákveðnum aðstæðum grassláttar; mjög góð fyrir laufblaðamulning	Dregur úr uppsöfnun á kefli í ákveðnum aðstæðum
Gallar	Lyftir grasinu ekki almennilega í hárra sláttuhæð; blautt og klístrað gras hefur tilhneigingu til að safnast upp í hólfinu, sem veldur lélegum slætti og meiri orkueyðslu	Krefst meiri orkunotkunar í sumum aðstæðum; hefur tilhneigingu til að mynda múga í lægri sláttuhæð í gróskumiklu grasi; notið ekki með tætingshlíf	Gras safnast upp í hólfinu ef reynt er að fjarlægja of mikið gras með hlífina á	

Notkun LCD-upplýsinga- skjásins

Upplýsingaskjárinn birtir upplýsingar um vinnuvélina, á borð við vinnslustöðu, ýmsar greiningar og aðrar upplýsingar um vinnuvélina (Mynd 24). Upplýsingaskjárinn er með upphafsskjámynd og aðalupplýsingaskjámynd. Hægt er að skipta á milli upphafsskjámyndarinnar og aðalupplýsingaskjámyndarinnar hvenær sem er með því að ýta á hnappa upplýsingaskjásins og velja svo viðeigandi ör.



Mynd 24

- | | |
|------------------|--------------------|
| 1. Gaumljós | 3. Miðhnappur |
| 2. Hægri hnappur | 4. Vinstri hnappur |

- Vinstri hnappur, opna valmynd/til baka – ýtið á þennan hnapp til að opna valmyndir upplýsingaskjásins. Einnig er hægt að nota hann til að loka opinni valmynd.
- Miðhnappur – notið þennan hnapp til að fletta niður valmyndir.
- Hægri hnappur – notið þennan hnapp til að opna valmynd þar sem ör til hægri gefur til kynna meira efni.
- Hljóðmerki – fer í gang þegar sláttubúnaðurinn er lækkaður eða vegna viðvarana og bilana.

Ath.: Virkni hnappanna getur breyst eftir því hvað þarf að gera hverju sinni. Hnapparnir eru merktir með tákni sem sýnir núverandi virkni.












Lýsing á táknum upplýsingaskjás


VIÐHALDSTÍMI	Gefur til kynna hvenær framkvæma skal áætlaða viðhaldsvinnu
	Klukkustundir fram að viðhaldsvinnu
	Endurstilla viðhaldstíma
	Staða á snúningshraða vélar
	Upplýsingatákn
	Stilling hámarksaksturhraða
	Snúningi víftu er snúið við
	Hreinsa þarf sótsíu
	Lofinntakshitarinn er virkur
	Lyftið upp sláttubúnaðinum vinstra megin.
	Lyfta upp sláttubúnaðinum fyrir miðju
	Lyfta upp sláttubúnaðinum hægra megin
	Stjórnandi sláttuvélarinnar verður að sitja í sætinu
	Stöðuhemillinn er á
	Há stilling
	Hlutlaus gír
	Sýnir að stillingin er lág
	Hitastig kælivökva (°C eða °F)
	Hitastig (heitt)
	Inngjöf eða inngjafarfótstig
	Ekki leyft
	Gangsetjið vélina.
	Kveikt er á aflúttakinu.
	Kveikt er á hraðastillingum.

Lýsing á táknum upplýsingaskjás (cont'd.)

	Drepið á vélinni
	Mótor
	Sviss
	Sláttubúnaður er að lækka
	Sláttubúnaður er að hækka
PIN	PIN-númer
	Hitastig á glussaolíu
CAN	CAN-gagnabraut
	Upplýsingaskjár
Bad	Slæmt eða bilað
Ctrl	Miðja
Rht	Hægri
Left	Vinstri
	Pera
OUT	Úttak TEC-stjórnækis eða stjórnvírs í rafleiðslukerfi
HI	Yfir leyfilegri stillingu
LO	Undir leyfilegri stillingu
HI / LO	Úr stillingu
	Rofi
	Stjórnandi verður að sleppa rofa
	Stjórnandi skal skipta yfir í tilgreinda stöðu
Tákn eru oft sameinuð til að mynda setningar. Hér á eftir eru nokkur dæmi	
	Stjórnandi sláttuvélar ætti að setja hana í hlutlausan gír

Lýsing á táknum upplýsingaskjás (cont'd.)

	Gangsetning vélar ekki leyfð
	Stöðvun vélar
	Kælivökvi vélar er of heitur
	Glussi er of heitur
 48.1g/l	Tilkynning um öskusöfnun á sótsíu. Frekari upplýsingar um viðhald sótsíu er að finna í viðhaldskaflanum
	Beiðni um hreinsun í endurstillingu í biðstöðu
	Beiðni um hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt
	Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt í biðstöðu er í vinnslu.
	Hár útblásturshiti
	Bilun í NOx-stjórngreiningu; akið sláttuvélinni aftur á verkstæðið og hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro (hugbúnaðarútgáfa P og nýrri).
	Aflúttakið er óvirkt.
	Setjist niður eða setjið stöðuhemilinn á

 Aðeins aðgengilegt með því að slá inn PIN-númer

Notkun valmynda

Ýtið á hnappinn til að opna valmynd á aðalskjánum til að fá aðgang að valmyndakerfi upplýsingaskjásins. Við það opnast aðalvalmyndin. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir valkostina sem eru í boði í valmyndunum:

Aðalvalmynd	
Valmyndaratriði	Lýsing
Faults (bilanir)	Inniheldur lista yfir nýlegar vélarbilanir; sjá <i>þjónustuhandbókina</i> til að fá frekari upplýsingar.
Service (þjónusta)	Inniheldur upplýsingar um sláttuvélina, t.d. vinnustundir og aðrar sambærilegar tölur
Diagnostics (bilanagreining)	Sýnir ýmsar stöður sem sláttuvélin er í á þessari stundu; hægt er að nota hana til að bilanagreina tiltekin vandamál þar sem hún veitir skjótar upplýsingar um á hvaða stjórnækjum sláttuvélarinnar er kveikt og slökkt.
Stillingar	Gerir stjórnanda kleift að sérstilla og breyta færribreytum grunnstillingar á upplýsingaskjánum
Um	Sýnir tegundarnúmer, raðnúmer og hugbúnaðarútgáfu sláttuvélarinnar

Service (þjónusta)	
Valmyndaratriði	Lýsing
Hours (vinnustundir)	Sýnir samtals vinnustundir sláttuvélar, vélar og víftu ásamt fjölda vinnustunda sem sláttuvélin hefur verið í flutningi og ofhitnað
Counts (teljarar)	Sýnir fjölda gangsetninga, verkferla sláttubúnaðar/afúttaks og breytinga á snúningi víftu sem sláttuvélin hefur gengið í gegnum

Diagnostics (bilanagreining)	
Valmyndaratriði	Lýsing
Sláttubúnaður vinstra megin Sláttubúnaður fyrir miðju Sláttubúnaður hægra megin Grip Hátt/lágt svið Aflúttak Mótor Hraðastillir	Skoðið <i>þjónustuhandbókina</i> eða hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá frekari upplýsingar um valmynd vélarkeyrslu og upplýsingarnar sem er þar að finna.

Settings (stillingar)	
Valmyndaratriði	Lýsing
Units (einingar)	Stýrir einingum sem notaðar eru í upplýsingaskjánum (enskar mælieiningar eða metrakerfið)
Language (tungumál)	Stjórnar því hvaða tungumál er notað á upplýsingaskjánum*
LCD Backlight (LCD-baklýsing)	Stjórnar birtustigi LCD-skjásins
LCD Contrast (birtuskil LCD-skjás)	Stjórnar skerpu LCD-skjásins
Protected Menus (varðar valmyndir)	Leyfir einstaklingi með heimild fyrirtækis þíns að fá aðgang að vörðum valmyndum með PIN-númeri.
Protect Settings (varnarstillingar)	Leyfir að gera breytingar á stillingum í vörðum stillingum
Hröðun	Lág, miðlungs og há stilling stjórnar því hversu skyndilega aksturshraðinn breytist þegar inngjafarfótstigið er hreyft upp eða niður.
Sláttuhraði	Stýrir hámarkshraða meðan á slætti stendur (lágt svið)
Gírskiptingar- hraði	Stýrir hámarkshraða meðan á flutningi stendur (hátt svið)
Snjallafi	Kveikir og slekkur á snjallafi
Mótvægi	Stýrir hversu mikið mótvægi sláttubúnaðurinn notar
Snúningur	Kveikir og slekkur á snúningi

*Einungis texti sem snýr að stjórnanda er þýddur. Skjámyndir fyrir bilanir, viðhald og bilanagreiningar snúa að viðhaldsvinnu. Titlar eru á völdu tungumáli en valmyndaratriði eru á ensku.

Varið undir „Vörðum valmyndum“ – eingöngu aðgengilegt með því að slá inn PIN-númer

About (um)	
Valmyndaratriði	Lýsing
Gerð	Sýnir tegundarnúmer vinnuvélarinnar
SN	Sýnir raðnúmer vinnuvélarinnar
S/W Rev	Sýnir hugbúnaðarendurbætur á aðalstjórnubúnaðinum

Protected Menu (varðar valmyndir)


Hægt er að breyta 6 vinnslustillingum í stillingavalmynd upplýsingaskjásins: sjálfvirkum lausagangi, hámarksaksturshraða við slátt, hámarksaksturshraða við flutning, snjallafli, mótvægi sláttubúnaðar og snúningi. Þessar stillingar eru í vörðu valmyndinni.

Varðar valmyndir opnaðar

Ath.: Sjálfgefið PIN-númer sláttuvélarinnar er annaðhvort 0000 eða 1234.

Ef skipt er um PIN-númer og það gleymist þarf að leita aðstoðar hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

1. Á MAIN MENU (aðalvalmynd) skal nota miðhnappinn til að fletta niður á valmyndina SETTINGS (stillingar) og ýta á hægri hnappinn (Mynd 25).




G028523

Mynd 25

g028523

2. Á valmyndinni SETTINGS skal nota miðhnappinn til að fletta niður á valmyndina PROTECTED MENU (varin valmynd) og ýta á hægri hnappinn (Mynd 26A).



G028522

Mynd 26

g028522

3. PIN-númerið er fært inn með því að ýta á miðhnappinn þar til rétti fremsti tölustafurinn birtist og síðan er ýtt á hægri hnappinn til að fara á næsta tölustaf (Mynd 26B og Mynd 26C). Endurtakið þetta skref þar til búið er að færa inn alla tölustafina og ýtið þar næst einu sinni enn á hægri hnappinn.
4. Ýtið á miðhnappinn til að staðfesta PIN-númerið (Mynd 26D).

Bíðið þar til rauða gaumljósið á upplýsingaskjánum kviknar.

Ath.: Ef PIN-númerið er rétt og varða valmyndin opnast sést orðið „PIN“ efst til hægri á skjámyndinni.

Ath.: Snúið lyklinum í SLÖKKTA stöðu og síðan í KVEIKTA stöðu til að læsa vörðu valmyndinni.

Hægt er að skoða og breyta stillingum í Protected Menu. Þegar búið er að opna Protected Menu er flett niður á valkostinn Protect Settings (varnarstillingar). Notið hægri hnappinn til að breyta stillingunni. Ef varnarstillingar eru stilltar á OFF (slökkt) er hægt að skoða og breyta stillingum Protected Menu án þess að slá inn PIN-númerið. Ef varnarstillingar eru stilltar á KVEIKT eru varnarvalkostir faldir og færa þarf inn PIN-númer til að breyta stillingunni í vörðu valmyndinni. Þegar PIN-númerið hefur verið stillt skal snúa lyklinum í SLÖKKTA stöðu og svo aftur í KVEIKTA stöðu til að virkja og vista þennan eiginleika.

Skoða og breyta stillingum varðrar valmyndar

1. Í vörðu valmyndinni skal fletta niður á varnarstillingar.
2. Til að skoða og breyta stillingum án þess að slá inn PIN-númer skal nota hægri hnappinn til að SLÖKKVA á varnarstillingum.
3. Til að skoða og breyta stillingum með PIN-númeri skal nota vinstri hnappinn til að KVEIKJA á þeim, stilla PIN-númerið og snúa lyklinum í SLÖKKTA stöðu og síðan í KVEIKTA stöðu.

Leyfilegur hámarkssláttuhraði stilltur

Valin stilling er sýnd sem X á súluriti aksturshraða ásamt stillingum hraðastillis og fótstigsstoppa. X á súluriti sýnir að umsjónarmaður sláttuvélar takmarkar hámarkshraðann ([Mynd 29](#) eða [Mynd 31](#)).

Ath.: Þessi stilling er geymd í minni og notuð fyrir aksturshraðann þar til henni er breytt.

1. Flettið niður á sláttuhraða og ýtið á hægri hnappinn í stillingavalmyndinni.
2. Notið hægri hnappinn til að auka hámarkssláttuhraðann um 5% í einu á milli 50% og 100%.
3. Notið miðjuhnappinn til að minnka hámarkssláttuhraðann um 5% í einu á milli 50% og 100%.
4. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Leyfilegur hámarksflutningshraði stilltur

Valin stilling er sýnd sem X á súluriti aksturshraða ásamt stillingum hraðastillis og fótstigsstoppa. X á súluriti sýnir að umsjónarmaður sláttuvélar takmarkar hámarkshraðann ([Mynd 29](#) eða [Mynd 31](#)).

Ath.: Þessi stilling er geymd í minni og notuð fyrir aksturshraðann þar til henni er breytt.

1. Flettið niður á flutningshraða og ýtið á hægri hnappinn í stillingavalmyndinni.
2. Notið hægri hnappinn til að auka hámarksflutningshraðann um 5% í einu á milli 50% og 100%.
3. Notið miðjuhnappinn til að minnka hámarksflutningshraðann um 5% í einu á milli 50% og 100%.
4. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Kveikja/slökkva á snjallafi

1. Flettið niður á snjallafi í stillingavalmyndinni.

2. Ýtið á hægri hnappinn til að skipta á milli KVEIKT og SLÖKKT.
3. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Mótvægi stillt

1. Flettið niður á mótvægi í stillingavalmyndinni.
2. Ýtið á hægri hnappinn til að velja mótvægi og skiptið á milli stillinganna LÍTIÐ, MIÐLUNGS og MIKIÐ.

Kveikja/slökkva á snúningi

1. Flettið niður á snúning í stillingavalmyndinni.
2. Ýtið á hægri hnappinn til að skipta á milli KVEIKT og SLÖKKT.
3. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Hröðunarstilling stillt

1. Flettið niður á hröðun í stillingavalmyndinni.
2. Ýtið á hægri hnappinn til að skipta á milli LÍTIL, MIÐLUNGS og MIKIL.
3. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Eldsneytisnotkun skoðuð

Hægt er að skoða meðaleldsneytisnotkun fyrir allan endingartíma sláttuvélarinnar í þjónustuvalmyndinni.

Tímamælir næstu viðhaldsvinnu stilltur

Þetta endurstillir fjölda vinnustunda í næstu viðhaldsvinnu þegar tímasett viðhaldsvinna er framkvæmd.

1. Farið í vinnustundavalmyndina í þjónustuvalmyndinni.
2. Flettið niður á valkostinn „Endurstilla næstu viðhaldsvinnu“ og ýtið á hægri hnappinn.
3. Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta.

Meðan á notkun stendur

Öryggi við notkun

Almennt öryggi

- Eigandinn/stjórnandinn getur komið í veg fyrir og ber ábyrgð á slysum sem geta valdið meiðslum á fólki eða eignatjóni.
- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hlífðargleraugum, síðbuxum, sterkum skófatnaði með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sitt hár í tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.
- Notkun vinnuvélarinnar er bönnuð ef stjórnandi er þreyttur, veikur eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða til meiðsla eða eignatjóns.
- Áður en vélin er gangsett þarf að tryggja að öll drif séu í hlutlausri stöðu, stöðuhemillinn sé á og að stjórnandinn sitji í sætinu.
- Flytjið ekki farþega á sláttuvélinni og haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins.
- Vinnið eingöngu á sláttuvélinni með góða yfirsýn til að forðast holur og duldar hættur.
- Forðist slátt í blautu grasi. Skert grip getur valdið því að sláttuvélin renni til.
- Haldið höndum og fótum fjarri hlutum sem snúast. Haldið öruggri fjarlægð frá losunaropinum.
- Lítið aftur fyrir og niður áður en bakkað er til að tryggja að leiðin sé greið.
- Sýnið aðgát þegar komið er að blindhornum, trjástubbum, trjám eða öðrum hlutum sem kunna að takmarka útsýnið.
- Stöðvið hnífana þegar ekki er verið að slá.
- Stöðvið sláttuvélina, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hreyfanlegir hlutar hafa stöðvast áður en tengibúnaður sem hefur rekist í hlut er skoðaður eða ef sláttuvélin titrar óeðlilega. Sinnið öllum nauðsynlegum viðgerðum áður en vinnu er haldið áfram.
- Hægið á og sýnið aðgát í beygjum og þegar vinnuvélinni er ekið yfir vegi eða gangstíga. Umferð frá hægri á alltaf réttinn.
- Aftengið drif sláttubúnaðarins, drepjið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hreyfanlegir hlutar hafa stöðvast áður en sláttuhæðin er stillt (nema hægt sé að stilla hana úr sætinu).
- Notið vélina aðeins á vel loftræstum svæðum. Útblásturslofttegundir innihalda kolsýring sem er banvænn við innöndun.

- Skiljið vélina aldrei eftir í gangi án eftirlits.
- Áður en stjórnandinn fer úr sæti sínu skal gera eftirfarandi:
 - Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu.
 - Aftengið aflúttakið og látið tengitækin síga.
 - Setjið stöðuhemilinn á.
 - Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
 - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Vinnið eingöngu á vinnubílum með góða yfirsýn. Ekki nota vinnuvélina þegar hættu er á eldingum.
- Ekki nota sláttuvélina sem dráttartæki.
- Notið eingöngu aukabúnað, tengibúnað og varahluti sem Toro samþykkir.

Öryggi veltigrindar

- Veltigrindin er ómissandi öryggisbúnaður.
- Ekki má fjarlægja neina íhluti veltigrindarinnar.
- Gangið úr skugga um að sætisbeltið sé fast við sláttuvélina.
- Dragið beltsólina yfir kjöltuna og stingið beltinu í sylgjuna hinum megin við sætið.
- Til að losa sætisbeltið skal halda í beltið, ýta á hnappinn á sylgjuni til að losa beltið og beina beltinu inn í op inndráttarbúnaðarins. Verið viss um að geta losað beltið snögglega í neyðartilvikum.
- Fylgist vandlega með fyrirstöðum fyrir ofan sláttuvélina og komið í veg fyrir að sláttuvélin komist í snertingu við þær.
- Tryggið að veltigrindin sé góðu ásigkomulagi með því að skoða hana reglulega og leita eftir skemmdum og herða allar festingar tryggilega.
- Skiptið um skemmda íhluti veltigrindarinnar. Ekki gera við þá eða breyta þeim.

Aukalegur veltigrindarbúnaður fyrir sláttuvélar með stýrishúsi eða áfastri veltigrind

- Stýrishús sem Toro hefur sett á er veltigrind.
- Notið sætisbeltið undantekningalaust.

Aukalegur veltigrindarbúnaður fyrir sláttuvélar með stýrishúsi eða veltigrind sem hægt er að leggja saman

- Hafið samanbrjótanlega veltigrind í uppreistri og læstri stöðu og spennuð sætisbeltið þegar unnið er á sláttuvélinni með veltigrindina uppi.

- Setjið veltigrindina eingöngu niður til bráðabrigða þegar þörf krefur. Notið ekki sætisbeltið á meðan veltigrindin er niðri.
- Athugið að veltuvörn er ekki til staðar þegar veltigrindin er niðri.
- Kannið svæðið sem á að slá og setjið veltigrindina aldrei niður á svæðum þar sem brekkur, háir bakkar eða vatn er til staðar.

Öryggi í halla

- Brekkur valda mikilli hættu á stjórnmissi eða veltu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða. Stjórnandinn er ábyrgur fyrir öruggri notkun í halla. Sýna þarf sérstaka aðgát þegar sláttuvélinni er ekið í halla.
- Metið og kannið aðstæður á vinnusvæðinu til að ákvarða hvort hallinn er öruggur til vinnu. Beitið almennu hyggjuviti og sýnið góða dómgreind við þessa skoðun.
- Skoðið leiðbeiningarnar fyrir notkun í halla hér að neðan til að ákvarða hvort hægt er að nota sláttuvélina við viðkomandi skilyrði á viðkomandi degi og á viðkomandi vinnusvæði. Breytingar á undirlagi geta leitt til breytinga á notkun sláttuvélarinnar í halla.
- Forðist að taka af stað, stoppa eða beygja sláttuvélinni í halla. Forðist skyndilegar hraðabreytingar eða stefnubreytingar. Beygið hægt og rólega.
- Vinnið ekki á sláttuvélinni við neinar aðstæður þar sem grip, stjórn eða stöðugleiki eru skert.
- Fjarlægið eða merkið hindranir á borð við skurði, holur, hjólför, ójöfnur, grjót eða aðrar duldar hættur. Hátt gras getur hulið hindranir. Óslétt undirlag getur valdið því að sláttuvélin velti.
- Hafið í huga að sláttuvélin getur misst grip þegar unnið er í blautu grasi, þvert á halla eða niður brekku. Ef dekkinn missa grip er hætta á að sláttuvélin renni til, missi hemlagetu og verði stjórnlaus.
- Gætið fyllstu varúðar þegar unnið er á sláttuvélinni nálægt háum bökkum, skurðum, bökkum, vatni eða annarri hættu. Sláttuvélin getur oltið mjög skyndilega ef hjól fer út fyrir brún eða brún gefur sig. Haldið öruggri fjarlægð á milli sláttuvélarinnar og hvers kyns hættu.
- Auðkennið hættur neðst í hallanum. Ef hættur eru til staðar skal slá hallann með vél sem stjórnað er af fótgangandi stjórnanda.
- Lækkið sláttubúnaðinn niður að jörðu á meðan unnið er í halla, ef því verður við komið. Sláttuvélin getur orðið óstöðug þegar sláttubúnaðurinn er uppi á meðan unnið er í halla.
- Gætið fyllstu varúðar þegar unnið er með grassafnkerfi eða önnur tengitæki. Slíkur búnaður

getur breytt stöðugleika sláttuvélarinnar og valdið því að hún verði stjórnlaus.

Að skilja notkunareiginleika sláttuvélarinnar

- Þessi sláttuvél er með inngjafarfótstig sem virkar eins og inngjöf í bifreið.
- Þessi sláttuvél er ekki með sérstakan inngjafarrofa eða inngjafarstöng.
- Sláttuvélin stöðvast þegar fóturinn er tekinn af inngjafarfótstiginu.
- Fótstigið er stillt inn á að bregðast hratt og örugglega við, sem gerir stjórnanda sláttuvélarinnar kleift að halda góðri stjórn á grófu undirlagi með snöggri og mjúkri hemlun.
- Við flutning virkar inngjafarfótstigið á svipaðan hátt og í bifreið og breytir vélar- og aksturshraða eftir því í hvaða stöðu inngjafarfótstigið er.
- Vélin fer sjálfkrafa í hraðan lausangang við slátt.
- Vélin fer úr hægum lausangangi í lágmarksvinnu-hraða þegar t.d. sláttubúnaðinum er lyft upp eða stigið er á inngjafarfótstigið, svo lengi sem nægt afl er til staðar til að framkvæma aðgerðina.
- Takmarkið tíma sláttuvélar í lausangangi eins og mælt er með fyrir hreinsun sótsíu. Drepið á sláttuvélinni til að koma í veg fyrir að hún gangi lengi í lausangangi.
- Hámarkshraðar sem stilltir eru í stillingum varðrar valmyndar þar sem krafist er PIN-númers eru stilltir af umsjónarmanni til að takmarka hámarksaksturshraða sláttuvélarinnar.
- Hámarkshraðarnir sem stilltir eru í valmynd sem varin er með PIN-númeri takmarka aksturshraða við notkun inngjafarfótstigs, hraðastillis og fótstigsstoppa.

Notkun vinnuvélarinnar

- Þegar vélin er sett í gang og hitastig glussans er lágt eykst vélarhraðinn sjálfkrafa til að hámarka aðgerðir og hita sláttuvélina. Vélarhraðinn fer sjálfkrafa í hægum lausangang þegar glussinn er orðinn nógu heitur fyrir eðlilega notkun.
- Við eðlilegar notkunaraðstæður er gert ráð fyrir að sláttuvélin vinni í stöðunni H/L SJÁLFSKIPTING á rofa hraðasviðs ([Mynd 27](#)). Í þessari stöðu getur sláttuvélin skipt sjálfkrafa á milli hás og lágs hraðasviðs eftir því hvort hún er notuð fyrir slátt eða flutning.
- Sláttuvélin vinnur alltaf á lága hraðasviðinu þegar LÁGA staðan á rofa hraðasviðs er valin ([Mynd 27](#)). Þessi stilling er æskileg fyrir notkun á verkstæði, þegar sláttuvél er ekið á eða af eftirvagni, niður

mikinn halla eða fyrir aðra notkun þar sem hærrí aksturshraði á háa hraðasviðinu er ekki æskilegur.

- Ef eitthvað er fyrir skal lyfta sláttubúnaðinum til að slá í kringum það.
- Þegar sláttuvélin er flutt á milli vinnusvæða skal virkja sviðið HÁ/LÁG SJÁLFSKIPTING, slökkva á aflúttakinu og lyfta sláttubúnaðinum í efstu stöðu. Þá virkar inngjafarfótstigið eins og í bifreið.
- Akið ávallt hægt á grófu undirlagi.

Æfa notkun sláttuvélarinnar

- Til að átta sig betur á eiginleikum sláttuvélarinnar skal æfa sig í að nota hana.
- Lyftið sláttubúnaðinum, takið stöðuhemilinn af, þrýstið inngjafarfótstiginu fram og akið varlega inn á opið svæði.
- Æfið að aka sláttuvélinni því hún er með vökvagírskiptingu og eiginleikar hennar geta verið frábrugðnir öðrum garðviðhaldstækjum.
- Æfið að aka sláttuvélinni áfram og aftur á bak og taka af stað og nema staðar. Takið fótinn af inngjafarfótstiginu og leyfið því að fara aftur í HLUTLAUSA stöðu til að stöðva sláttuvélinna.

Ath.: Þegar farið er niður brekku á sláttuvélinni gæti þurft að nota bakkfótstigið til að nema staðar.

- Takið fótinn af inngjafarfótstiginu og þrýstið hemlafótstiginum niður til að nema snögglega staðar.
- Æfið akstur framhjá hindrunum með sláttubúnaðinn uppi og niðri. Farið varlega þegar ekið er á milli tveggja nærliggjandi hluta svo að sláttuvélin eða sláttubúnaðurinn skemmist ekki.

Notkun á rofa fyrir hátt og lágt hraðasvið

Þessi sláttuvél er búin háu og lágu hraðasviði við akstur. Rofi fyrir hraðasvið gerir stjórnanda sláttuvélarinnar kleift að velja eftirfarandi stöður ([Mynd 27](#)):

• Svið hárrar/lágrar sjálfskiptingar:

Ef staðan H/L SJÁLFSKIPTING er valin getur sláttuvélin valið sjálfkrafa á milli lágs og hárs hraðasviðs. Staðan H/L SJÁLFSKIPTING er svipuð og þegar D (drif) er valið í bifreið með sjálfskiptingu.

Ath.: Til að koma í veg fyrir hugsanlegar skemmdir á grassverðinum skiptir sláttuvélin eingöngu á milli lága og háa sviðsins þegar inngjafarfótstigið er í HLUTLAUSRI stöðu og hjólin eru hætt að snúast.


Ath.: Ekki er hægt að lækka sláttubúnaðinn úr flutningsstöðu þegar sláttuvélinni er ekið á háa hraðasviðinu.

- Hraðasviðið takmarkast við lága hraðasviðið þegar staðan H/L SJÁLFSKIPTING er valin og sláttubúnaðurinn er lækkaður fyrir slátt.
- Til að komast á háa hraðasviðið skal velja stöðuna H/L SJÁLFSKIPTING á rofa hraðasviðs, aftengja aflúttakið og lyfta sláttubúnaðinum alveg upp.
- Þegar staðan H/L SJÁLFSKIPTING er valin skiptir sláttuvélin sjálfkrafa á milli háa og lága aksturssviðsins eftir því hver staðan er á sláttubúnaðinum og/eða staðan á aflúttaksrofanum.

• Lágt svið:

Ef LÁGA staðan á rofanum er valin helst sláttuvélin á lága hraðasviðinu öllum stundum. LÁGA staðan er svipuð og þegar 2, 1 EÐA L er valið í bifreið með sjálfskiptingu.

- Þegar LÁGA staðan er valin vinnur sláttuvélin aðeins á lága sviðinu.
- Notið LÁGU stöðuna þegar sláttuvélinni er ekið upp á eftirvagn eða þegar farið er um þröngt rými eins og verkstæði.



Mynd 27

Rofi fyrir hraðasvið


1. Staðan H/L SJÁLFSKIPTING
2. LÁG staða

Notkun inngjafarfótstigs

Þetta fótstig stýrir hraða sláttuvélar þegar farið er áfram og aftur á bak og hemlun á hreyfingu þegar hún er sett í hlutlausan gír.

- Inngjafarfótstigið er eins og inngjöf í bifreið – vélarhraði og sláttuvélarhraði fylgja eftir hreyfingu fótstigsins.
- Við flutning virkar inngjafarfótstigið á svipaðan hátt og í bifreið og breytir vélar- og aksturshraða eftir því í hvaða stöðu inngjafarfótstigið er.
- Við slátt fer vélin sjálfkrafa í hraðan lausagang til að hámarka sláttinn og inngjafarfótstigið stýrir aðeins aksturshraðanum.
- Því lengra sem fótstiginu er ýtt fram eða aftur því hraðar fer sláttuvélin.
- Til að stöðva sláttuvélina mjúklega við flutning eða slátt skal færa inngjafarfótstigið í hlutlausu stöðu með fætinum á viðeigandi hraða.
- Takið fótinn af inngjafarfótstiginu svo það fari aftur í hlutlausu stöðu til að ná fram hámarkshemlun. Sláttuvélin stöðvast.

Þetta dráttarkerfi gerir stjórnanda sláttuvélarinnar kleift að sérstilla hröðunarstillingar eftir því sem hentar honum og brautaraðstæðum. Frekari upplýsingar um hvernig stillingunum er breytt er að finna í [Hröðunarstillingin útskýrð \(síða 39\)](#).



Mynd 28

g321522


1. Inngjafarfótstig

Stilling hámarksaksturs- hraða (fótstigsstoppa)

Þessi eiginleiki gerir kleift að stilla hámarkshraða sláttuvélar þegar fótstiginu er ýtt alveg fram ([Mynd 28](#)). Hægt er að stilla aðskildan hraða fyrir lága sviðið og háa sviðið ([Mynd 27](#)).

- Veljið miðjuhnapp upplýsingaskjásins á aðalskjánum til að fá aðgang að þessum eiginleika ([Mynd 26](#)).

Ath.: Þessi eiginleiki fer aftur í stillingar sláttuvélar þegar slökkt er á með lyklinum.



Mynd 29

g322245

1. Sýnir hámarksaksturs-
hraða (fótstigsstoppa)
2. Þessi hraði er læstur undir
valmyndinni sem er varin
með PIN-númeri.

- Þessi eiginleiki gerir stjórnanda sláttuvélarinnar kleift að sérstilla hraðastillingar eftir því hvað honum finnst þægilegast eða eftir aðstæðum.
 - Hægt er að nota þennan eiginleika til að takmarka hámarksaksturshraða við 75% þegar slegið er á svæði með mörgum trjám.
 - Ef hámarksaksturshraði er stilltur á 75% takmarkast hámarkshraði sláttuvélarinnar við 0 til 75% og passar við fulla hreyfingu inngjafarfótstigsins. Þessi stilling eykur næmni inngjafarfótstigsins, sem skilar sér í betri stjórn. Hraði sláttuvélarinnar breytist í samræmi við hversu mikið inngjafarfótstigið er hreyft til og frá.

Notkun hemlafótstiga


Mikilvægt: Við neyðarhemlun skal taka fótinn af inngjafarfótstiginu og stíga á hemlafótstigin.

Eingöngu á lága hraðasviðinu er hægt að nota annan hemilinn í einu fyrir beygjur eða til að auka grip. Framkvæmið eftirfarandi þegar aðeins annar hemillinn er notaður:

- Losið láskrækju fótstigsins ([Mynd 30](#)).
- Fyrir beygjur skal stíga á viðkomandi hemlafótstig þeim megin sem beygt er í. Þannig er hægt að taka krappari beygjur.

Ath.: Farið varlega þegar aðeins annar hemillinn er notaður, sérstaklega á mjúku eða blautu grasi, vegna þess að grassvörðurinn getur rifnað upp fyrir slysn.


- Fyrir betra grip skal stíga létt á hemlafótstigið sem tengist framdekkinu sem rennur. Stundum getur hjól sem er ofar í brekku til dæmis runnið og misst grip í halla. Ef það gerist skal stíga hægt og rólega á hemlafótstigið með hléum þar til hjólið hættir að renna. Þetta eykur gripið á hjólinu neðar í brekkunni.



Mynd 30

g321521

- | | |
|-------------------------|-----------------------|
| 1. Vinstra hemlafótstig | 3. Stöðuhemilsfótstig |
| 2. Láskrækja fótstigs | 4. Hægra hemlafótstig |



Mynd 31

g321488

1. Rofi hraðastillis

Notkun hraðastillis

Stilling hraðastillis

Rofi hraðastillis læsir hraðastillingum til að halda æskilegum aksturshraða. Ef ýtt er á afturhluta rofans slokknar á hraðastillingum, miðjustaða rofans virkjar hraðastillinn og framhluti rofans stillir æskilegan aksturshraða.


Þegar rofi hraðastillis er virkjaður og hraðinn stilltur ([Mynd 31](#)) skal nota upplýsingaskjáinn til að stilla hraðastillingu hraðastillisins ([Mynd 24](#) og [Mynd 32](#)).

Til að aftengja hraðastillinn skal nota eftirfarandi:

- Þegar unnið er á háa hraðasviðinu skal stíga á inngjafarfótstig afturábak, stíga á aksturshemilinn eða ýta rofa hraðastillisins á SLÖKKTA stöðu.
- Þegar unnið er á lága hraðasviðinu skal stíga á inngjafarfótstig afturábak, stíga á aksturshemilinn, slökkva á aflúttaksrofanum eða ýta rofa hraðastillisins á SLÖKKTA stöðu.

Stilling á hraða hraðastillis

Þegar rofi hraðastillis er virkjaður á stjórnborðinu ([Mynd 31](#)) skal nota upplýsingaskjáinn til að stilla hraðastillingu hraðastillisins ([Mynd 32](#)).



Mynd 32

g321767

1. Sýnir hraða hraðastillis
2. Sýnir hámarksaksturshraða (fótstigsstoppara)
3. Þessi hraði er læstur undir valmyndinni sem er varin með PIN-númeri.

Ábendingar um notkun hraðastillisins

- Stillið á ganghraða fyrir langar vegalengdir án margra hindrana.

- Notið upplýsingaskjáiinn til að stjórna hraðanum á grófu undirlagi.
- Notið hraðastillingu fyrir snúninga á eftirfarandi hátt:
 1. Stílið hraðastillingu á þægilegan og öruggan hraða þegar snúið er við.
 2. Stígið á inngjafarfótstigið til að auka hraðann í miðri sláttuumferð.
 3. Takið fótinn af inngjöfinni þegar snúið er við fyrir næstu sláttuumferð.
 4. Sláttuvélin hægir á sér niður í lágu hraðastillinguna sem gerir stjórnanda hennar kleift að snúa við án vandræða á stöðugum hraða.
 5. Þegar búið er að snúa við skal nota inngjafarfótstigið til að auka aftur hraða sláttuvélarinnar fyrir næstu sláttuumferð.

Hröðunarstillingin útskýrð

Þessi stilling ákvarðar hversu hratt sláttuvélin breytir aksturshraðanum og hefur áhrif á hraðaminnkun hennar á lága hraðasviðinu. Farið í vörðu valmyndirnar í upplýsingaskjánum til að breyta hröðunarstillingunni. Hröðunarstillingin hefur eftirfarandi þrjár stöður:

- Lítil – lítil hraðaaukning og hraðaminnkun
- Miðlungs – miðlungshraðaaukning og hraðaminnkun
- Mikil – mesta hraðaaukning og hraðaminnkun

Snúningsstillingin útskýrð

Snúningsstillingin gerir stjórnanda kleift að lyfta sláttubúnaðinn frá grasinu og stöðva hnifana tímabundið með einni snertiskipun, sem gerir honum kleift að einbeita sér að akstri sláttuvélarinnar við lok sláttuumferðar eða þegar hann ekur framhjá hindrunum á leiðinni.

Ath.: Snúningsstillingin er eiginleiki í vörðu stillingunum.

- Þegar snúningsstillingin er stillt á KVEIKTA stöðu er lyftirofanum ýtt aftur í augnablik ([Mynd 11](#)) til að hækka sláttubúnaðinn sjálfkrafa úr flotstöðu í forstillta hæð, sem aftengir aflúttakið sjálfkrafa. Ýtið lyftirofanum fram til að halda áfram með sláttinn. Allar einingar sláttubúnaðarins lækka og aflúttakið fer aftur í gang.
- Þegar snúningsstillingin er stillt á SLÖKKA stöðu er sláttubúnaðurinn hækkaður handvirkt úr flotstöðu með því að halda inni öllum lyftirofum aftur á við þar til sláttubúnaðurinn hækkar í æskilega hæð. Ýtið á alla þrjá lyftirofanum á Groundsmaster 4700-vélum til að hækka allar sjö einingar sláttubúnaðarins ([Mynd 11](#)). Aflúttakið aftengist

ekki fyrr en einingar sláttubúnaðarins hækka upp í sömu forstilltu hæðina sem þær hækka upp í þegar snúningsstillingin er stillt á KVEIKTA stöðu.

Ath.: Snúningsstillingin er sjálfgefið í KVEIKTRI stöðu.

Mótvægi útskýrt

Mótvægiskerfið viðheldur vökvamótþrýstingi á lyftitjökkum sláttubúnaðarins. Mótvægiskerfið vaktar veggrip í rauntíma og breytir mótþrýstingi lyftitjakks til að hámarka veggrip og útlit grass eftir slátt. Mótvægisþrýstingur hefur verið stilltur í verksmiðjunni á besta jafnvægið á milli grasútlits eftir slátt og veggrips við flestar grasaðstæður. Ef dregið er úr mótvæginu getur sláttubúnaðurinn orðið stöðugri en veggripið minnkað. Ef mótvægið er aukið getur veggripið aukist en aftur á móti getur það haft neikvæð áhrif á útlit grass eftir slátt; sjá [Varðar valmyndir opnaðar \(síða 32\)](#).

Stjórstillingar mótvægis eru eftirfarandi:

- Lágt – mesta þyngdin á sláttubúnaðinum og minnsta þyngdin á dekkjunum
- Miðlungs – miðlungsþyngd á sláttubúnaðinum og dekkjunum
- Hátt – minnsta þyngdin á sláttubúnaðinum og mesta þyngdin á dekkjum sláttuvélarinnar

Toro Smart Power™ útskýrt

Með snjallafli þarf stjórnandi sláttuvélarinnar ekki að hlusta á vélarhraðann í aðstæðum þar sem álag er mikið. Snjallafli kemur í veg fyrir að vélin hægi á sér við erfiðar sláttuáðstæður með því að stjórna vélarhraðanum sjálfkrafa og tryggja hámarksafköst við slátt.

Ath.: Það er sjálfgefið KVEIKT á snjallaflseiginleikanum.

Vélin gangsett

Mikilvægt: Lofttæmið eldsneytiskerfið ef eitthvað af eftirfarandi gerist:

- Drepist hefur á vélinni vegna eldsneytisskorts.
- Viðhald hefur verið framkvæmt á íhlutum eldsneytiskerfisins.
 1. Takið fótinn af inngjafarfótstiginu og gætið þess að það sé í HLUTLAUSRI stöðu. Gangið úr skugga um að stöðuhemillinn sé á.
 2. Snúið lyklinum í GANGSTÖÐUNA. Það ætti að kvikna á forhitunarljósinu.
 3. Snúið lyklinum í stöðuna GANGSETJA þegar forhitunarljósið dofna.

Mikilvægt: Ekki keyra startarann lengur en 15 sekúndur í einu. Annað getur valdið ótímabærri bilun í startaranum. Ef vélin fer ekki í gang innan 15 sekúndna skal snúa lyklinum í SLÖKKTA stöðu, athuga stjórnækið og verklagið, bíða í 15 sekúndur í viðbót og endurtaka gangsetninguna.

4. Sleppið lyklinum um leið og vélin fer í gang. Hann fer sjálfkrafa aftur í GANGSTÖÐU.

Þegar hitastigið er undir -7°C er hægt að keyra startarann í 30 sekúndur og síðan slökkva á honum í 60 sekúndur tvisvar sinnum.

Mikilvægt: Drepið á vélinni og bíðið þar til hún hefur kólnað áður en leitað er að olíuleikum, lausum hlutum eða bilunum.

Drepið á vélinni

Mikilvægt: Leyfið vélinni að ganga í lausagangi í 5 mínútur áður en drepið er á henni eftir notkun undir fullu álagi. Þetta kælir niður forþjöppuna áður en drepið er á vélinni. Sé þetta ekki gert getur það valdið ótímabærri bilun á forþjöppunni.

Ath.: Látið sláttubúnaðinn síga til jarðar þegar sláttuvélinni er lagt. Þetta léttir á vökvaálagi kerfisins, kemur í veg fyrir slit á hlutum kerfisins og kemur einnig í veg fyrir að sláttubúnaðurinn lækki fyrir slysní.

1. Færið aflúttaksrofann í SLÖKKTA stöðu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Snúið svissinum í SLÖKKTA stöðu.
4. Takið lykilinn úr til að koma í veg fyrir gangsetningu í ógáti.

Grassláttur með sláttuvélinni

Ath.: Grassláttur á hraða sem hleður vélina stuðlar að hreinsun sótsíu.

1. Takið hemilinn af, aftengið aflúttakið og hækkið sláttubúnaðinn.
2. Veljið H/L SJÁLFSKIPTINGU eða LÁGU stöðuna með rofa hraðasviðs. Frekari upplýsingar er að finna í „Notkun á rofa fyrir hátt og lágt hraðasvið“.

Ath.: Sláttuvélin velur sjálfkrafa háa hraðasviðið þegar staðan H/L SJÁLFSKIPTING er valin og sláttubúnaðurinn er uppi.

3. Notið inngjafarfótstigið eins og gert er í bifreið til að aka sláttuvélinni á vinnusvæðið.
4. Staðsetjið sláttuvélina utan við sláttusvæðið fyrir fyrstu sláttuumferðina.
5. Lækkið sláttubúnaðinn með veltirofanum eða rofunum.

6. Ýtið lyftirofanum (GM4500) eða miðjulyftirofanum (GM4700) aftur til að lyfta sláttubúnaðinum upp í snúningsstöðuna.

Ath.: Snúningsstaðan er aðeins í boði ef hún er virkjuð undir vörðu valmyndunum á upplýsingaskjánum. Ef ýtt er á veltirofan án þess að halda honum lyftist sláttubúnaðurinn í snúningsstöðuna og stöðvar snúning hnífanna þar til sláttubúnaðurinn er lækkaður.

7. Togið aflúttaksrofann út til að virkja sláttubúnaðinn.

Ath.: Vélarhraðinn fer sjálfkrafa upp í hraðan lausagang þegar sláttubúnaðurinn er lækkaður og aflúttaksrofinn virkjaður.

8. Notið inngjafarfótstigið til að aka varlega inn á sláttusvæðið og lækkið sláttubúnaðinn með veltirofanum þegar fremri sláttubúnaðurinn er yfir sláttusvæðinu.

Ath.: Æfið að lækka ekki sláttubúnaðinn of snemma eða sláið blett sem átti ekki að slá.

9. Byrjið að slá svæðið.
10. Þegar sláttuumferð er lokið skal ýta lyftirofanum (GM4500) eða miðjulyftirofanum (GM4700) aftur til að lyfta sláttubúnaðinum upp í snúningsstöðuna.
11. Undirbúið næstu umferð með því að snúa strax við í dropalaga beygju.
12. Ýtið lyftirofanum (GM4500) eða miðjulyftirofanum (GM4700) niður til að lækka sláttubúnaðinn sjálfkrafa úr snúningsstöðu og halda áfram með sláttinn.

Hreinsun sótsíu

Sótsían eru hluti af útblásturskerfinu. Dísiloxunarhvati sótsíunnar dregur úr skaðlegum lofttegundum og sótsían fjarlægir söt úr útblæstri vélarinnar.

Hreinsunarferli sótsíunnar notar hita úr útblæstri vélarinnar til að brenna söt sem safnast fyrir á sótsíunni, umbreyta því í ösku og hreinsa rásir síunnar þannig að síaður útblástur vélarinnar fer út um sótsíuna.

Tölva vélarinnar vaktar uppsöfnun sóts með því að mæla mótþrýstingin í sótsíunni. Ef mótþrýstingurinn er of mikill er sótið ekki brennt í sótsíunni við hefðbundna notkun vélarinnar. Til að hreinsa söt af sótsíunni skal hafa eftirfarandi í huga:

- Hlutlaus hreinsun á sér stað þegar vélin er í gangi – keyrið vélina á fullum snúningshraða þegar það er hægt til að ýta undir frekari hreinsun sótsíu.
- Ef mótþrýstingurinn í sótsíunni er of mikill eða ekki er búið að framkvæma hreinsun í endurstillingu í 100 vinnustundir beinir tölvan notandanum á



upplýsingaskjárninn þegar hreinsun í endurstillingu er í gangi.

- Ekki drepa á vélinni fyrr en hreinsunarferlinu í endurstillingu er lokið.

Stjórnandi og sinnið viðhaldi sláttuvélarinnar með virkni sótsíunnar í huga. Álagið sem verður á vélinni í hröðum lausagangi (fullri inngjöf) skapar yfirleitt nægan útblásturshita fyrir hreinsun sótsíu.

Mikilvægt: Lágmarkið tímann sem vélinni er haldið í lausagangi eða notuð á lágum snúningshraða til að draga úr uppsöfnun sóts á sótsíuna.



Viðvörðunarbóð vélar – Uppsöfnun sóts

Viðvörðunarsstig	Bilanakóði	Uppgefið afl vélar	Ráðlögð aðgerð
Stig 1: Vélarviðvörðun	 <p>g322972 Mynd 33</p>	Tölvan dregur úr vélarafli niður í 85%.	Framkvæmið hreinsun í kyrrstöðu eins fljótt og auðið er; sjá Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt (síða 47) .
Stig 2: Vélarviðvörðun	 <p>g322973 Mynd 34</p>	Tölvan dregur úr vélarafli niður í 50%.	Framkvæmið hreinsun í endurheimt eins fljótt og auðið er; sjá Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt (síða 47) .

Uppsöfnun ösku á sótsíu


- Léttari askan er losuð í gegnum útblásturskerfið; þyngri askan safnast fyrir í sótsíunni.
- Aska er leifar af hreinsunarferlinu. Með tímanum safnar sótsían ösku sem losnar ekki út með útblæstri vélarinnar.
- Tölva vélarinnar reiknar út öskumagnið sem hefur safnast í sótsíunni.
- Þegar ákveðið mikil aska hefur safnast upp sendir tölvan upplýsingar til upplýsingaskjásins í formi vélarbilunar til að láta vita af öskusöfnun í sótsíunni.
- Bilanabóðin gefa til kynna að það sé kominn tími á viðhaldsskoðun sótsíunnar.
- Auk viðvarananna dregur tölvan úr vélaraflinu á mismunandi stigum sótsöfnunar.

Tilmæli upplýsingaskjás og viðvörðunarbóð vélar – Öskusöfnun



Viðvörðunarsstig	Bilanakóði	Dregið úr snúningshraða vélar	Uppgefið afl vélar	Ráðlögð aðgerð
Stig 1: Vélarviðvörðun	 <p>g322987 Mynd 35</p>	Ekkert	Tölvan dregur úr vélarafli niður í 85%.	Viðhald sótsíu; sjá Viðhaldi sinni á dísiloxunarhvata og sótsíu (síða 66)
Stig 2: Vélarviðvörðun	 <p>g323161 Mynd 36</p>	Ekkert	Tölvan dregur úr vélarafli niður í 50%.	Viðhald sótsíu; sjá Viðhaldi sinni á dísiloxunarhvata og sótsíu (síða 66)

Hreinsunaraðferðir sótsíu


Hreinsunaraðferðir sótsíu sem eru framkvæmdar þegar sláttuvélin er í notkun:

Hreinsunaraðferð	Aðstæður sem leiða til hreinsunar sótsíu	Lýsing á virkni sótsíu
Hlutlaus	Gerist við eðlilega notkun sláttuvélar á háum snúningshraða eða þegar vélin er undir miklu álagi	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingaskjárnir sýnir ekki tákn sem gefur til kynna hlutlausa hreinsun. • Við hlutlausa hreinsun vinnur sótsían úr mjög heitum útblásturslofttegundum með því að oxa skaðlegan útblástur og breyta sóti í ösku með brennslu. <p>Frekari upplýsingar eru í Hlutlaus hreinsun sótsíu (síða 45).</p>
Aðstoð	Gerist þegar vélin keyrir á lágum snúningshraða, er undir litlu álagi eða þegar tölvan greinir að sótsían er að stíflast af sóti	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingaskjárnir sýnir ekki tákn sem gefur til kynna hreinsun með aðstoð. • Við hreinsun með aðstoð breytir tölvan vélarstillingunum til að hækka útblásturshitann. <p>Frekari upplýsingar eru í Hreinsun sótsíu með aðstoð (síða 45).</p>
Reset	Gerist á 100 vinnustunda fresti Gerist líka eingöngu eftir hreinsun með aðstoð ef tölvan greinir að hreinsun með aðstoð hafi ekki minnkað sótmagnið nógu mikið	<ul style="list-style-type: none"> • Hreinsun er í gangi þegar tákn fyrir háan útblásturshita  er sýnt á upplýsingaskjárnnum. • Við hreinsun í endurstillingu breytir tölvan vélarstillingunum til að hækka útblásturshitann. <p>Frekari upplýsingar eru í Hreinsun í endurstillingu (síða 45).</p>

Hreinsunaraðferðir sótsíu sem krefjast þess að sláttuvélinni verði lagt:

Hreinsunaraðferð	Aðstæður sem leiða til hreinsunar sótsíu	Lýsing á virkni sótsíu
Í kyrrstöðu	Gerist vegna þess að tölvan skynjar bakþrýsting í sótsíunni vegna sótsöfnunar Gerist einnig vegna þess að stjórnandi sláttuvélar virkjar hreinsun í kyrrstöðu Kann að gerast vegna þess að upplýsingaskjárnir var stilltur á að hindra hreinsun í endurstillingu og halda áfram notkun sláttuvélarinnar, sem safnar upp meira sóti þegar sótsían þarf nauðsynlega á hreinsun í endurstillingu að halda Getur gerst ef notað var rangt eldsneyti eða smurolía	<ul style="list-style-type: none"> • Þegar tákn fyrir hreinsun í biðstöðu/kyrrstöðu eða  endurheimt  eða TILMÆLI #188 birtast á upplýsingaskjárnnum er beðið um hreinsun. • Framkvæmið hreinsun í kyrrstöðu eins fljótt og auðið er til að koma í veg fyrir að þurfa hreinsun í endurheimt. • Hreinsun í kyrrstöðu tekur 30 til 60 mínútur. • Eldsneytisgeymir vélarinnar verður að vera fylltur a.m.k. til fjórðungs. • Þú verður að leggja vélinni til að keyra hreinsun í kyrrstöðu. <p>Frekari upplýsingar eru í Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt (síða 47).</p>


Hreinsunaraðferðir sótsíu sem krefjast þess að sláttuvélinni verði lagt: (cont'd.)

Hreinsunaraðferð	Aðstæður sem leiða til hreinsunar sótsíu	Lýsing á virkni sótsíu
Endurheimt	Gerist vegna þess að stjórnandi sláttuvélar hunsaði beiðnir um hreinsun í kyrrstöðu og hélt áfram að nota sláttuvélina, sem safnar meira sóti á sótsíuna	<ul style="list-style-type: none"> • Þegar tákni fyrir hreinsun í biðstöðu/kyrrstöðu eða endurheimt  eða TILMÆLI #190 birtast á upplýsingaskjánum er beið um hreinsun í endurheimt. • Hreinsun í endurheimt tekur allt að 3 klukkustundir. • Eldsneytisgeymir vélarinnar verður að vera fylltur a.m.k. til hálf. • Leggja þarf vélinni til að framkvæma hreinsun í endurheimt. <p>Frekari upplýsingar eru í Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt (síða 47).</p>

Aðgangur að hreinsunarvalmyndum sótsíu

Aðgangur að hreinsunarvalmyndum sótsíu

1. Opnið þjónustuvallmyndina, ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að valkostinum HREINSUN SÓTSÍU ([Mynd 37](#)).



Mynd 37


g227667

2. Ýtið á hægri hnappinn til að velja færslu sótsíuhreinsunar ([Mynd 37](#)).

Tími frá síðustu hreinsun

Opnið valmynd sótsíuhreinsunar, ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að reitnum SÍÐASTA HREINSUN ([Mynd 38](#)).

Notið reitinn SÍÐASTA HREINSUN til að finna út í hversu margar vinnustundir vélin hefur keyrt frá síðustu hreinsun í endurstillingu, kyrrstöðu eða endurheimt.



Mynd 38

g224693


Valmynd tæknimanna

Mikilvægt: Til að auka þægindi við notkun gæti verið sniðugt að framkvæma hreinsun í kyrrstöðu áður en sótmagnið nær 100%, svo lengi sem sláttuvélin hafi keyrt í meira en 50 vinnustundir frá síðustu hreinsun í endurstillingu, kyrrstöðu eða endurheimt.

Ath.: Kyrrstæð endurmyndun er leyfð áður en vélin nær upp í 50 vinnustundir.

Notið valmynd tæknimanna til að skoða núverandi stöðu á hreinsunarstjórnun vélarinnar og uppgæfið sótmagn.


Opnið valmynd sótsúhrensunar, ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að valkostinum TÆKNIMAÐUR og ýtið á hægri hnappinn til að velja færslu tæknimanns (Mynd 39).



Mynd 39

g227348

- Notið töflu sótsúvinnslu til að greina núverandi stöðu sótsúvinnslunnar (Mynd 40).



Mynd 40

g227360

Tafla sótsúvinnslu


Staða	Lýsing
Venjulegt	Sótsían er í eðlilegri vinnustillingu – hlutlausri hreinsun.
Hreinsun með aðstoð	Tölva vélarinnar er að framkvæma hreinsun með aðstoð.

Tafla sótsúvinnslu (cont'd.)

Staða	Lýsing
Endurstilling í biðstöðu	Tölva vélarinnar er að reyna að framkvæma hreinsun í endurstillingu en eitt af eftirfarandi kemur í veg fyrir hreinsun: Stilling á hindrun hreinsunar er stíllt á KVEIKT. Útblásturshitinn er of lítill fyrir hreinsun.
Hreinsun í endurstillingu	Tölva vélarinnar er að framkvæma hreinsun í endurstillingu.
Kyrrstaða í bið	Tölva vélarinnar biður um að láta framkvæma hreinsun í kyrrstöðu.
Hreinsun í kyrrstöðu	Lögð var fram beiðni um hreinsun í kyrrstöðu og tölva vélarinnar er að framkvæma hreinsunina.
Endurheimt í bið	Tölva vélarinnar biður um að láta framkvæma hreinsun í endurheimt.
Endurheimt Hreinsun	Lögð var fram beiðni um hreinsun í endurheimt og tölva vélarinnar er að framkvæma hreinsunina.

- Skoðið sótmagnið sem mælt er sem prósentu af sóti í sótsíunni (Mynd 41); sjá töflu yfir sótmagn.

Ath.: Gildi sótmagns breytist eftir því sem sláttuvélin er notuð og sótsían hreinsuð.



Mynd 41

g227359

Tafla yfir sótmagn

Mikilvæg gildi sótmagns	Staða hreinsunar
0% til 5%	Lágmarkssvið sótmagns
78%	Tölva vélarinnar framkvæmir hreinsun með aðstoð.
100%	Tölva vélarinnar biður sjálfkrafa um hreinsun í kyrrstöðu.
122%	Tölva vélarinnar biður sjálfkrafa um hreinsun í endurheimt.

Hlutlaus hreinsun sótsíu

- Hlutlaus hreinsun er hluti af eðlilegri notkun vélarinnar.
- Þegar sláttuvélin er notuð skal keyra vélina á fullum hraða og undir miklu álagi þegar það er hægt til að stuðla að hreinsun sótsíunnar.

Hreinsun sótsíu með aðstoð


- Tölvan breytir vélarstillingunum til að hækka útblásturshitann.
- Þegar sláttuvélin er notuð skal keyra vélina á fullum hraða og undir miklu álagi þegar það er hægt til að stuðla að hreinsun sótsíunnar.

Hreinsun í endurstillingu

▲ VARÚÐ

Útblásturinn er heitur (u.þ.b. 600°C) við hreinsun sótsíu. Heitar útblásturslofttegundir eru skaðlegar stjórnanda sláttuvélarinnar og öðru fólki.

- Aldrei nota vélina í lokuðu rými.
- Gangið úr skugga um að engin eldfim efni séu nálægt útblásturskerfinu.
- Snertið aldrei heitan íhlut útblásturskerfisins.
- Standið aldrei nálægt eða í kringum útblástursrör vélarinnar.



Mynd 42

g224417

Mikilvægt: Táknið fyrir háan útblásturshita gefur til kynna að útblásturinn sem vélin gefur frá sér kunni að vera heitari en við venjulega notkun.

- Sláið með sláttuvélinni á fullum snúningshraða undir miklu álagi til að stuðla að hreinsun sótsíu.
- Táknið birtist á upplýsingaskjánum á meðan hreinsun í endurstillingu er í gangi.
- Ef hægt er skal ekki drepa á vélinni eða draga úr vélarhraðanum á meðan hreinsun í endurstillingu er í gangi.

Mikilvægt: Ef hægt er skal leyfa sláttuvélinni að ljúka hreinsunarferli í endurstillingu áður en drepið er á vélinni. Þegar ekki gefst mikill tími til að ljúka hreinsuninni hefst hreinsun með aðstoð aftur þegar sláttuvélin er sett í gang til að leiðrétta ganghita á háum snúningshraða.


Reglubundin hreinsun í endurstillingu

Ef vélin hefur ekki náð að ljúka hreinsun í endurstillingu, kyrrstöðu eða endurheimt síðustu 100 vinnustundir hennar mun tölvan reyna að framkvæma hreinsun í endurstillingu.

Stilling á hindrun hreinsunar

Eingöngu hreinsun í endurstillingu

Ath.: Ef upplýsingaskjáriinn er stilltur á að hindra hreinsun sýnir skjáriinn TILMÆLI #185 (Mynd 43) á 15 mínútna fresti á meðan vélin biður um hreinsun í endurstillingu.



Mynd 43

g224692


Hreinsun í endurstillingu eykur útblástur vélarinnar. Hægt er að nota stillingu sem hindrar hreinsun til að koma í veg fyrir að tölva vélarinnar framkvæmi hreinsun í endurstillingu ef sláttuvélin er notuð í kringum tré, runna, hátt gras eða aðrar plöntur eða efni sem er viðkvæmt fyrir hita. Setjið stillinguna aftur á SLÖKKTA stöðu þegar sláttuvélin er fjarri trjám, háu grasi eða öðrum plöntum eða efni sem er viðkvæmt fyrir hita.

Mikilvægt: Þegar drepið er á vélinni og hún sett aftur í gang er stilling á hindrun hreinsunar sjálfgefið stillt á SLÖKKTA stöðu.

1. Opnið valmynd sótsúhrensunar, ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að valkostinum HINDRA HREINSUN og ýtið á hægri hnappinn til

- Táknið fyrir háan útblásturshita birtist á upplýsingaskjánum (Mynd 42).
- Tölvan breytir vélarstillingunum til að hækka útblásturshitann.


að velja færsluna fyrir hindrun hreinsunar (Mynd 44).



Mynd 44

g227304

2. Ýtið á hægri hnappinn til að breyta stillingu á hindrun hreinsunar úr kveiktri stöðu í slökktu (Mynd 44) eða úr slökktu stöðu í kveiktu (Mynd 45).




Mynd 45


g224691

Leyfa hreinsun í endurstillingu

Upplýsingaskjáriinn sýnir táknið fyrir háan

útblásturshita  þegar hreinsun í endurstillingu er í gangi.


Ath.: Ef HINDRA HREINSUN er stillt á KVEIKT sýnir upplýsingaskjáriinn TILMÆLI #185 (Mynd 46). Ýtið á hnapp 3 til að SLÖKKVA á stillingu á hindrun hreinsunar og halda áfram með hreinsun í endurstillingu.



Mynd 46

g224394

Ath.: Ef upplýsingaskjáriinn sýnir TILMÆLI #186 (Mynd 47) skal gefa vélinni alveg inn (hraðan lausagang) svo að hreinsun í endurstillingu getið haldið áfram.



Mynd 47


g224395

Ath.: Þegar hreinsun í endurstillingu er lokið hverfur

hár útblásturshiti  af upplýsingaskjánum.

Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt

- Þegar tölva vélarinnar biður annaðhvort um hreinsun í kyrrstöðu eða hreinsun í endurheimt birtist tákn hreinsunarbeiðni ([Mynd 48](#)) á upplýsingaskjánum.



Mynd 48


g224404

- Sláttuvélin framkvæmir ekki sjálfkrafa hreinsun í kyrrstöðu eða hreinsun í endurheimt. Hreinsunin þarf að fara fram í gegnum upplýsingaskjáinn.

Skilaboð vegna hreinsunar í kyrrstöðu

Þegar tölva vélarinnar biður um hreinsun í kyrrstöðu birtast eftirfarandi skilaboð á upplýsingaskjánum:

- Vélarviðvörðun ([Mynd 49](#))




Mynd 49

g322987

- Þörf á hreinsun í kyrrstöðu TILMÆLI #188 ([Mynd 50](#))


Ath.: Tilmæli #188 birtast á 15 mínútna fresti.



Mynd 50

g224397

- Ef ekki er framkvæmd hreinsun í kyrrstöðu innan tveggja klukkustunda birtir upplýsingaskjárinn: þörf á hreinsun í kyrrstöðu – aflúttak óvirkt TILMÆLI #189 ([Mynd 51](#)).




Mynd 51

g224398

Mikilvægt: Framkvæmið hreinsun í kyrrstöðu til að endurheimta virkni aflúttaksins; sjá [Undirbúningur fyrir hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt \(síða 48\)](#) og [Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt framkvæmd \(síða 48\)](#).

Ath.: Upphafsskjámyndin sýnir tákníð fyrir óvirkt aflúttak ([Mynd 52](#)).




Mynd 52

g224415

Skilaboð vegna hreinsunar í endurheimt

Þegar tölva vélarinnar biður um hreinsun í endurheimt birtast eftirfarandi skilaboð á upplýsingaskjánum:


- Vélarviðvörðun ([Mynd 53](#))



Mynd 53

g322973


- Vélarviðvörðun ([Mynd 54](#))



Mynd 54

g322986

- Þörf á hreinsun í endurheimt – aflúttak óvirkt TILMÆLI #190 ([Mynd 55](#))



Mynd 55


g224399

Mikilvægt: Framkvæmið hreinsun í endurheimt til að endurheimta virkni aflúttaksins; sjá [Undirbúningur fyrir hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt \(síða 48\)](#) og [Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt framkvæmd \(síða 48\)](#).

Ath.: Upphafsskjámyndin sýnir táknið fyrir óvirkt aflúttak; sjá [Mynd 52](#) í [Skilaboð vegna hreinsunar í kyrrstöðu \(síða 47\)](#).

Takmörkun á stöðu sótsíu


- Ef tölva vélarinnar biður um hreinsun í endurheimt eða er að vinna úr einni slíkri og flett er niður á valkostinn HREINSUN Í KYRRSTÖÐU læsist hreinsun í kyrrstöðu og lástáknið ([Mynd 56](#)) birtist niðri í hægra horni upplýsingaskjásins.



Mynd 56

g224625

- Ef tölva vélarinnar hefur ekki beðið um hreinsun í endurheimt og flett er niður á valkostinn HREINSUN Í ENDURHEIMT læsist hreinsun í endurheimt og lástáknið ([Mynd 57](#)) birtist niðri í hægra horni upplýsingaskjásins.



Mynd 57

g224628

Undirbúningur fyrir hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt

- Gangið úr skugga um að sláttuvélin sé með eldsneyti á eldsneytisgeyminum fyrir þá hreinsun sem verið er að framkvæma:
 - Hreinsun í kyrrstöðu:** Gangið úr skugga um að geymirinn sé fylltur til fjórðungs áður en hreinsun í kyrrstöðu er framkvæmd.
 - Hreinsun í endurheimt:** Gangið úr skugga um að geymirinn sé fylltur til hálfis áður en hreinsun í endurheimt er framkvæmd.
- Færið sláttuvélina út undir bert loft á svæði fjarri eldfimu efni.
- Leggið vinnuvélina á jafnsléttu.
- Gangið úr skugga um að spyrnustýring eða akstursstjórnstangir séu í HLUTLAUSRI stöðu.
- Slökkið á aflúttaki og lækkið sláttubúnað eða fylgihluti ef það á við.
- Setjið stöðuhemilinn á.
- Stillið inngjöfina á hægán LAUSAGANG.

Hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt framkvæmd



VARÚÐ

Útblásturinn er heitur (u.þ.b. 600°C) við hreinsun sótsíu. Heitar útblásturslofttegundir eru skaðlegar stjórnanda sláttuvélarinnar og öðru fólki.

- Aldrei nota vélin í lokuðu rými.
- Gangið úr skugga um að engin eldfim efni séu nálægt útblásturskerfinu.
- Snertið aldrei heitan íhlut útblásturskerfisins.
- Standið aldrei nálægt eða í kringum útblástursrör vélarinnar.

Mikilvægt: Tölva vélarinnar hættir við hreinsun sótsíu ef vélarhraðinn er aukinn úr hægum lausagangi eða ef stöðuhemillinn er tekinn af.

- Opnið valmynd sótsíuhreinsunar, ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að valkostinum RÆSA HREINSUN Í KYRRSTÖÐU eða valkostinum RÆSA HREINSUN Í ENDURHEIMT ([Mynd 58](#)) og ýtið á hægri hnappinn til að ræsa hreinsunina ([Mynd 58](#)).





Mynd 58

g224402

g224629

2. Á skjámyndinni STAÐFESTA ELDSNEYTISSTÖÐU skal staðfesta að geymirinn sé fylltur til fjórðungs ef framkvæma á hreinsun í kyrrstöðu eða fylltur til hálfis ef framkvæma á hreinsun í endurheimt og ýtið á hægri hnappinn til að halda áfram (Mynd 59).





Mynd 59

g224414

g227678

3. Á skjámynd fyrir gátlista sótsíu skal staðfesta að stöðuhemillinn sé á og vélin í hægum lausagangi (Mynd 60).

Ath.: Ekki stíga á inngjafarfótstigið á meðan hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt er í gangi.





Mynd 60

g224407



g227679

4. Á skjámyndinni RÆSA HREINSUN SÓTSÍU skal ýta á hægri hnappinn til að halda áfram (Mynd 61).




Mynd 61

5. Upplýsingaskjárinn birtir skilaboðin RÆSIR HREINSUN SÓTSÍU (Mynd 62).




Mynd 62

6. Upplýsingaskjárinn birtir skilaboð um tímann sem þetta tekur (Mynd 63).



g224406



g224406

Mynd 63

7. Tölvan athugar ástand vélar og upplýsingar um bilanir. Upplýsingaskjárinn gæti birt eftirfarandi skilaboð sem finna má í neðangreindri töflu:



Ath.: Þessi skilaboð birtast ef reynt er að framkvæma þvingaða hreinsun í kyrrstöðu innan við 50 vinnustundir frá síðustu hreinsun.

Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro varðandi viðhaldsvinnu eða viðgerðir ef sláttuvélin biður um hreinsun og þessi skilaboð birtast.


Skoða töflu yfir skilaboð og aðgerðir til úrbóta

<p>Aðgerð til úrbóta: Farið úr valmynd hreinsunar og látið sláttuvélina ganga þar til tíminn frá síðustu hreinsun er orðinn meiri en 50 vinnustundir; sjá Tími frá síðustu hreinsun (síða 43).</p>	
<p>Aðgerð til úrbóta: Gerið bilanagreiningu á vélinni og reynið aftur að hreinsa sótsíuna.</p>	
<p>Aðgerð til úrbóta: Gangsetjið vélina og látið hana ganga.</p>	
<p>Aðgerð til úrbóta: Látið vélina ganga til að hita kælivökvann upp í 60°C.</p>	

Skóða töflu yfir skilaboð og aðgerðir til úrbóta (cont'd.)

<p>Parked Regen Put  in low idle.</p>	<p>Recovery Regen Put  in low idle.</p>
<p>Aðgerð til úrbóta: Breytið snúningshraða vélarinnar í hægan lausagang.</p>	
<p>Parked Regen Regen refused by ECU.</p>	<p>Recovery Regen Regen refused by ECU.</p>
<p>Aðgerð til úrbóta: Gerið bilanagreiningu á tölvu vélarinnar og reynið aftur að hreinsa sótsíuna.</p>	


8. Upplýsingaskjáriinn sýnir upphafsskjámyndina og táknið fyrir staðfestingu hreinsunar ([Mynd 64](#)) sést niðri í hægra horni skjámyndarinnar á meðan hreinsunin er í gangi.




Mynd 64

g224403

Ath.: Á meðan hreinsun sótsíu er í gangi sýnir upplýsingaskjáriinn táknið fyrir háan

útblásturshita .


9. Þegar tölva vélarinnar lýkur hreinsun í kyrrstöðu eða hreinsun í endurheimt birtir upplýsingaskjáriinn TILMÆLI #183 ([Mynd 65](#)). Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta og fara á upphafsskjámyndina.



Mynd 65

g224392

Ath.: Ef ekki tekst að ljúka hreinsuninni birtir upplýsingaskjáriinn tilmæli #184 ([Mynd 66](#)). Ýtið á vinstri hnappinn til að hætta og fara á upphafsskjámyndina.




Mynd 66

g224393

Hætta við hreinsun í kyrrstöðu eða endurheimt

Notið afturköllunarstillingu fyrir hreinsun í kyrrstöðu eða hreinsun í endurheimt til að hætta við yfirstandandi hreinsunarferli í kyrrstöðu eða endurheimt.


1. Farið í valmynd fyrir hreinsun sótsíu ([Mynd 67](#)).



Mynd 67

g227305

2. Ýtið á miðjuhnappinn til að fletta niður að valkostinum HÆTTA VIÐ HREINSUN Í KYRRSTÖÐU ([Mynd 67](#)) eða HÆTTA VIÐ HREINSUN Í ENDURHEIMT ([Mynd 68](#)).



Mynd 68


g227306

3. Ýtið á hægri hnappinn til að velja færslu fyrir afturköllun hreinsunar ([Mynd 67](#) eða [Mynd 68](#)).

Notkun kæliviftu vélarinnar


Sláttuvélin stjórnar yfirleitt kæliviftu vélar. Sláttuvélin getur snúið við snúningi viftunnar þannig að hún blási óhreinindum af afturhlífinni. Við eðlilegar notkunaraðstæður stjórnar sláttuvélin viftuhraðanum og snúningsáttinni eftir því hvert hitastig kælivökva og glussa er og viftan breytir snúningsáttinni sjálfkrafa til að blása óhreinindi af afturhlífinni.

Hægt er að breyta snúningsátt viftunnar handvirkt með því að ýta á báða ytri hnappana á upplýsingaskjánum ([Mynd 69](#)) í 2 sekúndur – viftan klárar öfugan snúning sem var settur af stað handvirkt. Breytið snúningsátt viftunnar þegar afturhlífinn stíflast eða áður en farið er með sláttuvélina inn á verkstæði eða geymslusvæði.



G036843

g036843



G036844

g036844

Mynd 69

Ábendingar um notkun

Breyta sláttumynstri

Breyttu sláttumynstri reglulega til að lágmarka neikvæð áhrif á útlit grass eftir slátt sem verður þegar slegið er endurtekið í sömu átt.

Lausn á útliti eftir slátt

Frekari upplýsingar er að finna í *Bilanaleitarhandbók vegna útlits eftir slátt* á www.Toro.com.

Notkun viðeigandi sláttutækni

- Virkja skal sláttubúnaðinn og aka varlega inn á sláttusvæðið þegar hefja á slátt. Lækkið sláttubúnaðinn þegar fremri sláttubúnaðurinn er yfir sláttusvæðinu.
- Stundum er eftirsóknarvert að ná fram faglegum beinum línnum og röndum við slátt, en þá skal finna tré eða annan hlut í fjarlægð og aka beint að honum.
- Lyftið upp sláttubúnaðinum strax og fremri sláttubúnaðurinn nær að endimörkum sláttusvæðisins og snúið við í dropalaga beygju til að undirbúa næstu umferð.
- Boltaðar tætingshlífur eru í boði fyrir sláttubúnaðinn. Tætingshlífarnar hentar vel þegar grasinu er haldið við með reglulegu millibili til að þurfa ekki að slá meira en 25 mm af grasvexti fyrir hvern slátt. Það getur haft neikvæð áhrif á útlit grassins eftir slátt og kostað meira afl að slá grasið þegar of mikill grasvöxtur er sleginn með tætingshlífunum á. Tætingshlífarnar henta einnig vel við að tæta laufblöð á haustin.

Að velja rétta sláttuhæðarstillingu sem hentar notkunarskilyrðum

Sláið ekki meira en um það bil 25 mm eða ekki meira en þriðjung af grasblaðinu. Það gæti þurft að hækka sláttuhæðina ef um er að ræða mjög gróskumikið og þéttvaxið gras.

Sláttur með beittum hnífum

Beittur hnífur skilar hreinum skurði án þess að rífa eða tæta grasblöðin eins og bitlaus hnífur gerir. Rífið og tætt gras verður brúnt á endunum og það hægir á vexti og eykur hættu á sjúkdómum. Gangið úr skugga um að hnífurinn sé í góðu ástandi og bakkinn heillegur; sjá [Viðhald hnífslatar \(síða 84\)](#).

Athugun á ástandi sláttubúnaðar

Gangið úr skugga um að sláttuhólfin séu í góðu ástandi. Réttið úr öllum beyglum á íhlutum hólsins til að tryggja nægt rými fyrir hnífssenda í hólf. Gangið úr skugga um að ekki komi slag á kefli og snúningsliði til að koma í veg fyrir skemmdir á grasinu eða slæmt útlit eftir slátt.

Viðhald sláttuvélar eftir slátt

Eftir slátt skal skola vel af sláttuvélinni með garðslöngu án stúts til að koma í veg fyrir mengun í og skemmdum á þéttum og legum vegna of mikils vatnsþrýstings. Gangið úr skugga um að vatnskassinn og olíukælirinn séu lausir við óhreinindi eða afskurð. Eftir þrif skal leita eftir glussaleka, skemmdum og sliti á íhlutum vökvakerfis og vélrænum íhlutum og athuga bit á hnífum sláttubúnaðarins.


Eftir notkun

Almennt öryggi

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr öikumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið að viðhaldi og viðgerðum, hún þrífur eða sett í geymslu.
- Hreinsið gras og óhreinindi af sláttubúnaði og hljóðkút og úr vélarrými til að koma í veg fyrir hættu á íkveikju. Hreinsið upp olíu- eða eldsneytisleka.
- Ef sláttubúnaðurinn er í flutningsstöðu skal virkja vélrænan læsibúnað (ef hann er til staðar) áður en sláttuvélin er skilin eftir án eftirlits.
- Leyfið vélinni að kólna áður en sláttuvélin er sett í geymslu innandyrá.
- Takið lykilinn úr og lokið fyrir eldsneyti (ef það er hægt) áður en sláttuvélin er sett í geymslu eða flutt.
- Aldrei geyma sláttuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða öðrum heimilistækjum.
- Haldið sætisbeltum við og þrífið eftir þörfum


Notkun dragreipis við geymslu sláttubúnaðar

Notið dragreipi við geymslu sláttubúnaðar til að koma í veg fyrir að ytri sláttubúnaður að framan sígi niður þegar sláttuvélinni er lagt yfir nótt eða sett í geymslu til lengri tíma. Einnig er hægt að nota dragreipi við geymslu sláttubúnaðar til að koma í veg fyrir að sláttubúnaðurinn sígi niður þegar sláttuvélinni er ekið á milli bletta sem á að slá.



Mynd 70

g225484



Mynd 71

g225483

Festing sláttubúnaðar

1. Gangið úr skugga um að aflúttakið sé aftengt.
2. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
3. Setjið stöðuhemilinn á.
4. Hækkið sláttubúnaðinn alveg upp.
5. Látið dragreipið flúta við burðarskaft lyftiarmsins fyrir ytri sláttubúnaðinn að framan (Mynd 71).

1. Burðarskaftsgróp (ytri lyftiarmur að framan)
2. Dragreipislykkja


6. Rennið lykkju dragreipisins inn á burðarskaftið þar til dragreipið er komið ofan í gróp skaftsins (Mynd 71).
7. Endurtakið skref 5 og 6 fyrir ytri sláttubúnaðinn að framan á hinni hlið sláttuvélarinnar.

Mikilvægt: Losið dragreipin af burðasköftunum áður en sláttubúnaðurinn er lækkaður

Gengið frá dragreipum

Ath.: Gangið frá dragreipum þegar þau eru ekki í notkun.


1. Gangið úr skugga um að aflúttakið sé aftengt.
2. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
3. Setjið stöðuhemilinn á.
4. Með sláttubúnaðinn niðri skal koma lykkju dragreipisins fyrir í raufina á styrktarplötu keflisstoðarinnar (Mynd 72).



Mynd 72

g225485

1. Styrktarplöturauf (keflisstoð)
2. Dragreipislykkja



Mynd 73

g038610

Notkun flutningsfestinga Eingöngu Groundsmaster 4700

Notið flutningsfestingarnar tvær að aftan fyrir sláttueiningar 6 og 7 (Mynd 15) þegar sláttuvélin er flutt yfir langar vegalendir, gróft undirlendi og þegar hún er sett í geymslu.

Vinnuvélin flutt

- Takið lykilinn úr og lokið fyrir eldsneyti (ef það er hægt) áður en sláttuvélin er sett í geymslu eða flutt.
- Sýnið aðgát þegar sláttuvélin er sett á eða tekin af eftirvagni eða palli.
- Notið skábrautir í fullri breidd við að aka honum á eftirvagn eða palla.
- Festið vinnuvélina tryggilega.

Vinnuvélinni ýtt eða hún dregin

Í neyðartilvikum er hægt að færa sláttuvélina áfram með því að nota hjáveituaðgerðina í breytilegu vökvadælunni og ýta eða draga vélina.


Mikilvægt: Ekki ýta vélinni eða draga hana hraðar en 3 til 4,8 km/klst. Ef sláttuvélinni er ýtt eða hún dregin hraðar getur girkassinn skemmst.

Öryggislokarnir verða alltaf að vera opnir þegar sláttuvélinni er ýtt eða hún dregin.


1. Opnið vélarhlífina og finnið öryggislokana (Mynd 74) ofan á dælunni, fyrir aftan rafgeyminn/geymslukassana.

2. Snúid þvorum loka rangsælis í þrjá hringi til að opna þá og hleypa vökvænum framhjá að innan.

Ath.: Ekki snúa lokunum meira en þrjá hringi. Það má færa sláttuvélina rólega án þess að skemma girkassann fyrst að vökvænum var hleypt framhjá.



g036666



Mynd 74

1. Öryggisloki (2)

3. Ýtið eða dragið sláttuvélina áfram.


Mikilvægt: Ef reynist nauðsynlegt að ýta eða draga sláttuvélina aftur á bak skal skoða dráttarbúnað fyrir bakkgír (hlutarnr. 136-3620).

4. Ljúkið við að ýta eða draga sláttuvélina og lokið öryggislokunum. Herðið lokann í 70 N·m.

Staðsetning bindiauga


Ath.: Notið rétta DOT-samþykkt stroffa í fjórum hornum til að binda sláttuvélina.

- Á hvorri hlið grindarinnar á vinnupalli stjórnanda
- Á afturstuðaranum



Mynd 75

g208989



Mynd 76

g036665

Viðhald

Ath.: Miðað vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Mikilvægt: Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notandahandbók vélarinnar.

Mikilvægt: Ef viðhaldi er sinnt á sláttuvélinni og vélin látin ganga með útblástursröri skal KVEIKJA á stillingu á hindrun hreinsunar; sjá [Stilling á hindrun hreinsunar \(síða 45\)](#).

Ath.: Farið á www.Toro.com og leitið að viðkomandi vinnuvél í gegnum handbókartengilinn á heimasíðunni til að sækja ókeypis eintak af teikningum rafkerfis eða vökvakerfis.

Öryggi við viðhaldsvinnu

- Áður en stjórnandinn fer úr sæti sínu skal gera eftirfarandi:
 - Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu.
 - Aftengið aflúttakið og látið tengitækin síga.
 - Setjið stöðuhemilinn á.
 - Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
 - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Ef lykillinn er skilinn eftir í svissinum getur hver sem er óvart gangsett vélina og valdið alvarlegum meiðslum á stjórnanda eða öðrum nærstöddum. Takið lykilinn úr svissinum áður en viðhaldi er sinnt.
- Látið íhluti vélarinnar kólna áður en viðhaldi er sinnt.
- Ef sláttubúnaðurinn er í flutningsstöðu skal virkja vélrænan læsibúnað (ef hann er til staðar) áður en sláttuvélin er skilin eftir án eftirlits.
- Ekki sinna viðhaldi með vélina í gangi, ef því verður við komið. Haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.
- Setjið alltaf búkka undir sláttuvélina þegar unnið er undir henni.
- Losið þrýsting varlega úr íhlutum með uppsafnaða orku.
- Haldið öllum hlutum sláttuvélarinnar í góðu ásigkomulagi og tryggjið að vélbúnaður sé vel hertur, sérstaklega festibúnaður hnífanna.
- Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar.
- Notið eingöngu upprunalega varahluti frá Toro til að tryggja örugga notkun og bestu afköst sláttuvélarinnar. Varahlutir frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Eftir fyrstu klukkustundina	<ul style="list-style-type: none"> • Herðið felgurærnar.
Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"> • Herðið felgurærnar.
Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"> • Skiptið um olíu á stjórnugírnum að framan.
Eftir fyrstu 200 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"> • Skiptið um smurefni á afturöxli.
Fyrir hverja notkun eða daglega	<ul style="list-style-type: none"> • Þrýstingur hjólbarða kannaður. • Athugið samlæsingarrofa. • Athugið stöðvunartíma hnífs. • Kannið stöðu smurolíu. • Tappið vatni eða öðrum óhreinindum af eldsneytissíunni/vatnsskiljunni • Athugið hvort afturöxull og gírkassi afturöxuls leki. • Athugið stöðu kælivökva í upphafi hvers dags. • Hreinsið óhreinindi úr vélarrýminu og af olíukælinum og vatnskassanum (hreinsið oftari við óhreinari aðstæður). • Kannið glussahæð. • Leitið eftir lekum, beygluðum lögnum, lausum festingum, sliti, lausum tengjum, veðrun og tæringu af völdum íðefna á glussalögnum og slögnum. • Þrífið vinnuvélina. • Þrífið og haldið sætisbelti við.
Á 50 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Smyrjið legur og fóðringar (einnig eftir hvern þvott). • Athugið ástand rafgeymis.
Á 100 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Athugið ástand og strekkingu reimar riðstraumsrafalsins.
Á 200 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Herðið felgurærnar.
Á 400 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Sinnið viðhaldi á loftsíu (fyrir ef loftsíumælirinn er rauður og oftari við mjög óhreinari eða rykugar aðstæður). • Skoðið eldsneytisleiðslur og tengingar. • Skiptið um eldsneytissíuhylki. • Skiptið um eldsneytissíu vélarinnar. • Athugið endaslag í stjórnugírnum. • Athugið smurolíustöðu stjórnugírs (leitið eftir leka að utanverðu). • Athugið smurefni afturöxuls. • Athugið smurolíu í gírkassa afturöxuls.
Á 500 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Skiptið um smurolíu og síu.
Á 800 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Tæmið og hreinsið eldsneytisgeyminn. • Skiptið um olíu á stjórnugírnum að framan eða árlega, hvort sem kemur á undan. • Skiptið um smurefni á afturöxli. • Athugið innskeifni afturhjóla. • Skiptið um glussann þegar ráðlagður glussi var ekki notaður eða þegar fyllt var á geyminn með vökva af annarri gerð. • Ef ráðlagður glussi var ekki notaður eða ef fyllt var á geyminn með glussa af annarri gerð skal skipta um glussasíu (fyrir ef vísir fyrir reglubundið viðhald er á rauða svæðinu).
Á 1.000 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Ef ráðlagður glussi er notaður skal skipta um glussasíu (fyrir ef vísir fyrir reglubundið viðhald er á rauða svæðinu).
Á 2.000 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> • Skiptið um glussann ef ráðlagður glussi er notaður.

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Á 3.000 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> Takið sótsíuna í sundur, hreinsið og setjið hana saman aftur. eða hreinsið sótsíuna ef vélarbilun P242F eða P1420 birtist á upplýsingaskjánum. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
Fyrir geymslu	<ul style="list-style-type: none"> Tæmið og hreinsið eldsneytisgeyminn. Þrýstingur hjólbarða kannaður. Skoðið allar festingar. Sprautið feiti í eða smyrjið alla smurkoppa og snúningspunkta. Lakkið rispaða fleti.
Á tveggja ára fresti	<ul style="list-style-type: none"> Tæmið og hreinsið glussageyminn. Skiptið um vökvaslöngur.

▲ VARÚÐ

Ef lykillinn er skilinn eftir í svissinum getur hver sem er óvart gangsett vélina og valdið alvarlegum meiðslum á stjórnanda eða öðrum nærstöddum.

Takið lykilinn úr áður en viðhaldi er sinnt.

Gátlisti fyrir daglegt viðhald

Afritið þessa blaðsíðu til að skrá reglubundið viðhald.

Viðhaldsatriði	Vika:						
	Mánudagur	Þriðju- dagur	Miðviku- dagur	Fimmtu- dagur	Föstu- dagur	Laugar- dagur	Sunnudagur
Athugið virkni öryggissam- læsingarkerfisins.							
Athugið virkni hemils.							
Kannið stöðu smurólíu.							
Athugið vökvastöðu kælikerfisins.							
Tæmið vatns- feldsneytisskiljuna.							
Skoðið loftsíuna, rykskálina og öryggislokann.							
Hlustið eftir óvenjulegum vélarhljóðum. ¹							
Leitið eftir óhreinindum í vatnskassa og síu.							
Hlustið eftir óvenjulegum vinnsluhljóðum.							
Kannið glussahæð.							
Leitið eftir skemmdum á vökvaslöngum.							
Leitið eftir leka.							
Athugið eldsneytisstöðu.							
Kannið þrýsting í hjólborðum.							
Athugið virkni verkfæris.							
Athugið stillingu sláttuhæðar.							
Smyrjið í alla smurkoppa. ²							
Þrifið vinnuvélina.							
Lagfærið lakk sem hefur flagnað eða skemmst.							

¹Athugið glóðarkerti og innspýtingarstúta ef reynist erfitt að gangsetja vélina, mikill reykur myndast eða gangur er skrykkjóttur.

²Strax **eftir** hvern þvott óháð uppgefnum tíma á milli þrifa.

Mikilvægt: Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notkunarhandbók vélarinnar.

Athugasemdir um atriði/svæði sem þarf að athuga betur

Skoðun framkvæmd af:		
Atriði	Dagsetning	Upplýsingar


Undirbúningur fyrir viðhald

Vinnuvélinni lyft

Notið eftirfarandi punkta til að lyfta sláttuvélinni:

Framan á sláttuvélinni – á grind sláttuvélarinnar, fyrir framan drifmótorana ([Mynd 77](#))

Mikilvægt: Ekki lyfta sláttuvélinni á drifmótorunum. Haldið vökvaleiðslum og slöngum frá lyftibúnaðinum.



G036670


Mynd 77

g036670

Aftan á sláttuvélinni – á miðjum öxlinum ([Mynd 78](#))

Finnið búkka af tiltekinni burðargetu báðum megin við gírkassann og undir öxlinum.

Mikilvægt: Ekki lyfta sláttuvélinni á millistönginni.




G036671

Mynd 78

g036671

Vélarhlífin opnuð

Opnið vélarhlífina til að komast að undirvagninum eins og sýnt er á [Mynd 79](#).




Mynd 79

G036674

g036674

Vökvalyftihólfíð opnað

Hallið sætinu til að komast að vökvalyftihólfinu eins og sýnt er á [Mynd 80](#).



Mynd 80

g036706

Smurning


Smurning á legum og fódöringum

Viðhaldstími: Á 50 klukkustunda fresti (einnig eftir hvern þvott).

Forskrift fyrir smurfeiti: Litfúrnfeiti nr. 2


Staðsetningar smurkoppa og magn smurfeiti í þá er eftirfarandi:

- Snúningslegur hemlaááss (5) eins og sýnt er á [Mynd 81](#)




Mynd 81

- Fódöringar snúningsöxuls að aftan (2) eins og sýnt er á [Mynd 82](#)



Mynd 82

- Kúluliðir stýristjakkis (2) eins og sýnt er á [Mynd 83](#)




Mynd 83

1. Smurkoppur efst á spindilbolta

- Legur á spindilás sláttubúnaðar eins og sýnt er á [Mynd 85](#)

Ath.: Hægt er að nota þá fóðringu sem er auðveldara að ná til. Dælið feiti inn í smurkoppinn þar til lítið magn kemur út neðst á spindilhúsinu (undir sláttubúnaðinum).




Mynd 85

- Kúluliðir millistangar (2) eins og sýnt er á [Mynd 83](#)
- Fóðringar spindilbolta (2) eins og sýnt er á [Mynd 83](#)


Mikilvægt: Smyrjið smurkoppinn efst á spindilboltanum í mesta lagi einu sinni á ári (2 dætur).

- Fóðringar lyftiarms (ein á hverja sláttueiningu) eins og sýnt er á [Mynd 84](#)

- Fóðringar á lyftiarmi sláttubúnaðar (ein á hverja sláttueiningu) eins og sýnt er á [Mynd 85](#)
- Keflalegur að aftan (tvær á hverja sláttueiningu) eins og sýnt er á [Mynd 86](#)



Mynd 84



Mynd 86


Mikilvægt: Gangið úr skugga um að smurningsrauf hveðrar keflisfestingar flútti við smurgatið á sitthvorum enda keflisskaftsins. Það er merki á öðrum enda keflisskaftsins sem auðveldar að staðsetja rauf við gat.

- Fóðringar lyftitjakks (tvær á hverja sláttueiningu) eins og sýnt er á [Mynd 84](#)

Viðhald vélar

Vélaröryggi

- Drepið á vélinni og takið lykilinn úr áður en olían er könnuð eða olíu hellt á sveifarhúsið.
- Ekki breyta gangráðshraðanum eða setja vélinu á yfirsnúning.




g198631

Unnið við loftsíu

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti

Leitið eftir skemmdum á húsi loftsúnnar, sem mögulega gætu valdið lofteleka. Skiptið um ef það er skemmt. Leitið eftir leka, skemmdum eða lausum hosuklemmum á inntakskerfinu.

Sinnið aðeins viðhaldi á loftsúnni þegar þjónustuvísirinn ([Mynd 87](#)) krefst þess. Ef skipt er um loftsíu áður en þess gerist þörf eykst hættan á að óhreinindi komist í vélinu þegar sían er fjarlægð.




Mynd 87

1. Loftsíumælir

Mikilvægt: Tryggið að lokið sitji rétt og loki loftsíuhúsinu.

1. Skiptið um loftsíu ([Mynd 88](#)).




Mynd 88

g031861

Ath.: Ekki þrifa notaða síu, þar sem það getur skemmt síuefnið.

Mikilvægt: Reynið aldrei að þrifa öryggissíuna ([Mynd 89](#)). Skiptið um öryggissíu eftir þriðja hvert viðhald á aðalsíu.



Mynd 89

1. Öryggissía lofthreinsunar
-
2. Endurstílið vísinn (Mynd 87) ef hann er rauður.

Smurolíuvinna

Forskrift olíu

Notið gæðasmurolíu með lítið öskuinnihald sem uppfyllir eftirfarandi forskriftir:

- API-þjónustuflokkur CJ-4 eða hærri
- ACEA-þjónustuflokkur E6
- JASO-þjónustuflokkur DH-2

Mikilvægt: Sótsían getur stíflast eða vélin skemmst ef notuð er önnur smurolía en API CJ-4 eða hærri, ACEA E6 eða JASO DH-2.

Noti smurolíu með eftirfarandi seigjustig:

- Olía sem mælt er með: SAE 15W-40 (yfir 0°F)
- Önnur olía: SAE 10W-30 eða 5W-30 (allt hitastig)

Fyrsta flokks smurolía frá Toro fæst hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro með seigjustig 15W-40 eða 10W-30. Upplýsingar um hlutarnúmer er að finna í varahlutaskránni.

Staða smurolíu könnuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Vélin er afhent með olíu í sveifarhúsinu. Engu að síður þarf að kanna stöðu smurolíunnar fyrir og eftir fyrstu gangsetningu vélarinnar.


Mikilvægt: Athugið smurolíuna daglega. Smurolían gæti verið þynnt með eldsneyti ef staða smurolíunnar er fyrir ofan hámarkið á olíukvarðanum.

Skiptið um smurolíu ef staða hennar er fyrir ofan hámarkið.


Ráðlagt er að athuga smurolíuhæðina þegar vélin er köld og áður en vélin hefur verið gangsett. Leyfið olíunni að renna aftur niður í pönnuna í a.m.k. 10 mínútur áður en smurolíuhæðin er athuguð ef vélin hefur verið gangsett. Þegar olíuhæðin liggur við eða er lægri en merkingin Add (fylla á) á olíukvarðanum skal fylla á með olíu að merkingunni Full (fullt). **Ekki yfirfylla vélinu af olíu.**

Mikilvægt: Haldið stöðu smurolíunnar á milli efri og neðri merkingar á olíukvarðanum; vélin gæti hætt að virka ef hún er keyrð með of mikla eða of litla olíu.

Kannið stöðu smurolíu; sjá Mynd 90.



g198647



G031256

g031256

Mynd 90

Ath.: Þegar önnur olía er notuð skal tappa allri olíu af sveifarhúsinu áður en nýrri olíu er bætt á.

Rúmtak olíu á sveifarhúsi


U.þ.b. 5,7 l með síunni.

Skipt um smurolíu og síu


Viðhaldstími: Á 500 klukkustunda fresti

Ath.: Frekari upplýsingar um endurstillingu á gaumljósi næstu viðhaldsvinnu á upplýsingaskjánum er að finna í [Tímamælir næstu viðhaldsvinnu stilltur \(síða 33\)](#).

1. Setjið vélina í gang og látið hana ganga í 5 mínútur til að hita olíuna.
2. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
3. Skiptið um smurolíu og síu ([Mynd 91](#)).



g198660



Mynd 91


g031675

4. Bætið olíu á sveifarhúsið; sjá [Rúmtak olíu á sveifarhúsi \(síða 66\)](#) og [Staða smurolíu könnuð \(síða 65\)](#).


Viðhaldi sinnt á dísiloxunarhvata og sótsíu

Viðhaldstími: Á 3.000 klukkustunda fresti eða hreinsið sótsíuna ef vélarbilun P242F eða P1420 birtist á upplýsingaskjánum. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.

Ef vélarbilun P242F eða P1420 birtist á upplýsingaskjánum ([Mynd 92](#)) skal hreinsa sótsíuna samkvæmt eftirfarandi skrefum:



g322987



g323161

Mynd 92

1. Frekari upplýsingar um hvernig á að taka í sundur og setja saman dísiloxunarhvata og sótsíu sótsíukerfisins er að finna í vélarkafnanum í [þjónustuhandbókinni](#).
2. Frekari upplýsingar um varahluti eða viðhald dísiloxunarhvata og sótsíu er að finna hjá viðurkenndum dreifingaraðili Toro.
3. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að láta endurstilla stjórnölvu vélarinnar eftir að hrein sótsíu hefur verið sett í.

Viðhald eldsneytiskerfis

⚠ HÆTTA

Við tiltekin skilyrði eru díseldsneyti og eldsneytisgufur sérstaklega eldfim og sprengifim. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.

- Notið trekt til að fylla á eldsneytisgeyminn utandyra, á opnu svæði, með kalda vél sem ekki er í gangi. Þurrkið upp allan eldsneytisleka.
- Stútfyllið aldrei eldsneytisgeyminn. Fyllið á eldsneyti þar til það er um 6 til 13 mm fyrir neðan neðri brún áfyllingarstútsins. Þetta tómarúm býður upp á útpenslurými fyrir eldsneytið.
- Aldrei reykja við meðhöndlun eldsneytis og haldið því fjarri opnum eldi, annars er hættu á að neistaflug geti kveikt í eldsneytisgufum.
- Geymið eldsneytið í hreinu og öryggisvottuðu íláti og hafið lokið á.

Eldsneytisgeymirinn tæmdur

Viðhaldstími: Á 800 klukkustunda fresti—Tæmið og hreinsið eldsneytisgeyminn.

Fyrir geymslu—Tæmið og hreinsið eldsneytisgeyminn.


Tæmið og hreinsið eldsneytisgeyminn einnig utan áætlaðra þjónustutíma ef óhreinindi komast í hann eða ef setja á sláttuvélina í geymslu í langan tíma. Notið hreint eldsneyti til að skola geyminn.

Skoðun eldsneytisleiðsla og tenginga

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

Leitið eftir sliti, skemmdum eða lausum tengingum á eldsneytisleiðslum.

Viðhald eldsneytisvatnsskilju




Mynd 93

g198661

Aftöppun vatns af eldsneytisvatnsskilju

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Tappið vatni eða öðrum óhreinindum af eldsneytissíunni/vatnsskiljunni

Tappið af vatni af eldsneytisvatnsskiljunni eins og sýnt er á (Mynd 94).




Mynd 94

g225506

Skipt um eldsneytissíuhylki

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti—Skiptið um eldsneytissíuhylki.

Skiptið um eldsneytissíuhylki eins og sýnt er á [Mynd 95](#).




Mynd 95

Viðhald eldneytissíu

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti

1. Hreinsið svæðið í kringum eldsneytissíuhausinn ([Mynd 96](#)).



Mynd 96


1. Eldsneytissíuhaus
2. Eldsneytissía

2. Fjarlægjið síuna og hreinsið festisvæði síuhaussins ([Mynd 96](#)).
3. Smyrjið pakkningu síunnar með hreinni smurolíu; frekari upplýsingar er að finna í notendahandbók vélarinnar.
4. Festið þurrt síuhylkið með höndunum þar til pakkningin snertir síuhausinn og snúið henni síðan hálfan hring í viðbót.
5. Forgefið inn á síuna og leiðslur háprýstidælnunnar; sjá [Forgjöf á eldsneytiskerfið \(síða 69\)](#).
6. Setjið vélina í gang og leitið aftur að lekum í kringum síuhausinn.

Hreinsun síu eldsneytis-sogrörs

Eldsneytissogrörið inni í eldsneytisgeyminum er með síu til að koma í veg fyrir að óhreinindi komist í eldsneytiskerfið. Fjarlægjið eldsneytissogrörið og hreinsið síuna eftir þörfum.

1. Fjarlægjið hosuklemmuna sem festir slöngu eldsneytisskömmtunar við tengi eldsneytissogrörsins ([Mynd 97](#)).



Mynd 97

- | | |
|--------------------------------|-----------------|
| 1. Tengi (eldsneytissogrör) | 4. Gúmmífóðring |
| 2. Slönguklemma | 5. Sía |
| 3. Slanga eldsneytisskömmtunar | |

2. Losið slönguna frá tenginu (Mynd 97).
3. Lyftið eldsneytissogrörinu upp úr eldsneytisgeyminum (Mynd 97).

Ath.: Lyftið rörinu beint upp úr fóðringu eldsneytisgeymisins.

4. Hreinsið öll óhreinindi af síunni á öðrum enda eldsneytissogrörsins (Mynd 97).
5. Stingið eldsneytissogrörinu í gegnum gúmmífóðringuna og ofan í geyminn (Mynd 97).

Ath.: Gangið úr skugga um að eldsneytissogrörið sitji rétt í gúmmífóðringunni.

6. Komið skömmunaröngunni fyrir í tengi eldsneytissogrörsins og festið hana með hosuklemmunni sem var fjarlægð í skrefi 1.

Forgjöf á eldsneytiskerfið

Forgefið inn á eldsneytiskerfið áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti, þegar hún verður eldsneytisláus eða eftir viðhald eldsneytiskerfisins (t.d. aftöppun síu/vatnsskilju eða þegar skipt er um eldsneytisslöngu).

Fylgið eftirfarandi skrefum til að forgefa inn á eldsneytiskerfið:

1. Gangið úr skugga um að eldsneyti sé í eldsneytisgeyminum.
2. Fylgið eftirfarandi skrefum til að forgefa á síuna og leiðslur háþrýstidælnnar til að koma í veg fyrir slit eða skemmdir á dælunni:
 - A. Svissið Á í 15 til 20 sekúndur.
 - B. Svissið AF í 30 til 40 sekúndur.

Ath.: Þá getur tölvan slökkt á sér.

 - C. Svissið Á í 15 til 20 sekúndur.
 - D. Skoðið hvort leki sé í kringum síuna og slöngurnar.

Mikilvægt: Gangsetjið ekki vélina með startaranum til að forgefa inn á eldsneytiskerfið.

Viðhald rafkerfis

Öryggi rafkerfis

- Aftengið rafgeyminn áður en gert er við sláttuvélina. Aftengið mínusskautið fyrst og plússkautið síðast. Tengjið plússkautið fyrst og mínusskautið síðast.
- Hlaðið rafhlöðuna á opnu og vel loftræstu svæði, fjarri neistum og opnum eldi. Takið hleðslutækið úr sambandi áður en rafhlaðan er tengd eða aftengd. Klæðist hlífðarfatnaði og notið einangruð verkfæri.

Athugun á ástandi rafgeymis

Viðhaldstími: Á 50 klukkustunda fresti

Mikilvægt: Áður en rafsúða er framkvæmd á sláttuvélinni skal taka mínuskaðalinn úr sambandi við rafgeyminn til að koma í veg fyrir skemmdir á rafkerfinu. Einnig þarf að aftengja vélina, upplýsingaskjáinn og stjórnþunað sláttuvélarinnar áður gerð er rafsúða á henni.

Ath.: Haldið rafskautum og rafgeymakassa hreinum vegna þess að óhreinn rafgeymir tæmist hægt og rólega. Til að þrifa rafgeyminn skal þvo allan kassann með matarsóða blandaðan út í vatn. Skolið með hreinu vatni. Berið Grafo 112X-húðunarfeiti (Toro hlutarnúmer 505-47) eða vaselín á rafgeymaskautin og kapalltengin til að koma í veg fyrir tæringu.

Hlaða og tengja rafgeyminn

1. Losið klinkuna á hlíf geymslukassans hægra megin og lyftið upp hlífinni (Mynd 100).

⚠ HÆTTA

Geymasýra inniheldur brennisteinssýru sem er banvæn við inntöku og veldur alvarlegum brunasárum.

- Gætið þess að innbyrða ekki geymasýru og varist snertingu við húð, augu og fatnað. Notið hlífðargleraugu til að verja augu og gúmmihanska til að verja hendur.
 - Fylla skal á rafgeyminn þar sem gott aðgengi er að hreinu vatni til að skola húðina.
2. Fjarlægjið gúmmihettuna af plússkautinu og skoðið rafgeyminn.

3. Fjarlægjið (svarta) mínuskaðalinn af mínusskauti (-) og (rauða) plússkaðalinn af plússkauti (+) rafgeymisins (Mynd 98).

⚠ VIÐVÖRUN


Rangt lagðir rafgeymiskaplar geta valdið skemmdum á vinnuvélinni og köplunum sem leitt geta til neistaflugs. Neistar geta kveikt í gasi frá rafgeyminum og valdið sprengingu og meiðslum á fólki.

- Aftengið alltaf mínusrafgeymiskapalinn (svartur) áður en plússkaðalinn (rauður) er aftengdur.
- Tengjið alltaf plússrafgeymiskapalinn (rauður) áður en mínuskaðalinn (svartur) er tengdur.

⚠ VIÐVÖRUN

Rafgeymaskaut eða verkfæri úr málm geta valdið skammhlaupi á málmhlutum með meðfylgjandi neistaflugi. Neistar geta kveikt í gasi frá rafgeyminum og valdið sprengingu og meiðslum á fólki.

- Þegar rafgeymirinn er tekinn úr eða settur í þarf að koma í veg fyrir að rafgeymaskautin snerti málmhluta sláttuvélarinnar.
- Komið veg fyrir að verkfæri úr málm valdi skammhlaupi á milli rafgeymaskautanna og málmhluta sláttuvélarinnar.



Mynd 98

1. Plússkaðal rafgeymis
2. Mínuskaðal rafgeymis

- Tengið 3 til 4 A hleðslutæki fyrir rafgeymi við rafgeymaskautin. Hlaðið rafgeyminn við 3 til 4 A í 4 til 8 klukkustundir.

⚠ VIÐVÖRUN

Hleðsla rafgeymisins myndar sprengifimar lofttegundir.

Aldrei reykja nærri rafgeymi og verjið hann gegn neistaflugi og opnum eldi.


- Þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn skal taka hleðslutækið úr sambandi við rafmagn og rafgeymaskautin.
- Tengið (rauða) plúskapalinn við plússkaut (+) og (svarta) mínuskapalinn við mínusskaut (-) rafgeymisins ([Mynd 98](#)).
- Festið kaplana við skautin með boltum og róm.

Ath.: Gangið úr skugga um að plússkautið (+) og kapallinn séu kyrfilega á festingunni og rafgeyminum. Kapallinn má ekki snerta rafgeymishlífina.

- Berið Grafo 112X-húðunarfeiti, hlutarnúmer 505-47, vaselín eða léttu smurfeiti á bæði rafgeymatengin til að koma í veg fyrir tæringu.
- Setjið gúmmihettuna á plússkautið.
- Lokið stjórnborðinu og festið klinkuna.


Staðsetning öryggja

Öryggjabox sláttuvélarinnar er að finna í hægri geymslukassanum



Mynd 99

decal136-3338




G009985

Mynd 100

g009985

- Klinka
- Hægri geymslukassi

- Skiptið um aðgengileg öryggi eftir þörfum ([Mynd 101](#)).



G010255


Mynd 101

g010255

- Öryggi
- Lokið hlíf geymslukassans hægra megin og festið hana með klinkunni ([Mynd 100](#)).


- Losið klinkuna á hlíf geymslukassans hægra megin og lyftið upp hlífinni ([Mynd 100](#)) til að komast að öryggjaboxinu ([Mynd 101](#)).

Viðhald drifkerfis



Mynd 102

g225611



Mynd 103

g028798

1. Framhjóladrif

4. Endurtakið skref 3 fyrir hitt hjóladrifið.
5. Ef annaðhvort hjólið hreyfist skal hafa samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að láta endursmíða stjórnugírinn.

Athugun á endaslagi í stjórnugír

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti

Ekki á að vera neitt endaslag í stjórnugír/drifhjólum (t.d. eiga hjólin ekki að hreyfast þegar þeim er ýtt eða þau toguð í sömu stefnu og öxullinn).

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Skorðið afturhjólin, lyftið framhluta sláttuvélarinnar og notið bókka til að styðja við framöxulinn/grindina.

⚠ HÆTTA

Vinnubíll á tjakki getur verið óstöðugur og runnið af tjakkinum og valdið meiðslum á hverjum þeim sem undir honum kann að liggja.


- Aldrei má gangsetja sláttuvélina á meðan hún er á tjakki.
 - Takið lykilinn alltaf úr svissinum áður en stigið er af sláttuvélinni.
 - Skorðið hjólbarðana þegar sláttuvélinni er lyft með tjakki.
 - Notið bókka til að styðja við vinnuvélina.
3. Grípið í annað framhjóladrifið og ýtið/togið það í átt að og frá sláttuvélinni og fylgist með hreyfingum.

Athugun á smurefni stjórnugírs

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti (leitið eftir leka að utanverðu).

Forskrift fyrir smurefni: hágæða SAE 85W-140 gírolía

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu og staðsetjið hjólið þannig að áfyllingartappinn sé í klukkan 12 stöðunni, kvarðatappinn í klukkan 3 stöðunni og botntappinn í klukkan 6 stöðunni (Mynd 104).




Mynd 104

g225612

1. Áfyllingartappi (klukkan 12)
2. Kvarðatappi (klukkan 3)
3. Botntappi (klukkan 6)

2. Fjarlægið kvarðatappann í klukkan 3 stöðunni (Mynd 104).

Olíustaðan á að vera neðst við kvarðaopið.



Mynd 105

g225606

1. Kvarðaop
2. Kvarðatappi

3. Ef olíustaðan er lág skal fjarlægja áfyllingartappann í klukkan 12 stöðunni og fylla á olíu þar til hún fer að leka úr opinu í klukkan 3 stöðunni.
4. Athugið slit og skemmdir á O-hring tappa.
Ath.: Skiptið um O-hring/hringi eftir þörfum.
5. Setjið tappann/tappana í.
6. Endurtakið skref 1 til 5 á stjórnugírseiningunni á hinni hlið sláttuvélarinnar.

Skipt um olíu á stjórnugírnum

Viðhaldstími: Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar


Á 800 klukkustunda fresti eða árlega, hvort sem kemur á undan.

Forskrift fyrir smurefni: hágæða SAE 85W-140 gírolía

Rúmtak smurolíu í stjórnugír og hemlahúsi: 0,65 l

Aftöppun stjórnugírs

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu og staðsetjið hjólið þannig að áfyllingartappinn sé í klukkan 12 stöðunni, kvarðatappinn í klukkan 3 stöðunni og botntappinn í klukkan 6 stöðunni; sjá [Mynd 104](#) í [Athugun á smurefni stjórnugírs \(síða 72\)](#).
2. Fjarlægið áfyllingartappann í klukkan 12 stöðunni og kvarðatappann í klukkan 3 stöðunni ([Mynd 106](#)).




Mynd 106

g225609

1. Afrennslisop
2. Áfyllingartappi
3. Kvarðatappi
4. Botntappi

3. Setjið afrennslispönnu undir stjörnuhjólnefina, fjarlægið botntappann í klukkan 6 stöðunni og leyfið olíunni að tæmast að fullu ([Mynd 106](#)).
4. Athugið slit og skemmdir á O-hring áfyllingar- og botntappa.
Ath.: Skiptið um O-hring/hringi eftir þörfum.
5. Setjið botntappann í afrennslisop stjórnugírshússins ([Mynd 106](#)).
6. Setjið afrennslispönnu undir hemlahúsið, fjarlægið botntappann og leyfið olíunni að tæmast að fullu ([Mynd 107](#)).



Mynd 107

g225608

1. Afrennslisop (hemlahús)
2. Botntappi


7. Athugið slit og skemmdir á O-hring botntappans og setjið tappann í hemlahúsið.

Ath.: Skiptið um O-hring eftir þörfum.

Stjórnugírinn fylltur af smurefni

1. Fyllið rólega á stjórnugírinn í gegnum áfyllingaropið með 0,65 l af hágæða SAE 85W-140 wt gírolíu.

Mikilvægt: Ef stjórnugírin fyllist áður en búið er að bæta 0,65 l af olíu skal bíða í eina klukkustund eða setja tappann í og færa sláttuvélina u.þ.b. þrjá metra til að dreifa olíunni um hemlakerfið. Takið síðan tappann úr og fyllið á þá olíu sem eftir er.




Mynd 108

g225610

1. Áfyllingarop (stjórnugírshús)
2. Áfyllingartappi

2. Setjið áfyllingartappann og kvarðatappann í.
3. Þurrkið af stjórnugírs- og hemlahúsi ([Mynd 109](#)).



Mynd 109


g225607

4. Endurtakið skref 1 til 7 í [Aftöppun stjórnugírs \(síða 73\)](#) og skref 1 til 3 í þessu verklagi fyrir stjórnugírs/hemlaeiningu á hinni hlið sláttuvélarinnar.

Athugun á afturöxli og gírkassa vegna leka

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Skoðið afturöxul og gírkassa afturöxuls í leit að lekum.



G036704

Mynd 110

g036704


Athugun á smurefni afturöxuls

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti

Fyllt er á afturöxulinn með SAE 85W-140 gírolíu. Rúmtakið er 2,4 l. Leitið eftir leka daglega.

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, dregið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Takið kvarðatappa úr öðrum enda öxulsins og gangið úr skugga um að smurefnið nái upp að neðri brún opsins ([Mynd 111](#)).

Ath.: Ef lítið er af smurefni skal taka áfyllingartappann úr og fylla á smurefni upp að neðri brún áfyllingaropsins.



Mynd 111

1. Kvarðatappi
2. Áfyllingartappi


Skipt um smurefni á afturöxli

Viðhaldstími: Eftir fyrstu 200 klukkustundirnar
Á 800 klukkustunda fresti

Forskrift fyrir smurefni: hágæða SAE 85W-140 gírolía

Rúmtak öxuls: 2,4 l

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, dregið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Þrifið svæðið í kringum afrennslistappana þrjá – einn á hvorum enda og einn fyrir miðju ([Mynd 112](#)).



Mynd 112

1. Staðsetningar botntappa

3. Takið olíuhæðarmælingartappa úr og fjarlægið lok á aðalloftunaropi öxuls til að auðvelda aftöppun gírolíu.
4. Takið afrennslistappana úr og látið smurolíuna renna í afrennslispönnurnar.
5. Setjið tappana í.

6. Takið kvarðatappa úr og fyllið á öxulinn með u.þ.b. 2,4 l af 85W-140 gírolíu eða þar til smurolían nær upp að neðri brún opsins.

7. Setjið kvarðatappann í.


Athugun á smurefni í gírkassa afturöxuls

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti

Fyllt er á gírkassann með SAE 85W-140 gírolíu. Rúmtakið er 0,5 l. Leitið eftir leka daglega.

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, dregið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Takið kvarða-/áfyllingartappa úr gírkassanum vinstra megin og gangið úr skugga um að smurefnið nái upp að neðri brún opsins ([Mynd 113](#)).

Ath.: Ef lítið er af smurefni skal fylla á þar til smurefni nær upp að neðri brún opsins.



Mynd 113


1. Gírkassi
2. Kvarða-/áfyllingartappi

Athugun á innskeifni afturhjóla

Viðhaldstími: Á 800 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, dregið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Mælið fjarlægðina frá miðju til miðju (í öxulshæð), framan og aftan á stýrðu hjólbörðunum ([Mynd 114](#)).


Ath.: Mælingin að framan verður að vera 3 mm styttri en mælingin að aftan.



Mynd 114

1. Framhlið sláttuvélarinnar
2. 3 mm styttri en mælingin að aftan
3. Fjarlægð frá miðju til miðju

3. Fjarlægjið klofsplittið og róna úr báðum kúluliðum millistangar til að stilla af (Mynd 115). Fjarlægjið kúlulið millistangar úr stoð öxulhólfsins.



Mynd 115

1. Millistangarklemma
2. Kúluliður millistangar

4. Losið klemmurnar á báðum endum millistanganna (Mynd 115).
5. Snúið lausa kúluliðinn inn á við eða út á við einn heilan snúning og herðið klemmuna á lausa enda millistangarinnar.
6. Snúið allri millistangarsamstæðunni í sömu átt (inn á við eða út á við) einn heilan snúning og herðið klemmuna á tengda enda millistangarinnar.
7. Komið kúluliðnum fyrir í stoð öxulhólfs, herðið róna með fingrunum og mælið innskeifnina.
8. Endurtakið verklagið ef þörf krefur.
9. Herðið róna og komið fyrir nýju klofsplitti þegar stillingin er rétt.

Viðhald kælikerfis

Öryggi tengt kælikerfi

- Inntaka kælivökva vélar getur valdið eitrun; geymið þar sem börn og gæludýr ná ekki til.
- Heitur kælivökvi sem sprautast út eða snerting við heitan vatnskassa og nærliggjandi hluti getur valdið alvarlegum brunasárum.
 - Bíðið alltaf með að fjarlægja vatnskassalokið í minnst 15 mínútur á meðan vélin kólnar.
 - Notið tusku þegar vatnskassalokið er skrúfað laust og opnið lokið rólega til að hleypa gufu út.
- Ekki vinna á sláttuvélinni án hlífa á viðeigandi stöðum.
- Haldið fingrum, höndum og klæðnaði í öruggri fjarlægð frá víftu og drifreim á hreyfingu.

Tæknilysing kælivökva

Kælivökvaeymirinn er fylltur í verksmiðjunni með 50/50-laun af vatni og endingargóðum etýlenglýkól-kælivökva.

Mikilvægt: Notið aðeins kælivökva sem fæst í verslunum og uppfyllir tæknilysinguna sem kemur fram í staðlatöflu fyrir endingargóða kælivökva.

Ekki skal nota hefðbundinn (grænan) IAT-kælivökva (ólífræn sýrutækni) á vélina. Ekki skal blanda saman hefðbundnum kælivökva og endingargóðum kælivökva.

Tafla kælivökvagerða

Etýlenglýkól-kælivökvi	Kælivökvi með tæringarvörn
Endingargóður frostlögur	Lífræn sýrutækni (OAT)

Mikilvægt: Ekki treysta á lit kælivökvans til að greina á milli hefðbundins (græns) IAT-kælivökva og endingargóðs kælivökva.

Framleiðendur kælivökva kunna að bæta einhverjum eftirfarandi lita út í endingargóða kælivökva: rauðum, bleikum, appelsínugulum, gulum, bláum, blágrænum, fjólubláum eða grænum. Notið kælivökva sem uppfyllir kröfur tæknilysingarinnar sem kemur fram á staðlatöflu endingargóðra kælivökva.

Staðlar endingargóðra kælivökva

ATSM International	SAE International
D3306 og D4985	J1034, J814 og 1941

Mikilvægt: Styrkur kælivökva ætti að vera 50/50-blanda kælivökva og vatns.

- **Ákjósanlegt:** Æskilegt er að blanda óblönduðum kælivökva við eimað vatn.

- **Ákjósanlegur valkostur:** Ef eimað vatn er ekki tiltækt skal nota forblandaðan kælivökva en ekki óblandaðan.
- **Lágmarkskröfur:** Ef hvorki eimað vatn né forblandaður kælivökvi eru til taks skal blanda óblönduðum kælivökva við hreint drykkjarvatn.

Skoðun kælikerfis


Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugið stöðu kælivökva í upphafi hvers dags.

Rúmtak kælikerfis: 8,5 l.

⚠ HÆTTA

Viftur og drifreimar á hreyfingu geta valdið meiðslum á fólki.

- Ekki vinna á sláttuvélinni án hlífa á viðeigandi stöðum.
 - Haldið fingrum, höndum og klæðnaði í öruggri fjarlægð frá viftu og drifreim á hreyfingu.
 - Drepið á vélinni og takið lykilinn úr áður en viðhaldi er sinnt.
1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
 2. Fjarlægið vatnskassalokið gætilega.



Mynd 116

1. Pensluker

3. Athugið stöðu kælivökva á vatnskassa. Vatnskassinn á að vera fylltur upp að efri

brún áfyllingarstúts og þenslukerið fyllt upp að merkingu fyrir HÁMARK ([Mynd 116](#)).

4. Ef lítið er af kælivökva skal bæta við 50/50 blöndu af vatni og frostlegi með etýlenglýkóli; sjá [Tæknilýsing kælivökva \(síða 76\)](#). Ekki nota eingöngu vatn eða kælivökva sem er í grunninn alkóhól/metanól.
5. Skrúfið vatnskassalokið og þenslukerslokið á.

Hreinsun kælikerfis


Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega—Hreinsið óhreinindi úr vélarrýminu og af olíukælinum og vatnskassanum (hreinsið oftar við óhreinir aðstæður).

Þessi sláttuvél er útbúin vökvadrifkerfi sem knýr viftuna og breytir snúningsstefnunni sjálfkrafa (eða handvirkt) til að minnka uppsöfnun óhreininda á olíukæli/vatnskassa og hlíf. Þótt þessi eiginleiki geti stýtt tímann sem þarf til að hreinsa olíukæli/vatnskassa þarf samt sem áður að sinna reglubundinni hreinsun. Enn er þörf á reglubundinni hreinsun og skoðun á olíukæli/vatnskassa.

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Bíðið þar til sláttuvélin hefur kólnað; sjá [Öryggi við viðhaldsvinnu \(síða 57\)](#) og [Öryggi tengt kælikerfi \(síða 76\)](#).
3. Losið klinkuna og opnið afturhlífina ([Mynd 117](#)).

Ath.: Lyftið hlífinni af hjörupinnunum til að taka hana af.

4. Hreinsið vandlega öll óhreinindi af hlífinni.




Mynd 117

1. Klinka afturhlífar

5. Hreinsið vandlega báðar hliðar olíukælis og vatnskassa með þrýstilofti (Mynd 118).

Ath.: Byrjið að framan og blásið óhreinindunum út að aftan. Hreinsið síðan frá bakhliðinni og blásið út að framan. Endurtakið verklagið nokkrum sinnum þar til allt hismi og óhreinindi hafa verið fjarlægð.



Mynd 118

1. Olíukælir/vatnskassi

Mikilvægt: Hreinsun olíukælis/vatnskassa með vatni getur valdið ótímabærri tæringu og skemmdum á íhlutum og samþjöppun á óhreinindum.


6. Lokið afturhlífinni og festið hana með klinkunni.

Viðhald hemla

Aksturshemlar stilltir

Stillið aksturshemlana þegar meira en 25 mm af fríhlaupi er í hemlafótstiginu eða þegar hemlarnir virka ekki sem skyldi. Fríhlaup er hreyfingin á hemlafótstiginu áður en fundið er fyrir hemlaviðnámi.

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Losið láskrækjuna af hemlafótstiginum þannig að bæði fótstigin virki sitt í hvoru lagi.
3. Til að minnka fríhlaup hemlafótstíganna skal herða hemlana á eftirfarandi hátt:
 - A. Losið um fremri róna á snittaða enda hemlavírsins (Mynd 119).



Mynd 119

1. Hemlavír

- B. Herðið aftari róna til að færa vírinn aftur á við þar til fríhlaup hemlafótstíganna er 13 til 25 mm.
- C. Herðið fremri rænar þegar hemlarnir hafa verið rétt stilltir.

Viðhald reimar


Viðhald riðstraumsrafalsreimar

Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti

Rétt strekking á reim gefur 10 mm sveigju þegar 4,5 kg afli er beitt á reimina mitt á milli trissanna.

Ef sveigjan nær ekki 10 mm skal losa festibolta riðstraumsrafalsins ([Mynd 120](#)).

Ath.: Strekkið eða slakið á reim riðstraumsrafalsins og herðið boltana. Kannið strekkingu reimarinnar aftur til að tryggja að hún sé rétt.



g020537

g020537

Mynd 120

1. Festibolti

2. Riðstraumsrafall

Viðhald vökvakerfis

Öryggi tengt vökvakerfi

- Leitið tafarlaust til læknis ef glussi sprautast undir húð. Læknir verður að fjarlægja glussa sem kemst undir húð með skurðaðgerð innan nokkurra klukkustunda frá slysi.
- Tryggið að allar vökvaslöngur og -leiðslur séu í góðu ásigkomulagi og að öll vökvatengi séu vel hert áður en þrýstingi er hleypt á vökvakerfið.
- Haldið líkama og höndum í öruggri fjarlægð frá hárfinum leka eða stútum sem sprauta út glussa undir miklum þrýstingi.
- Notið bylgjupappa eða pappír til að finna glussaleka.
- Losið allan þrýsting af vökvakerfinu áður en unnið er við það.

Viðhald glussa

Forskriftir fyrir glussa

Geymirinn er fylltur í verksmiðju með hágæða glussa. Athugið glussahæðina áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og daglega þar á eftir, sjá [Glussahæð könnuð \(síða 80\)](#).

Ráðlagður glussi fyrir glussaskipti: Toro PX Extended Life Hydraulic Fluid sem fæst í 19 l fötum eða 208 l tunnum.

Ath.: Þegar notaður er ráðlagður vökvi á vinnuvélin er ekki þörf á því að skipta eins oft um vökva og síur.

Aðrar gerðir af glussa: Í tilvikum þegar Toro PX Extended Life Hydraulic Fluid er ekki tiltækur er hægt að nota aðra hefðbundna jarðolúglussa með sömu forskriftir og alla tilgreinda efnislega eiginleika og uppfylla staðla í iðnaði. Notið ekki syntetískan vökva. Leitið ráða hjá söluaðila smurefnisins til að fá ábendingar um hentugan glussa.

Ath.: Toro tekur enga ábyrgð á skemmdum vegna notkunar rangrar gerðar af glussa og þar af leiðandi skal eingöngu nota vörur frá áreiðanlegum framleiðendum sem geta ábyrgst vörur sínar.

Glussi með slitvörn og háan seigjuvísi/lág rennslismörk, ISO VG 46

Efniseiginleikar:

Seigja, ASTM D445

cSt @ 40°C (104°F)
44 til 48

Seigjustuðull, ASTM D2270

140 eða hærrí


Glussi með slitvörn og háan seigjuvísi/lág rennslismörk, ISO VG 46 (cont'd.)

Rennslismark, ASTM D97

-37°C til +45°C

Forskriftir iðnaðarstaðla:

Eaton Vickers 694 (I-286-S,
M-2950-S/35VQ25 eða
M-2952-S)



g198718


Ath.: Margar gerðir glussa eru nánast litlausar og því erfitt að greina þær við leka. Rautt litarefni fyrir glussa er í boði í 20 ml flöskum. Ein flaska dugar fyrir 15 til 22 l af glussa. Pantið hlutarnr. 44-2500 frá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

Mikilvægt: Þolmikill, sérframleiddur og vistvænn glussi frá Toro er eini sérframleiddi, lífbrjótanlegi glussinn samþykktur af Toro. Slíkur glussi er samhæfur við gúmmilíkið sem er notað í vökvakerfum Toro og hentar til notkunar við ólík hitastig. Slíkur glussi er samhæfur við hefðbundnar jarðolíur. Hins vegar ætti að vökvakerfið vandlega með hefðbundnum glussa til að ná fram hámarks lífbrjótanleika og afköstum. Ólían fæst í 19 l fötum eða 208 l tunnum hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

Glussahæð könnuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepjið á vélina og takið lykilinn úr.
2. Kannið stöðu glussans ([Mynd 121](#)).



G031863

g031863

Mynd 121

Skipt um glussann

Viðhaldstími: Á 2.000 klukkustunda fresti—**Skiptið um glussann ef ráðlagður glussi er notaður.**

Á 800 klukkustunda fresti—**Skiptið um glussann þegar ráðlagður glussi var ekki notaður eða þegar fyllt var á geyminn með vökva af annarri gerð.**


Rúmtak glussa: 28,4 l

Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro ef glussinn mengast vegna þess að skola þarf kerfið. Mengaður glussi virðist mjólkurlitaður eða svartur þegar hann er borinn saman við hreina olíu.

1. Leggið sláttuvélinni á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Lyftið hlífinni.
3. Aftengið bakflæðisleiðslu hússins frá botni geymisins og látið glussann renna í stóra afrennslispönnu.
4. Setjið slönguna á þegar glussinn hættir að renna.
5. Fyllið á geyminn með glussa; sjá [Glussahæð könnuð \(síða 80\)](#).

Mikilvægt: Notið eingöngu tilgreinda glussa. Annar glussi getur valdið skemmdum á vökvakerfinu.


6. Setjið lokið á geyminn.
7. Snúið lyklinum í KVEIKTA stöðu til að gangsetja vélina. Notið vökvastjórnubúnaðinn til að dreifa glussa um kerfið og leitið eftir lekum.
8. Snúið lyklinum í SLÖKKA stöðu.
9. Athugið vökvahæðina og fyllið á þar til náð er upp í HÁMARK á olúkvarðanum. **Yfirfyllið ekki.**



Mynd 122

g201858

2. Skiptið um glussahleðslusú í vökvalyftihólfina eins og sýnt er á [Mynd 123](#).



G036709

g036709

Skript um glussasíur


Viðhaldstími: Á 1.000 klukkustunda fresti—**Ef ráðlagður glussi er notaður** skal skipta um glussasíu (fyrir ef vísir fyrir reglubundið viðhald er á rauða svæðinu).

Á 800 klukkustunda fresti—**Ef ráðlagður glussi var ekki notaður eða ef fyllt var á geyminn með glussa af annarri gerð** skal skipta um glussasíu (fyrir ef vísir fyrir reglubundið viðhald er á rauða svæðinu).

Notið síur frá Toro með hlutarnr. 94-2621 fyrir afturhluta (sláttueiningar) sláttuvélarinnar og hlutarnr. 75-1310 fyrir framhluta (hleðslu) sláttuvélarinnar.

Mikilvægt: Notkun annarrar síu getur ógilt ábyrgð tiltekinna íhluta.

1. Hallið sæti stjórnanda til að komast að þrýstisíu sláttuvélarinnar; sjá [Vökvalyftihólfíð opnað \(síða 62\)](#)



G031621

Mynd 123

g031621

3. Setjið sætið niður og festið það.

4. Skiptið um retúrsíu á hægri hlið sláttuvélarinnar (*Mynd 123*).
5. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í tvær mínútur til að lofttæma kerfið. Drepið á vélinni og leitið eftir leka.

Glussalagnir og slöngur skoðaðar

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Á tveggja ára fresti

Leitið daglega eftir lekum, beygluðum lögnum, lausum festingum, sliti, lausum tengjum, veðrun og tæringu af völdum íðefna á glussalögnum og slöngum. Framkvæmið nauðsynlegar viðgerðir áður en vinnuvélin er notuð.

⚠ VIÐVÖRUN


Glussi sem spýtist út undir þrýstingi getur rofið húð og valdið alvarlegum meiðslum.

- Leitið tafarlaust til læknis ef glussi sprautast undir húð.
- Gangið úr skugga um að allar vökvaslöngur og -leiðslur séu í góðu ásigkomulagi og að öll vökvatengi séu vel hert áður en þrýstingi er hleypt á vökvakerfið.
- Haldið líkama og höndum í öruggri fjarlægð frá hárfínnum leka eða stútum sem sprauta út glussa undir miklum þrýstingi.
- Notið bylgjupappa eða pappír til að finna glussaleka.
- Losið allan þrýsting af vökvakerfinu áður en unnið er við það.

Viðhald sláttubúnaðar

Sláttubúnaður fjarlægður


1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, lækkið sláttubúnað, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Aftengið og fjarlægið vökvamótorinn úr sláttubúnaðinum (*Mynd 124*). Hyljið efsta hluta spindilkúlunnar til að koma í veg fyrir mengun.



Mynd 124

1. Festiskrúfur mótors

3. Fjarlægið splittið (fyrir Groundsmaster 4500 sláttuvélar) eða festiróna (fyrir Groundsmaster 4700 sláttuvélar) sem festir grind sláttubúnaðar við snúningspinna lyftiarmsins (*Mynd 125*).



Mynd 125

1. Splitti
2. Snúningspinna lyftiarms

4. Rúllið sláttubúnaðinum undan sláttuvélinni.

Uppsetning sláttubúnaðar


1. Færið sláttubúnaðinn í rétta stöðu fyrir framan sláttuvélina.
2. Rennið grind sláttubúnaðar á snúningspinna lyftiarms (Mynd 125). Festið sláttubúnaðinn við pinnann með splittinu (fyrir Groundsmaster 4500 sláttuvélar) eða festirónni (fyrir Groundsmaster 4700 sláttuvélar).
3. Setjið vökvamótorinn á sláttubúnaðinn (Mynd 124). Gangið úr skugga um að O-hringurinn sé á sínum stað og óskemmdur.
4. Smyrjið spindilkúluna.

Viðhald framkeflis

Leitið eftir sliti, miklu skjögri eða hreyfiskerðingu á framkeflinu. Sinnið viðhaldi á eða skiptið um keflið eða íhlutina ef eitthvað af þessu á við.

Framkeflið tekið í sundur

1. Fjarlægið festibolta keflisins (Mynd 126).
2. Stingið úrreki í gegnum enda keflishússins og keyrið gagnstæða legu út með því að skipta um tappa á gagnstæðri hlið innir leguhings. 1,5 mm brún innri hrings ætti að sjást.



Mynd 126

- | | |
|---------------|---------------|
| 1. Framkefli | 3. Lega |
| 2. Festibolti | 4. Leguhólkur |

Framkeflið sett saman

1. Þrýstið fyrri legunni inn í keflishúsið (Mynd 126). Þrýstið eingöngu á ytri hringinn eða jafnt á innri og ytri hringinn.
 2. Stingið stöðuhólknum inn (Mynd 126).
 3. Þrýstið seinni legunni inn í keflishúsið (Mynd 126). Þrýstið jafnt á innri og ytri hringinn þar til innri hringurinn snertir stöðuhólkinn.
 4. Setjið keflissamstæðuna á grind sláttubúnaðar.
 5. Gangið úr skugga um að ekki sé meira en 1,5 mm bil á milli keflissamstæðu og keflisfestinga á grind sláttubúnaðar. Ef bilið er meira en 1,5 mm skal setja á nógu margar $\frac{5}{8}$ to. skinnur til að brúa bilið.
- Mikilvægt:** Ef bilið er meira en 1,5 mm þegar keflissamstæðan er fest á skapast hliðarhleðsla á legunni sem getur valdið ótímabærri bilun á legu
6. Herðið festiboltana í 108 N·m.

3. Ýtið seinni legunni út.
4. Leitið eftir skemmdum á keflishúsinu, legunum og leguhólknum (Mynd 126). Skiptið um alla skemmda íhluti og setjið þá saman.

Viðhald hnífa

Öryggi hnífa

- Leitið reglulega eftir slitum eða skemmdum á hnífnum.
- Sýnið aðgát við skoðun hnífanna. Vefjið hlífðarefni um hnífana eða klæðist hönskum og sýnið aðgát þegar unnið er við hnífana. Skiptið eingöngu um hnífa eða brýnið þá; reynið aldrei að rétta þá eða sjóða í þá.
- Þegar sláttuvél er með fleiri en einn hníf þarf að gæta að því að snúningur eins hnífs getur sett fleiri hnífa af stað.


Viðhald hnífsflatar

Sláttubúnaðurinn kemur úr verksmiðjunni með 5 cm sláttuhæð og 7,9 mm hnífsrákir. Hæðarmunur á vinstri og hægri er einnig forstilltur á $\pm 0,7$ mm.

Sláttubúnaðurinn er hannaður til að þola högg frá hnífum án þess að hólfíð beyglist. Ef hnífurinn slæst utan í harðan hlut skal leita eftir skemmdum á hnífnum og hnífsfletinum.

Skoðun hnífsflatar

- Fjarlægið vökvamótorinn af sláttubúnaðinum og sláttubúnaðinn af sláttuvélinni.
- Notið lyftibúnað (eða a.m.k. tvo einstaklinga) og komið sláttubúnaðinum fyrir á sléttu borði.
- Merkið annan enda hnífsins með tússpenna eða merkipenna. Notið þennan enda hnífsins til að athuga allar hæðir.
- Staðsetjið skurðarbrún merkta enda hnífsins í klukkan 12 stöðuna (beint áfram í sláttustefnu ([Mynd 127](#)) og mælið hæð frá borði að skurðarbrún hnífsins.




- Snúið merktum enda hnífsins í klukkan 3 og klukkan 9 stöðuna ([Mynd 127](#)) og mælið hæðirnar.
- Berið hæðina sem mæld var í klukkan 12 stöðunni saman við stillingu sláttuhæðar. Munurinn á að vera innan við 0,7 mm. Hæðirnar í klukkan 3 og klukkan 9 stöðunni eiga að vera 1,6 til 6,0 mm hærrí en stillingin í klukkan 12 stöðunni og innan við 2,2 mm frá hvor annarri.

Ef einhverjar af þessum mælingum eru ekki innan forskriftar skal halda áfram í [Stilling hnífsflatar \(síða 84\)](#).

Stilling hnífsflatar

Byrjið á stillingu að framan (breytið einni festingu í einu).

- Fjarlægið sláttuhæðarfestinguna (að framan, vinstra megin eða hægra megin) af grind sláttubúnaðar ([Mynd 128](#)).
- Komið fyrir 1,5 mm millileggjum og/eða 0,7 mm millileggjum á milli grindar og festingar sláttubúnaðar til að ná æskilegri hæðarstillingu ([Mynd 128](#)).



Mynd 128

- Sláttuhæðarfesting
- Millileggir

- Setjið sláttuhæðarfestinguna á grind sláttubúnaðarins með eftirstandandi millileggjum saman undir sláttuhæðarfestingunni.
 - Festið höfuðboltann/stöðuhólkinn og sjálfæsandi róna.
- Ath.:** Höfuðboltanum/stöðuhólknum er haldið saman með gengjulími til að stöðuhólkurinn detti ekki inn í grind sláttubúnaðarins.
 - Staðfestið hæð í klukkan 12 stöðunni og stillið ef þörf krefur.
 - Ákveðið hvort þurfi að stilla aðra eða báðar (hægri og vinstri) sláttuhæðarfestingarnar.

Ath.: Ef hæðin í klukkan 3 og klukkan 9 stöðunni er 1,6 til 6,0 mm hærrí en nýja hæðin að framan þarf ekki að gera neinar stillingar á þeirri hlið. Stillið hina hliðina á $\pm 2,2$ mm frá réttu hliðinni.

7. Stillið hægri og/eða vinstri sláttuhæðarfestinguna með því að endurtaka skref 1 til 4.
8. Festið burðarboltana og sjálfælæsandi rærnar.
9. Staðfestið hæðir í klukkan 12, klukkan 3 og klukkan 9 stöðunni.


Hnífur/hnífar sláttubúnaðar fjarlægðir og settir á

Skiptið um hníf ef hann slæst utan í harðan hlut, er úr jafnvægi eða beyglaður. Notið alltaf upprunalega hnífa frá Toro þegar skipt er um til að tryggja öryggi og hámarksafköst.

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, lyftið sláttubúnaðinum upp í flutningstöðu, setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.

Ath.: Skorðið af eða læsið sláttubúnaðinum til að hann falli ekki óvart niður.

2. Grípið um enda hnífsins með tusku eða þykkum hanska.
3. Fjarlægið bolta hnífsins, svarðarvarnarskálina og hnífinn af drifskafinu ([Mynd 129](#)).



Mynd 129

1. Bolti hnífs
2. Svarðarvarnarskál

4. Setjið hnífinn, svarðarvarnarskálina og bolta hnífsins á og herðið boltann í 115 til 149 N·m.

Mikilvægt: Sveigði hluti hnífsins þarf að vísa að innra byrði sláttubúnaðarins til að tryggja réttan slátt.

Ath.: Þegar hnífurinn slæst í aðskotahlut skal herða allar spindilrær í 115 til 149 N·m.


Skoðun og brýning á hníf/hnífum sláttubúnaðar

Huga þarf að tveimur svæðum við athugun og viðhald hnífa – bakkanum og skurðarbrúninni. Skurðarbrúnirnar og bakkinn, sem er hlutinn sem stendur upp úr andspænis skurðarbrúninni, stuðla að góðum skilvirkum slætti. Bakkinn er mikilvægur því að hann lyftir upp grasinu þannig að skurðurinn verði jafn. Bakkinn slitnar þó með tímanum. Eftir því sem bakkinn slitnar minnka gæði skurðarins þótt skurðarbrúnirnar séu enn beittar. Skurðarbrún hnífsins verður að vera beitt svo að grasið sé skorið frekar en rífið. Að öllum líkindum er skurðarbrúnin bitlaus þegar grasendarnir eru brúnir og rifnir. Brýnið skurðarbrúnirnar til að laga þetta ástand.

1. Leggið sláttuvélina á jafnsléttu, lyftið upp sláttubúnaðinum, setjið stöðuhemilinn á, setjið inngjafarfótstigið í HLUTLAUSA stöðu, setjið aflúttaksstöngina í SLÖKKTA stöðu, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Skoðið vandlega skurðarenda hnífsins, sérstaklega þar sem flati og sveigði hluti hnífsins mætast ([Mynd 130](#)).

Ath.: Þar sem sandur og gróft efni geta slitið málminn sem tengir flata og sveigða hluta hnífsins skal athuga hnífinn áður en sláttuvélin er notuð. Skiptið um hníf ef tekið er eftir sliti ([Mynd 130](#)).

Ath.: Takið hnífana af og brýnið þá með slípivél. Þegar skurðarbrúnirnar hafa verið brýndar skal setja hnífinn á, ásamt svarðarvarnarskálinni og bolta hnífsins; sjá [Hnífur/hnífar sláttubúnaðar fjarlægðir](#) og settir á (síða 85).




Mynd 130

- | | |
|----------------|----------------------|
| 1. Skurðarbrún | 3. Myndun slits/ráka |
| 2. Sveigja | 4. Sprunga |

3. Skoðið skurðarbrúnir allra hnífanna og brýnið þær sem eru bitlausar eða skörðóttar ([Mynd 131](#)).

Ath.: Brýnið aðeins efsta hluta skurðarbrúnarinnar og haldið upprunalegu skurðarhorni til að tryggja skerpuna ([Mynd 131](#)). Hnífurinn viðheldur réttu jafnvægi ef sama magn af málm er fjarlægt af báðum skurðarbrúnum.



Mynd 131

1. Brýnið eftir upprunalegu horni.

Geymsla

Öryggi við geymslu

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, unnið að viðhaldi og viðgerðum, hún þrífín eða sett í geymslu.
- Geymið ekki sláttuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.

Undirbúningur sláttuvélar fyrir geymslu

Mikilvægt: Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrifa sláttuvélina.

Dráttarvélina undirbúin

1. Þrifið vandlega dráttarvélina, sláttubúnaðinn og vélina.
2. Kannið þrýsting í hjólbörðum. Dælið 0,83 til 1,03 bar af lofti í hjólbörða dráttarvélarinnar.
3. Kannið hvort festingar hafi losnað og herðið þær eftir þörfum.
4. Smyrjið alla smurkoppa og snúningspunkta. Þurrkið af umframsmurefni.
5. Pússið með fínum sandpappír og blettið í lakkaða fleti sem hafa rispast, tærst eða flísast hefur úr. Gerið við beyglur á málmí.
6. Þjónustið rafgeyminn og kaplana eins og hér segir:
 - A. Fjarlægið kaplaskautin af rafgeymaskautunum.

Ath.: Aftengið alltaf mínusskautið fyrst og plússkautið síðast. Tengjið alltaf plússkautið fyrst og mínusskautið síðast.
 - B. Hreinsið rafgeyminn og skautin með vírbursta og matarsóðalausn.
 - C. Berið Grafo 112X-húðunardeiti (hlutarnúmer 505-47) eða vaselín á kaplaskautin og rafgeymaskautin til að koma í veg fyrir tæringu.
 - D. Endurhlaðið rafgeyminn hægt og rólega í sólarhring á 60 daga fresti til að hefta myndun blýsúlfats í rafgeyminum.


Vélina undirbúin

1. Tappið smurolíunni af olíupönnunni og skiptið um botntappa.

2. Takið olíusúna úr og fargið henni. Setjið nýja olíusúna í.
3. Fyllið aftur á olíupönnuna með uppgefnu magni af smurolíu.
4. Snúðið lyklinum í KVEIKTA stöðu, gangsetjið vélina og látið hana ganga í lausagangi í u.þ.b. 2 mínútur.
5. Snúðið lyklinum í SLÖKKTA stöðu.
6. Tappið eldsneyti af eldsneytisgeymi, leiðslum og eldneytissíu/vatnsskiljúsamstæðu.
7. Skolið eldsneytisgeyminn með nýju og hreinu díseldsneyti.
8. Herðið öll tengi eldsneytiskerfisins.
9. Hreinsið vandlega og þjónustið loftsúna.
10. Þéttið inntak loftsúna og útblástursúttak með veðurpolnu límbandi.
11. Athugið frostlöginn og fyllið á eftir þörfum samkvæmt mögulegum lágmarkshita á svæðinu.

Sláttubúnaður undirbúinn

Ef sláttubúnaðurinn er fjarlægður af dráttarvélinni í lengri tíma skal setja spindiltappa í efsta hluta spindilkúlanna til að ryk og vatn komist ekki að.



G036712
g036712

Mynd 132

1. Spindilkúluhjól
2. Spindiltappi

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Persónuverndaryfirlýsing fyrir EES/Bretland

Notkun Toro á persónuupplýsingum

Toro Company („Toro“) virðir rétt þinn til persónuverndar. Þegar þú kaupir vörur okkar kunnum við að safna vissum upplýsingum um þig, annaðhvort beint frá þér eða í gegnum fyrirtæki eða söluaðila Toro á þínu svæði. Toro notar þessar upplýsingar til að uppfylla samningsbundnar skyldur sínar – svo sem að skrá ábyrgðina þína, vinna ábyrgðarkröfur eða hafa samband við þig vegna innköllunar vöru – og í löglegum viðskiptatilgangi – svo sem að mæla ánægju viðskiptavina, bæta vörur okkar og bjóða upp á vöruupplýsingar sem þú kannt að hafa áhuga á. Toro kann að deila upplýsingunum þínum með dótturfyrirtækjum sínum, hlutdeildarfélögum sínum, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við kunnum einnig að birta persónuupplýsingar þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða í tengslum við sölu, kaup eða sameiningu fyrirtækisins. Við munum aldrei selja persónuupplýsingarnar þínar öðru fyrirtæki í markaðslegum tilgangi.

Geymsla persónuupplýsinga

Toro geymir persónuupplýsingarnar þínar eins lengi og við á samkvæmt tilganginum hér á undan og eins og krafist er samkvæmt lögum. Frekari upplýsingar um viðeigandi geymslutímabil er hægt að nálgast í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áhersla Toro á öryggi

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera unnar í Bandaríkjunum eða öðru landi þar sem gagnaverndarlög kunna að vera rýmri en í þínu heimalandi. Þegar við flytjum upplýsingarnar þínar út fyrir heimaland þitt munum við grípa til aðgerða, sem krafist er samkvæmt lögum, til að tryggja að gripið sé til viðeigandi öryggisráðstafana til að verja upplýsingarnar þínar og tryggja að þær séu meðhöndlaðar á öruggan máta.

Aðgangur og leiðrétting

Þú kannt að hafa rétt til að leiðrétta eða fara yfir persónuupplýsingarnar þínar eða hafna eða takmarka vinnslu þeirra. Hafðu samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com til að gera það. Ef þú hefur áhyggjur af því hvernig Toro fer með upplýsingarnar þínar hvetjum við þig til að hafa beint samband við okkur. Hafðu í huga að Evrópubúar geta sent kvörtun til gagnaverndaryfirvalda.

Upplýsingar um viðvörun vegna tillögu 65 í Kaliforníu (California Proposition 65)

Hvaða viðvörun er þetta?

Mögulega sérðu vöru til sölu með viðvörunarmerkingu á borð við eftirfarandi:



VIÐVÖRUN: Hætta á krabbameini og skaða á æxlunarfærum –
www.p65Warnings.ca.gov.

Hvað er tillaga 65?

Tillaga 65 nær til allra fyrirtækja sem starfa í Kaliforníu, selja vörur í Kaliforníu eða framleiða vörur sem kunna að vera seldar eða keyptar í Kaliforníu. Samkvæmt henni skal ríkisstjóri Kaliforníu viðhalda og birta lista yfir íðefni sem vitað er að valdi krabbameini, fæðingargöllum og/eða öðrum æxlunarskaða. Listinn er uppfærður árlega og inniheldur hundruð íðefna sem finna má í mörgum hversdagslegum hlutum. Tilgangur tillögu 65 er að upplýsa almenning um váhrif þessara íðefna.

Tillaga 65 bannar ekki sölu vara sem innihalda þessi íðefni en krefst þess í stað að viðvaranir séu settar á vörur, vöruumbúðir eða fylgiskjöl viðkomandi vara. Enn fremur gefur viðvörun á grunni tillögu 65 ekki til kynna að vara brjóti gegn öryggisstöðlum eða -kröfum vara. Yfirvöld Kaliforníu hafa í raun útskýrt að viðvörun á grunni tillögu 65 jafngildi ekki ákvörðun á grunni reglugerða um hvort vara er „örugg“ eða „öörugg“. Mörg þessara íðefna hafa verið notuð í hversdagslegum vörum um árabíl án skráðs skaða. Frekari upplýsingar er að finna á <https://oag.ca.gov/prop65/faqs-view-all>.

Viðvörun á grunni tillögu 65 þýðir að fyrirtæki hefur annaðhvort (1) metið váhrifin og komist að þeirri niðurstöðu að hættustig sé hverfandi; eða (2) hefur valið að birta viðvörunina vegna þess að íðefni af listanum er til staðar án þess að váhrifin hafi verið metin.

Gilda þessi lög alls staðar?

Viðvaranir á grunni tillögu 65 eru eingöngu áskildar samkvæmt lögum Kaliforníu. Þessar viðvaranir er að finna víðs vegar um Kaliforníu, í mismunandi samhengi, þar á meðal en ekki takmarkað við á veitingastöðum, kjörbúðum, hótélum, skólum og spítölum og á ýmis konar vörum. Við þetta bætist að sumar netverslanir og vörulistaverslanir birta viðvaranir á grunni tillögu 65 á vefsvæðum sínum og í vörulistum.

Hvernig standa viðvaranir Kaliforníu í samanburði við mörk í landslögum?

Staðlar tillögu 65 eru oft mun strangari en í landslögum og alþjóðlegum stöðlum. Ýmis efni krefjast viðvörunar á grunni tillögu 65 í mun minni styrk en krafist er samkvæmt bandarískum landslögum. Til dæmis eru mörk tillögu 65 fyrir viðvörun vegna blýs 0,5 µg/dag, sem er mun lægra en samkvæmt bandarískum landslögum og alþjóðlegum stöðlum.

Af hverju bera ekki allar sambærilegar vörur viðvörunina?

- Vörur sem seldar eru í Kaliforníu þarf að merkja samkvæmt tillögu 65 á meðan ekki þarf að merkja sambærilegar vörur sem seldar eru annars staðar.
- Fyrirtæki sem nær samkomulagi vegna málsóknar á grunni tillögu 65 þarf mögulega að merkja vörur sínar með viðvörunum á grunni tillögu 65 en önnur fyrirtæki sem framleiða samsvarandi vörur þurfa þess ekki.
- Ekki er samræmi í því hvernig tillögu 65 er framfylgt.
- Fyrirtæki kunna að sleppa því að nota þessar viðvaranir vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telja sig ekki þurfa þess samkvæmt tillögu 65; það að vara sé ekki með viðvörun merkir ekki að viðkomandi vara sé án þeirra íðefna og í þeim styrk sem listinn segir til um.

Af hverju notar Toro þessa viðvörun?

Toro hefur kosið að veita neytendum eins miklar upplýsingar og hægt er til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vörurnar sem þeir kaupa og nota. Toro notar þessar viðvaranir í tilteknum tilvikum vegna þess að það veit af tilvist eins eða fleiri skráðra íðefna án þess að leggja mat á váhrif, þar sem ekki fylgja öllum skráðum íðefnum upplýsingar um váhrifamörk. Þótt váhrif af völdum vara frá Toro kunni að vera hverfandi eða langt innan þeirra marka sem segja til um hverfandi hættu hefur Toro ákveðið að kjósa frekar meiri aðgát en minni og valið að nota viðvaranir á grunni tillögu 65. Enn fremur skal hafa í huga að ef Toro birtir ekki þessar viðvaranir kann það að verða lögsótt af Kaliforníuríki eða einkaaðilum sem framfylgja vilja tillögu 65 og gert að greiða umtalsverðar sektir.



Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára eða 1500 vinnustunda ábyrgð

Skilmálar og ábyrgðar vörur

Toro Company ábyrgist gagnvart þér að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð gerum við við vöruna þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notandahandbókinni*. Viðgerðir á vörunni vegna vandamála sem rekja má til þess að nauðsynlegt viðhald eða stillingar voru ekki framkvæmdar falla ekki undir ábyrgðina.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Ógallaðra varahluta. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, keflir, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbarðar, síur, reimar og tiltekni úðarafhlutir á borð við himnur, stúta, straummæla og einstefnuloka.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreininda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða íðefna.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, dísilólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.
- Eðlilegs hávaða, titrings, slits og tæringar. Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarfjöldi kílóvattstunda sem þær geta afkasta út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlaðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Athugið: (Eingöngu Li-ion rafhlaða): Frekari upplýsingar er að finna í ábyrgð rafhlöðunnar.

Ábyrgð á sveifarás út endingartíma (eingöngu ProStripe 02657-gerð)

ProStripe, sem er með núningsdisk frá Toro og hemlatengsli fyrir hnif til að tryggja öryggi við gangsetningu (sambyggð hemlatengsli fyrir hnif + núningsdiskur) sem upprunalegan búnað, notað af upprunalegum kaupanda í samræmi við ráðlagða notkun og viðhald, er í ábyrgð gagnvart bognum sveifarás út endingartímann. Vinnuvélar sem eru með núningsskinnum, hnífahemlatengslaeiningum og öðrum slíkum búnaði falla ekki undir ábyrgð á sveifarási út endingartímann.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivöskvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Athugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagráði Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgi vörunni eða er að finna í fylgiskjólum vélarframleiðanda.